

ÁGRIPABÓK OG DAGSKRÁ

Þjóðarspegillinn XXII

Ráðstefna í félagsvísindum

Rafræna útgáfu ágrípabókar má finna hér:
<https://thjodarspegillinn.hi.is/>

Orð frá sviðsforseta Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands



Það er ánægjulegt að geta loksins haldið Þjóðarspegilinn á ný í salarkynnum Háskóla Íslands eftir að hafa haldið tvær ráðstefnur nær alfarið rafrænt vegna heimsfaraldurs. Í ár hefjum við ráðstefnuna á fimmtudegi með tveimur inngangsfyrirlestrum um félagslega nýsköpun, pallborðsumræðum og þiggjum léttar veitingar að því loknu.

Með vali á opunarfyrirlestrum í ár vörpum við kastljósinu á félagslega nýsköpun sem svo margt félagsvísindafólk fæst við í dag þó fáir noti það hugtak yfir rannsóknir sínar og samvinnu við samfélagið.

Nokkrar skilgreiningar eru notaðar yfir hugtakið félagsleg nýsköpun. Ef við leggjum út frá skilgreiningu Sarah A. Soule, Neil Malhotra og Bernadette Clavier er ljóst að félagsleg nýsköpun nær til mikið af því ágæta rannsóknarstarfi sem íslenskt félagsvísindafólk stundar með af mikilli þryði. Samkvæmt Soule og félögum þá er samfélagsleg nýsköpun ekki einkamál eða forréttindi tiltekinna skipulagsheilda eða geira samfélagsins heldur er samfélagsleg nýsköpun hver þau ferli sem fela í sér að þróa og miðla lausnum á oft kerfislægum áskorunum samfélags og umhverfis og stuðla þannig að félagslegum framförum.

Þjóðarspegillinn er nú haldinn í tuttugasta og þriðja sinn. Árið 1994 stóðu félagsvísinda-deild og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands að fyrstu ráðstefnu Þjóðarspegilsins. Síðar bættist lagadeild við. Allar deildir Félagsvísindasviðs hafa staðið að ráðstefnunni frá árinu 2008. Friðrik H. Jónsson, prófessor í sálfræði og fyrrum forstöðumaður Félagsvísindastofnunar og Ingjaldur Hannibalsson prófessor í viðskiptafræði og fyrrum deildarforseti Viðskiptafræðideildar voru helstu hvatamenn fyrstu ráðstefnu Þjóðarspegilsins.

Ráðstefnan hefur borið nafnið Þjóðarspegillinn frá árinu 2006 og er orðin veigamikill vettvangur fyrir kynningar á íslenskum rannsóknum í félagsvísindum.

Frá því að ráðstefna Þjóðarspegilsins var haldin fyrst, hefur verið lögð mikil áhersla á að hún væri ekki aðeins vettvangur fyrir fræðafólk að ræða hvert við annað heldur einnig vettvangur fyrir virkt samtal félagsvísindanna við samfélagið utan veggja háskólanna. Þetta hefur tekist vel því sérfræðingar í félagsvísindum hafa nú í nokkra áratugi verið í mjög góðu

og virku samtali við hagsmunaaðila í samfélaginu. Eins og dagskrá ráðstefnunnar í ár ber glöggvitni er mikil gróska í rannsóknum í félagsvísindum. Flestar eiga þessar rannsóknir beint og ekki síður brýnt erindi við íslenskt samfélag. Í samræmi við stefnu HÍ um aukinn sýnileika og virkara samtal fræðanna við samfélagið var ákveðið að ráðast í það verkefni að vinna markvisst að því að auka sýnileika rannsókna í félagsvísindum og stuðla að virkari samvinnu við samfélagið. Þetta verður gert með því að víkka út hlutverk Þjóðarspegilsins þannig að hugtakið vísi ekki einvörðungu til ráðstefnu sem haldin er einu sinni á ári heldur til vettvangs samtals félagsvísinda við samfélagið allt árið um kring. Ráðstefnan verður þá hluti af Þjóðarspeglinum, sem í heild nær yfir umfangsmeiri miðlun og kynningu á rannsóknum félagsvísinda. Vefsíða Þjóðarspegilsins mun breytast í nóvember í samræmi við þessa breyttu áherslu.

Félagsvísindastofnun hefur frá upphafi haft umsjón og skipulagt ráðstefnu Þjóðarspegilsins í samvinnu við annað gott starfsfólk sviðsins. En ráðstefnan verður ekki að veruleika ef ekki væri fyrir þátttöku fyrirlesara, málstofustjóra og annarra góðra gesta. Ég vil þakka öllum sem koma að ráðstefnunni fyrir þeirra góðu vinnu.

Þegar ég lít yfir dagskrána framundan og öll þau áhugaverðu erindi sem eru í boði þá fyllist ég bjartsýni og veit að framtíð félagsvísinda á Íslandi mun halda áfram að þróast og dafna sem aldrei fyrr.

Eigið góðar stundir.

Stefán Hrafn Jónsson, forseti Félagsvísindasviðs

Dagskrá 27. október	7
Dagskrá 28. október ¹	9
Afbrot, ofbeldi og löggæsla I	18
Ójöfnuður og vinnumarkaður	22
Ferðamál	27
Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar	32
Nýsköpun og sjálfbærni	37
Þjóðsagnir og menningararfur I	42
Heilbrigði og velferð	47
Efnahagsmál og samfélag	52
Afbrot, ofbeldi og löggæsla II	57
Atvinnulíf, kyn og samfélagsleg þátttaka	60
Lög og bókmenntir	64
Fjölbreytileiki og vinnumarkaður	67
Börn og ungt fólk	71
Þjóðsagnir og menningararfur II	76
Stjórnun, markaðsfræði og alþjóðastjórnsmál	80
Stjórnun og nýsköpun	85
Covid-19, tónlist, tækni og samfélag	89
Ójöfnuður og félagsleg lagskipting	94
Mannauðsmál og stjórnun	99

Velferð og þjónusta	105
Menntun, nám og skólakerfið	109
Stjórnun, atvinnulíf og rannsóknaraðferðir	114
Loftslag og umhverfi	118
Fjölbreytileiki, ójöfnuður og heimsmarkmiðin	123
Jöfnuður í tækifærum til menntunar og lífsgæða	129
Hvernig börn, hvernig foreldrar?	133
Fjarnám á háskólastigi	137
Gömul saga og ný: þjóðfræðiefni í feminísku ljósi	141
Þjónustustjórnun	147
Samfélagsmiðlar og unglingar	153
Samlífi fólks og örvera í daglegu lífi	157
Upplýsingafræði í almannahag	161
Sjálfbærni	165
Þátttakendur	167
Byggingar og stofur HÍ	172

Hádegisfyrirlestur í Grósku¹ í aðdraganda Þjóðarspegils

12:00 Stuart Cunningham, er ástralskur fræðimaður, sem er best þekktur fyrir rannsóknir sínar á og kenningar um menningu og skapandi greinar. Nánar um viðburðinn á [heimasíðu Háskóla Íslands](#).

Opnunardagskrá, hátíðarsalur aðalbyggingar

16:00 Stefán Hrafn Jónsson, forseti Félagsvísindasviðs, opnar ráðstefnuna

16:05 Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra, ávarp

16:20 Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor, opunarerindi

16:40 Stefan C. Hardonk, dósent, opunarerindi

17:00 Hvert er hlutverk og framlag félagsvísinda til samfélagslegrar nýsköpunar?

Pallborðsumræður, Magnús Þór Torfason, dósent, stýrir umræðum.

Í pallborði verða: Steinunn Hrafnisdóttir, Stefan C. Hardonk, Ásdís Halla Bragadóttir, ráðuneytisstjóri í háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytinu og Rúnar Björn Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar.

17:30 Léttar veitingar í anddyri Aðalbyggingar til 19:00

Hægt verður að fylgjast með [streymi](#) frá opnunardagskrá Þjóðarspegilsins.

¹Fyrirlestrasalurinn er ská á móti stóra gróðurveggnum á jarðhæð Grósku.

Opnunarerindi

Að gera heiminn betri? Samfélagsleg nýsköpun og félagsvísindi

Steinunn Hrafnadóttir

Prófessor og forsvarskona Vaxandi miðstöðvar um samfélagslega nýsköpun

Í erindinu verður fjallað um samfélagslega nýsköpun út frá fræðilegu sjónarhorni. Þeirri spurningu verður velt upp hvert framlag og hlutverk félagsvísinda eigi að vera til slíkrar nýsköpunar. Efnið verður tengt fjórþáttalíkani nýsköpunar (Quadruple Helix Model) og samfélagslegu gildi háskóla. Einnig verður hugað að þeim þáttum sem verða að vera fyrir hendi til að slík samfélagsleg nýsköpun verði eðlilegur þáttur í starfi Háskóla. Nefndar verða ólíkar leiðir sem félagsvísindin geta farið í átt að þessu markmiði og hvert hlutverk fræðafólks er í þessum efnum.




Samstarfsverkefni um nýsköpunarvirkni fatlaðs fólks: hugleiðingar um samfélagslega nýsköpun

Stefan Celine Hardonk

Dósent í fötlunarfræði og formaður Félags um nýsköpunarvirkni fatlaðs fólks

Árið 2020 hófst rannsóknarverkefni sem hafði það að markmiði að kanna möguleika fyrir fatlað fólk til þátttöku í nýsköpun. Annað hvort með því að fatlað fólk þróaði sínar eigin hugmyndir eða með því að það tæki þátt í verkefnum annarra frumkvöðla. Í kjölfarið var unnið með hagsmunaaðilum að mótnun tillagna að samstarfsverkefni sem styður við þátttöku fatlaðs fólks í nýsköpun. Það var gert með því að tengja saman fatlað fólk, frumkvöðla, stuðningsúrræði á vinnumarkaði og hagsmunasamtök á sviði fötlunar og nýsköpunar. Í fyrirlestrinum fjallar Stefan um reynslu sína af verkefninu og ræðir meðal annars þau tækifæri sem rannsakendur í félagsvísindum hafa á sviði samfélagslegrar nýsköpunar, mótnun samstarfs við samfélagsaðila ásamt því að fjalla um áskoranir í nýsköpunarferlinu. Lærdómur af framkvæmd verkefnisins er hugsaður sem innlegg inn í umræðu fræðafólks og samfélagsaðila um félagslega nýsköpun og hlutverk háskólans í þeirri nýsköpun.



Málstofur 9:00–10:40

	Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
	Afbrot, ofbeldi og löggæsla I	HT-102
9:00	Netglæpir: Tegundir, þróun og reynsla Íslendinga	Jónas Orri Jónasson, Helgi Gunnlaugsson
9:20	Tengsl uppruna íslenskra unglunga við afskipti lögreglu og skólayfirvalda	Margrét Valdimarsdóttir
9:40	Félagslegar rætur siðrofs í íslenskum samtíma	Jón Gunnar Bernburg, Sigrún Ólafsdóttir, et.al.
10:00	Kvenmorð og óbeinir þolendur þeirra	Freydís Jóna Freysteinsdóttir
10:20		
	Ójöfnuður og vinnumarkaður	O-101
9:00	„Frelsi til að láta gott af sér leiða“: Upplifun kvenna af erlendum uppruna á frumkvöðlastarfsemi á Íslandi	Póra H. Christiansen, Erla Sólveig Kristjánsdóttir
9:20	Staða kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði	Berglind Hólm Ragnarsdóttir
9:40	Eru störf kvenna minna virði en karla? - Jafnlaunavottun og launamunur kynja	Ragna Kemp Haraldsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, et.al.
10:00	Konur í sjávarútvegi eru eins og súrefni til fjalla, því ofar sem þú ferð því minna er af þeim	Asta Dis Oladottir
10:20	Er þetta ekki bara útlendingur eða?”	Póra Lind Halldórsdóttir, Erla Sólveig Kristjánsdóttir, et.al.
	Ferðamál	O-202
9:00	The value of rural tourism lifestyle entrepreneurs (TLEs) for community wellbeing and destination development: a critical engagement	Magdalena Falter [§]
9:20	Lífstílsfrumkvöðlar í ferðaþjónustu – áskoranir á tímum breytinga	Ingibjörg Sigurðardóttir
9:40	Vöktun á upplifun ferðamanna á áfangastöðum Vörðu	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
10:00	Responsible Island Tourism/Ábyrg eyjaferðaþjónusta	Ása Marta Sveinsdóttir, Laufey Haraldsdóttir
10:20	Kvikmyndaferðaþjónusta á Íslandi: Tækifæri til nýsköpunar?	Vera Vilhjálmisdóttir
	Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar	O-201
9:00	Umfjöllun íslenskra vefmiðla um alþingiskosningar	Guðbjörg Hildur Kolbeins
9:20	Nýjar áskoranir í pólitískri boðmiðlun	Birgir Guðmundsson
9:40	Þróun afstöðu Íslenskra blaðamanna til siðferðilegra álítamála	Fridrik Thor Gudmundsson
10:00	FUNCTIONS OF þú veist / þúst / þst IN ICELANDIC TWITTER	Lars Lundsten
10:20	Media System Boundaries and Cross-Border Propaganda Loops: Narrative alignment and content-sharing among domestic hyperpartisan and foreign state media	Gordon Neil Ramsay

[§] doktorsnemi.

¹Málstofum þann 28. október er ekki streymt.

Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
Nýsköpun og sjálfbærni	L-102
9:00 Áhrif Tækniþróunarsjóðs: bætt kolefnisspor og aukin sjálfbærni	Gunnar Óskarsson, Guðjón Helgi Egilsson
9:20 Nýsköpunarklemman í notendasamfélögum leikjaspilara	Magnús Torfason, Ana Orelj
9:40 It's the people: Friends in pixels as motivation to contribute to community innovation initiatives	Ana Orelj [§] , Magnús Torfason
10:00 Barriers for the adoption of new technologies: an organizational perspective on using hydrogen fuel cells in shipping	Mauricio Latapí
10:20 Reynsla stjórnenda af innleiðingu sjálfbærni í stefnu stofnana	Ebba Margrét Skúladóttir, Ásdís Emilsdóttir Petersen
Þjóðsagnir og menningararfur I	HT-103
9:00 Ferðast á milli heima: Af Vesturheimsferðalögum fólks og forneskju	Eiríkur Valdimarsson
9:20 Trees, cable boxes and garden walls: everyday objects as the loci of place attachment in urban landscape	Vitalina Ostimchuk
9:40 Skynrænar aðferðir og gildi sögulegs borgarlandslags.	Snjólaug G Jóhannesdóttir [§] , Ólafur Rastrick
10:00 Aðdráttarafi þess sem eftir stendur. Staðartengsl og arfleifð í þéttbýli.	Anna Sigríður Melsteð
10:20 Flökkusögur flytjenda: Þau sem flytja í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins	Þóroddur Bjarnason
Heilbrigði og velferð	O-106
9:00 Lífsánægja og líkamspýngdarstuðull: virði þess að vera í óskáþyngd og samspil þess við þyngd maka	Kristjana Baldursdóttir [§] , Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, et.al.
9:20 Labour market consequences of an early-onset disability: the case of cerebral palsy	Derek Asuman [§] , Ulf-G Gerdtham, et.al.
9:40 Lífsánægja og verkaskipting innan heimilisins	Anna Guðrún Ragnarsdóttir [§] , Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, et.al.
10:00 Greiðsluvilji einstaklinga til að sleppa undan samfélagslegum aðgerðum í Covid-19 faraldrinum	Hjördís Harðardóttir, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
10:20 Hvaða áhrif hafa ytri aðstæður á sambandið milli tekna og velferðar?	Guðrún Svavarsdóttir [§] , Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Efnahagsmál og samfélag	O-206
9:00 Öldrun íslenska hagkerfisins	Gylfi Magnússon
9:20 Víðfeðmi örlánastofnanna	Sigurður Guðjónsson
9:40 Migrants navigating the Icelandic financial landscape	Anna Wojtyńska, Már Wolfgang Mixa
10:00 Discards and High-grading in the Icelandic ITQ system; A case control study of on-board vs on-land monitoring of catch	Birgir Runólfsson, Daði Kristófersson
10:20 Jafnvægi velferðar og valddreifingar í samkeppnisrétti	Haukur Logi Karlsson

[§] doktorsnemi.

Kynning á veggspjöldum 10:40–11:00

Veggspjöldin verða kynnt af höfundum á Félagsvísindastofnun, Gimli, 2. hæð.

Málstofa/Erindi Sjálfbærni	Stofa/Flytjandi Félagsvísindastofnun
10:40 Corporate Social Responsibility Influencing Sustainability within the Fashion Industry. A Systematic Review	Thorey S Thorisdottir [§] , Lara Johannsdottir
Heritage attachment in the urban terrain: Everyday encounters with places of the past	Ólafur Rastrick

[§] doktorsnemi.

Veggspjöldin verða til sýnis yfir daginn og hægt að kíkja við, skoða veggspjöldin, og fá sér kaffi.

Málstofur 11:00–12:40

Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
Afbrot, ofbeldi og löggæsla II	HT-102
11:00 „Ég ætla aldrei aftur í samfélagsþjónustu“ Upplifun, reynsla og afstaða einstaklinga í samfélagsþjónustu	Brynja Rós Bjarnadóttir
11:20 „Draumastaður“ og önnur úrræði til að hverfa úr vændi	Gyða Margrét Pétursdóttir, Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir
11:40 Búsetuaðstæður fyrrum fanga á Íslandi: Stuðningur til betrunar	Elsa Dögg Lárusdóttir
12:00	
12:20	
Atvinnulíf, kyn og samfélagsleg þátttaka	Ág-422
11:00 Söguleg fjarvera og hulinn atbeini. Ákall um sögu athafnakvenna með áherslu á textíl	Laufey Axelsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir
11:20 Með lífið í lúkunum - handverksþekking á óvissutímum	Soffía Valdimarsdóttir [§] , Svanborg R. Jónsdóttir
11:40 Kynjað óöryggi og stjórnarfyrikomulagi misréttis í starfsþróun doktora	Finnborg Steinþórsdóttir
12:00 Samfélagsleg þátttaka íbúa á Vestfjörðum	Svava Þorsteinsdóttir, Arndís Dögg Jónsdóttir
12:20	
Lög og bókmenntir	L-101
11:00 Eiga bókmenntir heima í Lögbergi	Hafsteinn Þór Hauksson
11:20 Sek eða saklaus?	Guðrún Steinþórsdóttir
11:40 „Er það raunverulegt nafn yðar?“ Rýnt í réttarhöld ásamt Jósef K.	Ástráður Eysteinnsson
12:00 Hvar skarast heimsbókmenntirnar og lögræðin?	Jón Karl Helgason
12:20	
Fjölbreytileiki og vinnumarkaður	O-101
11:00 Einelti meðal jaðarsettra hópa á íslenskum vinnustöðum	Maya Staub, Ásta Snorradóttir, et.al.
11:20 Aldursfordómar á vinnumarkaði	Kari Kristinsson
11:40 Sjálfböðavinna og tækifæri til þátttöku án aðgreiningar fyrir fólk með þroskahömlun	Stefan C. Hardonk, Line Melbøe
12:00 Hversvegna velja leikskólakennarar að kenna í grunnskólum frekar en leikskólum?	Kristín Dýrfjörð
12:20	
Börn og ungt fólk	L-102
11:00 Þátttaka barna í ákvörðunum um sérstakan stuðning innan grunnskóla	Hervör Alma Árnadóttir, Sigrún Harðardóttir
11:20 Úttekt á notagildi Málavogar: málafjöldi og álag á starfsfólk í barnavernd.	Kjartan Ólafsson, Halldór Sigurður Guðmundsson
11:40 Lífsréttindi og hefðbundin réttindi barna: Börn sem velja að flytja í Ghana	Þóra Björnsdóttir [§]
12:00 The effect on health care utilisation by the transition into adult health care – the case of cerebral palsy	Johan Jarl, Darina Steskal
12:20 Child protection in armed conflict: Child-Friendly Spaces by Save the Children Iceland in South Kivu, Democratic Republic of Congo	Geir Gunnlaugsson

[§] doktorsnemi.

Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
Þjóðsagnir og menningararfur II	HT-103
11:00 "Þær finna að þær eru öðruvísi en hinar kindurnar Rannsókn á viðhorfum til forystufjár	Guðlaug Bergsveinsdóttir
11:20 Örnefni, sagnir og sambúð manns og náttúru	Jón Jónsson
11:40 Hvað táknar hún nú?: slóð fjallkonunnar inn í samtímann	Anna Karen Unnsteins, Kristinn Schram, et.al.
12:00 Omamori: Gildi Verndargripa í Japanskri menningu	Gunnella Þorgeirsdóttir
12:20	
Stjórnun, markaðsfræði og alþjóðastjórnsmál	O-106
11:00 Krísa KSÍ frá 2021 og krístjórnunin metin ári síðar.	Jón Snorri Snorrason
11:20 Verkefnastjórnun í byggingariðnaði	Unnur María Harðardóttir, Eðvald Möller
11:40 Stafræn umbreyting	Eðvald Möller, Úlfar Ragnarsson
12:00 Íslensk fyrirtæki og nýting þeirra á persónugögnum	Sigrún Ellertsdóttir, Ragnar Vilhjálmsson
12:20 Weaponising Conspiracy Theories	Eiríkur Bergmann
Stjórnun og nýsköpun	O-202
11:00 Upphaf, þróun og einkenni á frumkvöðlasetrum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands	Runólfur Smári Steinþórsson
11:20 Nýsköpun stúdenta er allra mál	Agnar Logi Kristjánsson, Runólfur Smári Steinhórsson
11:40 X-faktorinn við opna nýsköpun á vöruþróunarferlinu. Rannsókn á tilurð og mótun opinnar nýsköpunar á vöruþróunarferlinu í tveimur leiðandi fyrirtækjum.	Stella Stefánsdóttir [§] , Runólfur Smári Steinhórsson
12:00 Viðhorf til sviðsmyndagerðar og framsýni sem hluta af stefnumótun	Karl Friðriksson [§] , Runólfur Smári Steinhórsson
12:20	
Covid-19, tónlist, tækni og samfélag	L- 201
11:00 Áhrif COVID-19 faraldursins á vinnuaðstæður starfsfólks íslenskra sveitarfélaga	Hjördís Sigursteinsdóttir
11:20 Hvaða áhrif höfðu hömlur vegna Covid-19 á félagslegan stuðning á vinnustöðum grunnskólakennara á Íslandi?	Fjóla Karlsdóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir
11:40 „Feitir bólkar á palli“: Samanburður á tónlistarsamfélögum Íslands og Færeyja	Arnar Eggert Thoroddsen
12:00 Social Magic A theoretical application	Viðar Halldórsson
12:20 Cyborg Biopower: Smart Devices in Iceland	Marcello Milanezi [§]

[§] doktorsnemi.

Málstofur 13:00–15:00

Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
Ójöfnuður og félagsleg lagskipting	O-201
13:00 Láglaunakonur, vellíðan og velferðarkerfið á Íslandi	Maya Staub, Berglind Hólm Ragnarsdóttir
13:20 Áhrif auðmagns á viðhorf til ójafnaðar og velferðarkerfisins	Sigrún Ólafsdóttir, Jón Gunnar Bernburg
13:40 Húsnæðismarkaðurinn frá sjónarhóli mannréttinda	Kári Hólmar Ragnarsson
14:00 “Nomads” or not “Nomads”? Critically addressing Roma housing segregation in Rome (Italy)	Marco Solimene
14:20 Stéttaorðræða í íslenskum fjölmiðlum	Guðmundur Oddsson
14:40	
Mannauðsmál og stjórnun	O-101
13:00 Forvarnir kulnunar í starfi. Hvaða áhrifaþættir á vinnustað skipta mestu máli?	Sigrún Gunnarsdóttir
13:20 Líðan mannauðsfólks á Íslandi	Edda Björg Sigmarsdóttir, Svala Guðmundsdóttir, et.al.
13:40 Reynsla starfsmanna Íslandspósts af innanhúsmarkþjálfun og líðan þeirra í starfi	Helga Kolbrún Magnúsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir
14:00 Einkenni árangursríkra staðfunda, fjarfunda og blandaðra funda	Dagbjört Una Helgadóttir, Arney Einarisdóttir
14:20 Áhrif þjálfunar, þróunar, frammistöðumats og starfsmanna-samtala á viðhorf, upplifun og hegðun starfsfólks	Heiður Ósk Pétursdóttir, Arney Einarisdóttir
14:40 Áherslur vettvangsstjóra í stjórnun aðgerða á vettvangi og hugmyndafræði þjónandi forystu	Ástvaldur Helgi Gylfason, Sigrún Gunnarsdóttir
Velferð og þjónusta	O-202
13:00 Hvað skýrir hlut félagasamtaka í uppbyggingu þjónustu við fatlað fólk á 20 öld? Niðurstöður sögulegrar greiningar	Ómar Kristmundsson
13:20 Hver sinnir eldri borgurum - hafa orðið breytingar á því hver veitir þjónustu?	Sigurveig H Sigurðardóttir
13:40 Fjölbjóðlegar matslistar um styrk- og veikleika eldra fólks - 60 ára og eldri.	Halldór Sigurður Guðmundsson
14:00 Seigla samfélaga í kjölfar Eyjafjallajökulgossins 2010 – sýn íbúa á félagslegan stuðning í bataferli og enduruppbyggingu	Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir [§] , Guðrún Gísladóttir, et.al.
14:20	
14:40	
Menntun, nám og skólakerfið	ÁG-422
13:00 Að mæla lestur: lestrarmenning og talnavæðing	Anna Söderström [§]
13:20 Hvað gera mannfræðingar?	Sveinn Guðmundsson
13:40 Háskóli í þágu lýðræðis	Sigurður Kristinsson
14:00 Towards parity in higher education: Gendered determination of university expectation among school attending adolescents in Bissau, Guinea-Bissau.	Jon Edmund Bollom [§] , Aladje Baldé, et.al.
14:20 Risk-Taking Behaviour Among Business Students. Is there a difference between Icelandic and Polish students?	Verena Karlsdóttir [§] , Aleksandra Cykowska
14:40	

[§] doktorsnemi.

Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
Stjórnun, atvinnulíf og rannsóknaraðferðir	L-102
13:00 Rafrænir aðalfundir	Throstur Olaf Sigurjonsson, Audur Arna Arnardóttir, et.al.
13:20 Eru fyrirtæki og stjórnendur sem iðka siðferðilega forystu að ná betri árangri?	Páll Ingi Jóhannesson, Haraldur Daði Ragnarsson
13:40 „Eftir þessu rími verða mennirnir að stíga dans lífsins“: Guðmundur Finnbogason og fyrsta íslenska stjórnunarkenningin	Njörður Sigurjónsson
14:00 Framsetning fylgnifylkja	Helgi Tómasson
14:20	
14:40	
Loftslag og umhverfi	HT-103
13:00 Að breyta mataræði heillar þjóðar í þágu umhverfis	Auður Viðarsdóttir [§]
13:20 “Remove the puffin from the pizza!” - Refiguring the Atlantic puffin as a cultural symbol and harbinger	Katla Kjartansdóttir [§]
13:40 SJÓRINN ER ARKÍV SEM GEYMIR SÖGUR JARÐAR	Arndis Bergsdóttir
14:00 Kerfislæg röðun endurnýjanlegra orkukosta byggt á samfélagslegri velferð	Kristín Eiríksdóttir, Ágúst Arnórsson, et.al.
14:20 Réttlát umskipti á leiðinni til kolefnishlutleysis: Kynja- og jafnréttissjónarmið í umhverfis- og loftslagsmálum	Brynhildur Hallgrímsdóttir, Sigríður Finnbogadóttir, et.al.
14:40	
Fjölbreytileiki, ójöfnuður og heimsmarkmiðin	HT-102
13:00 Tilfinningaleg áhrif á trúariðkun og trúarlega orðræðu	Kristján Þór Sigurðsson [§]
13:20 „Samkvæmt eðli sínu stendur konan milli mannsins og barnsins.“ Barngering kvenna á 20. öld	Ingólfur Gíslason
13:40 The Queer Futures of Young Gay Men in Indonesia: Spatial-Material Arrangements, Social Relationships, and Queer Optimisms	Mohammad Naeimi, Jón Ingvar Kjaran
14:00 “For some reason she just wasn’t able to have an abortion”: Pronatalism, anti-abortion rhetoric and the taboo of regret.	Margaret Johnson [§] , Gyða Margrét Pétursdóttir
14:20 The Becoming of the Sustainable Development Goals	Jónína Einarsdóttir, Guðrún Helga Jóhannsdóttir
14:40 Ownership: Definitions, Application, and Measurements	Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Jónína Einarsdóttir

[§] doktorsnemi.

Málstofur 15:00–17:00

Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
Áhrif félags- og efnahagslegs bakgrunns: Jöfnuður í tækifærum til menntunar og lífsgæða	O-101
15:00 Stéttskipt námsval íslenskra nemenda: bein og óbein áhrif á framhaldsskólastiginu	Adda Guðrún Gylfadóttir
15:20 Menntunarstig kynslóða: Áhrif arðsemi menntunar	Emil Dagsson [§]
15:40	
16:00	
16:20	
16:40	
FIBI - Hvernig börn, hvernig foreldrar? Áhrif stefnumótunar og menningar á barneignir og foreldrahlutverkið	Ág-422
15:00 Hindrun eða hveirrar konu draumur: Móðurhlutverkið í fjölmíðlum 1970-1979 og 2010-2019	Annadís Greta Rúdólfsdóttir, Auður Auðardóttir
15:20 "Manni líður eins og maður sé alltaf að stara í ginið á ljóninu": Viðhorf ungra kvenna til barneigna	Sunna Símonardóttir, Hlédís Maren Guðmundsdóttir
15:40 Fjölskylduábyrgð eftir fæðingu fyrsta barns og líkur á frekari barneignum	Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðný Björk Eydal
16:00 Varð Covid-19 til þess að Íslendingum fjölgaði?	Ari Klængur Jónsson
16:20	
16:40	
Fjarnám á háskólastigi	O-202
15:00 Fjarnám sem lykill að háskólanámi fyrir breiðan hóp fólks, ekki bara landsbyggðina.	Amalía Björnsdóttir, Þuríður Jóna Jóhannsdóttir
15:20 Kennsluhættir námskeiða á Menntavísindasviði Háskóla Íslands	Svava Pétursdóttir, Sigurbjörg Jóhannsdóttir
15:40 Taking advantage of slides and lecture captures for better performance: A case study in higher education	Nidia Guadalupe Lopez Flores [§] , Anna Sigríður Islind, et.al.
16:00 Stórt staðnámskeið færast í netheima. Hver er upplifun nemenda? Hvaða lærdóm er hægt að draga af reynslunni?	Asta B Schram
16:20	
16:40	
Gömul saga og ný: Þjóðfræðiefni í feminísku ljósi	HT-103
15:00 Konur kvenleiki og kynjuð valdatengsl í íslenskum þjóðsögum	Dagrún Ósk Jónsdóttir
15:20 Að fanga þig og tímann: Ljósmyndir Sigríðar Ingvarsdóttur og Ragnheiðar Bjarnadóttur	Sigurlaug Dagsdóttir
15:40 Hvað var blinda í huga Álfkonunnar við Vatnsenda? Rýnt í staka þjóðsögu	Eva Þórdís Ebenezersdóttir [§]
16:00 Viðkvæmir fræðimenn og ambáttin í Ibn Fadlan: Upphafning, innvígsla eða kynferðisofbeldi?	Gerður Halldóra Sigurðardóttir
16:20 Sterk kona eða dúkka: Femenísk nálgun á fjallkonur Íslands	Anna Karen Unnsteins
16:40 „Urrr“: Að afhjúpa dýrsróddina í íslenskum ísbjarnasögnum	Alice Bower [§] , Kristinn Schram

[§] doktorsnemi.

Málstofa/Erindi	Stofa/Flytjandi
Þjónustustjórnun	O-201
15:00 How do mid-level managers impact job satisfaction among specialists in large commercial banks?	Unnar Theodorsson [§]
15:20 Þjónustuáhersla, þjónustumenning og árangur	Þórhallur Guðlaugsson
15:40 Fræðslustarf í smærri ferðaþjónustufyrirtækjum: Áskoranir við uppbyggingu þjónustugæða	Lilja Karen Kjartansdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, et.al.
16:00 Þjónustuáhersla og starfsánægja starfsfólks	Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
16:20 Samskiptun í staðfærslu áfangastaða	Brynjar Þór Þorsteinsson [§]
16:40 Þjónustuáhersla í ferðaþjónustu: þekking og þekkingarskiptun	Magnús Ásgeirsson [§]
Samfélagsmiðlar og unglingar: aðferðafræðilegar og siðferðislegar áskoranir	L-101
15:00 A review of research methods with children and adolescents: challenges and lessons learned	Eva Jörgensen [§] , Donna Koller, et.al.
15:20 Þrívát og persónulegt fyrir allra augum – kvíðafull kynjuð notkun samfélagsmiðla ungmenna	Þórður Kristinsson [§]
15:40 Aukin vanlíðan sem tengist netnotkun unglunga	Kristján Ketill Stefánsson
16:00 Langir og leiðinlegir kvarðar í spurningalistum fyrir unglunga	Ársæll Arnarsson
16:20	
16:40	
Samlífi fólks og örvera í daglegu lífi	L-102
15:00 Móðurkúltúr: Skyrgerlar og kvennaarfur	Jón Þór Pétursson, Valdimar Tr. Hafstein
15:20 Það jafnast ekkert á við brauð	Ragnheiður Maísól Sturludóttir
15:40 Að taka ábyrgð á eigin skít: Viðhorf og reynsla fólks af notkun þurrusalerna og moltun salernisúrgangs	Eysteinn Ari Bragason
16:00 Af moldu/-tu erum við komin, að moldu/-tu munum við aftur verða.	Helga Ögmundardóttir
16:20	
16:40	
Upplýsingafræði í almannahag: Þekking til framtíðar	O-206
15:00 Upplýsingahegðun eldri borgara - Hindranir sem fólk 60 ára og eldra mætir í tengslum við upplýsingar um heilsusamlegan lífsstíl	Ágústa Pálsdóttir
15:20 Digital Information Environments and Implications for Learning	Natalie Riley [§]
15:40 Bókasöfn í litlum samfélögum - tímaskekkja og óþarfa kostnaður?	Alda Hrannardóttir [§] , Ágústa Pálsdóttir
16:00 Staða íslenskra fræðitímarita varðandi opinn aðgang árið 2022	Sigurbjörg Jóhannesdóttir [§]
16:20	
16:40	

[§] doktorsnemi.

Netglæpir: Tegundir, þróun og reynsla Íslendinga

Helgi Gunnlaugsson¹, Jónas Orri Jónasson²

¹ Háskóli Íslands

² Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Netið hefur smám saman orðið ómissandi þáttur í lífi nútímamannsins og ný tækifæri hafa opnast fyrir margvíslega fráviks – og afbrotahegðan. Hvert er umfang brota af því tagi á Íslandi? Hvaða þjóðfélagshópar eru líklegastir til þess að verða fyrir brotum á netinu og hvaða brot eru algengust? Er brotum af þessu tagi að fjölga hér á landi? Gögnin sem niðurstöðurnar byggja á koma úr fjórum þjóðmálakönnunum sem Félagsvísindastofnun safnaði saman 2016, 2018, 2020 og 2022. Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu orðið þolendur einhverra eftirtalinna netbrota: Meiðyrði eða rógburði, hótun um ofbeldi, persónuupplýsingar verið misnotaðar, t.d. kreditkortaupplýsingar eða kennitala, kynferðislegri áreitni, fjárkúgun, svik í viðskiptum, hvort einhver hafi hótað að dreifa eða birta myndir/efni um sig án leyfis og að lokum hvort einhver hafi birt eða dreift myndum án samþykkis. Helstu niðurstöður eru að heildarfjöldi þeirra sem segist hafa orðið þolandi netbrots hefur ekki vaxið frá 2018 eftir töluverða aukningu frá 2016. Aftur á móti greindu þeir sem sögðust hafa orðið fyrir netbrotum 2020 og 2022 frá fleiri brotum en þolendur gerðu árin 2016 og 2018. Flestir greindu frá meiðyrðum og fjársvikum árið 2022 eins og áður. Athygli vekur að talsvert fleiri sögðust þolendur kynferðislegrar áreitni árin 2018, 2020 og 2022 en 2016. Hafði me-too hreyfingin áhrif á reynslu þátttakenda einkum kvenna?

Tengsl uppruna íslenskra unglunga við afskipti lögreglu og skólayfirvalda

Margrét Valdimarsdóttir

Háskólinn á Akureyri

Á síðustu áratugum hefur íslenskt samfélag breyst úr afar fámennu og einsleitu samfélagi yfir í að vera land þar sem búa hlutfallslega fleiri erlendir ríkisborgarar en mjög víða í Evrópu. Aukinn fjöldi innflytjenda kallar á rannsóknir á því hvað felst í breyttri samsetningu landsmanna, ekki síst á stöðu ungs fólks af erlendum uppruna. Í afbrota- og félagsfræði er löng hefð fyrir rannsóknum á áhrifum vaxandi fjölda innflytjenda á 1) upplifaða ógn innfæddra, 2) samskipti lögreglu við fólk sem tilheyrir minnihlutahópum og 3) tíðni afbrota. Íslenskar rannsóknir á þessum þáttum eru þó enn fáar. Í erindinu er greint frá rannsókn á tengslum uppruna íslenskra unglunga við afskipti lögreglu og skólayfirvalda. Í anda stimplunarkenninga voru lagðar fram tilgátur um auknar líkur á formlegum taumhaldsaðgerðum gegn ungu fólki með erlendan bakgrunn. Gögnin byggja á viðamikilli unglingakönnun sem framkvæmd var af Rannsóknir og greiningu. Niðurstöður sýna að þrátt fyrir að hlutfallslega fleiri unglingar með erlendan bakgrunn hafi verið yfirheyrðir af lögreglu og skólayfirvöldum heldur en unglingar með íslenskan bakgrunn, er ekki hægt að álykta að munurinn stafi af beinni mismunun. Í erindinu eru niðurstöður rannsóknarinnar settar í samhengi við erlendar rannsóknir og kenningar í afbrotafræði.

Félagslegar rætur siðrofs í íslenskum samtíma

Jón Gunnar Bernburg, Sigrún Ólafsdóttir, Þóroddur Bjarnason

Háskóli Íslands

Siðrofskenningin (e. anomie theory) leggur áherslu á að veigamikil stoð samvinnu og trausts í tilteknu samfélagi sé sú að einstaklingarnir þekki og hafi hollustu við sameiginleg (óskrifuð) viðmið og gildi þess. Að öðrum kosti skapist hætta á siðrofi, þ.e. viðmið verða óljós, hollusta við viðmið og gildi veik með tilheyrandi vandamálum fyrir samfélagið og einstaklinganna. Kenningin gefur enn fremur til kynna megin rætur siðrofs í nútímasamfélagi. Í fyrsta lagi geti hraðar breytingar skapað misræmi milli ríkjandi viðmiða og gilda annars vegar og félagslegs raunveruleika hins vegar, en þá bresta væntingar og einstaklingar upplifa óréttlæti. Í öðru lagi geti hnignun megin stofnanna samfélagsins veikt það taumhald sem viðmiðin og gildin hafa á hegðun og langanir einstaklinga. Í þessu sambandi getur óheft efnishyggja veikt mátt viðmiða og gilda. Þessi þemu eru sjaldan skoðuð með mælingum á siðrofsupplifunum einstaklinga. Við gerum þetta með mælingum úr viðhorfakönnun sem framkvæmd var héraendis veturinn 2009-2010 (í kreppunni eftir Hrunið) og sem var síðan endurtekin veturinn 2020-2021 (í COVID faraldrinum). Gögnin gera okkur kleift að skoða bæði áhrif hraðra breytinga (þ.e. við berum saman tímabilin tvö) og einstaklingsbundinna þátta (t.d. félagslegri stöðu, upplifun á tækifærum) á siðrofsupplifanir einstaklinga. Niðurstöður renna nýjum stoðum undir helstu skýringarþætti siðrofskenningarinnar.

Kvenmorð og óbeinir þolendur þeirra

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Háskóli Íslands

Markmiðið með þessari rannsókn var að rannsaka hluta kvenmorða (e. femicide) sem hafa verið framín á Íslandi. Í þessum málum höfðu mæður barna verið beittar ofbeldi sem leiddi til dauða þeirra. Verknaðinn framdi aðili sem þær höfðu verið í nánu sambandi við. Tilgangurinn var að öðlast þekkingu á því hvað einkennir slík mál með það fyrir augum að reyna að fyrirbyggja þau í framtíðinni. Könnuð voru slík mál á 35 ára tímabili hér á landi. Aðferðin var bæði megindleg og eigindleg og fól í sér innihaldsgreiningu dóma og fréttamiðla. Niðurstöður sýndu að átta mæður sem áttu samtals 14 börn tvítug eða yngri voru myrtar hér á landi á þessu tímabili. Verknaðaraðferðin virðist hafa verið tengd félagslegu umhverfi morðanna. Í tæplega helmingi tilfella voru barn eða börn viðstödd þegar móðir þeirra var myrt og urðu því vitni að verknaðinum með einhverjum hætti. Þegar um föður barnanna var að ræða fór hann í fangelsi eða var vistaður á geðdeild í kjölfar verknaðarins en í einu tilfelli svipti faðirinn sig lífi í kjölfar verknaðarins. Því má segja að flest börnin hafi misst báða foreldra sína þegar þetta gerðist. Þar sem um gríðarleg áföll er að ræða fyrir börnin og aðra aðstandendur er mikilvægt að fagfólk í félagslega geiranum og heilbrigðisgeiranum skimi fyrir ofbeldi. Jafnframt er mikilvægt að það þekki einkenni og aðdraganda slíkra atburða svo fremur sé hægt að koma í veg fyrir þá.

„Frelsi til að láta gott af sér leiða“: Upplifun kvenna af erlendum uppruna á frumkvöðlastarfsemi á Íslandi

Póra H. Christiansen, Erla Sólveig Kristjánsdóttir

Háskóli Íslands

Framlag innflytjenda til nýsköpunar og tækniþróunar er vel þekkt. Hvatar til frumkvöðlastarfs innflytjenda eru ýmsir, en má flokka sem sókn eftir tækifærum eða sem nauðsyn, t.d. viðbrögð við hindrunum á vinnumarkaði. Vísbendingar eru auk þess um að sköpunarkraftur og frumkvöðlahugsun sé oft sterkari meðal innflytjenda en annara. Takmarkaðar rannsóknir eru til um frumkvöðlastarf og fyrirtækjarekstur innflytjenda á Íslandi, auk þess sem staðalímynd frumkvöðla er að jafnaði fremur karllæg og því brýnt að beina sjónum að frumkvöðlastarfi innflytjendakvenna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast skilning á upplifun innflytjendakvenna sem reka eigin fyrirtæki á Íslandi af helstu hvötum og hindrunum í þeirra frumkvöðlastarfi. Tekin voru viðtöl við tólf konur sem búið hafa á Íslandi og rekið eigin fyrirtæki í að minnsta kosti tvö ár og voru viðtölin greind samkvæmt rannsóknaraðferðum fyrirbærafræði. Helstu niðurstöður benda til að sterkasti hvatinn til frumkvöðlastarfs innflytjendakvennanna sé að skapa félagslegt virði og gefa til baka til samfélagsins. Smæð íslensks samfélags upplifa konurnar sem ákveðna hindrun þegar þær mæta lokuðum hópum, en margar þeirra hafa einnig fundið leiðir til að nýta sér smæðina og aðgengileikann að fólki í valdastöðum. Jafnframt upplifðu þær hindranir vegna skörunar (intersectionality) kyns, uppruna og kynþáttar og ræddu reynslu af útilokun, bæði í karllægum geirum og í stuðningsneti kvenna. Konurnar hafa fundið ýmsar leiðir til að takast á við þessar hindranir en ljóst er að bæta má stuðning og hrinda úr vegi hindrunum svo framlag frumkvöðlakvenna af erlendum uppruna nýtist þeim og samfélaginu að fullu.

Staða kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði

Berglind Hólm Ragnarsdóttir

Háskólinn á Akureyri

Í erindinu verða kynntar niðurstöður byggðar á rannsókn sem framkvæmd var á vor-og sumarmánuðum 2022 á stöðu og líðan kvenna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt: Í fyrsta lagi að skoða hvernig ólíkir þættir er tengjast fjölskylduábyrgð og atvinnuþátttöku hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan kvenna á Íslandi og hvernig það samband birtist eftir stéttastöðu þeirra. Í öðru lagi að skoða hver reynsla láglaunakvenna er af velferðarkerfinu á Íslandi og hvert hlutverk kerfisins er í að viðhalda félagslegu misrétti. Hringt var í tæplega 3000 konur og 1251 kona svaraði könnuninni. Mikil áhersla var lögð á að ná til fjölbreytts hóps kvenna, meðal annars með því að ráða spyrta sem tala íslensku, pólsku og ensku. Það skilaði sér í því að hlutfall kvenna með erlendan ríkisborgararétt í úrtakinu er í samræmi við hlutfallið í þýði. Í þessu erindi verður lögð áhersla á að greina stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði og upplifun þeirra af velferðakerfinu. Leitast verður við að svara spurningum eins og í hvernig greinum þær starfa helst, hvert starfshlutfall þeirra er og hverjar tekjur þeirra eru. Einnig verður gerð grein fyrir andlegri og líkamlegri líðan þeirra, heimilisaðstæðum og félagsauði. Niðurstöðurnar verða skoðaðar í samhengi við stöðu allra kvenna á Íslandi.

Eru störf kvenna minna virði en karla? - Jafnlaunavottun og launamunur kynja

Ragna Kemp Haraldsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Háskóli Íslands

Innleiðing jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012 var lögfest árið 2017. Fyrirtækjum og stofnunum þar sem minnst 25 einstaklingar starfa að jafnaði var gert að innleiða jafnlaunakerfi og sækja um vottun. Lögunum var ætlað að draga úr launamun kynjanna sem hefur verið viðvarandi á Íslandi þrátt fyrir að lög hafi verið sett árið 1961 sem bönnuðu að konum og körlum væru greidd mismunandi laun fyrir sömu eða sambærileg störf. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða hvaða árangri innleiðing jafnlaunastaðalsins hefur skilað. Tekin voru viðtöl við 20 stjórnendur í vottuðum fyrirtækjum og stofnunum auk fulltrúa fjögurra vottunarstofa. Sjónum var beint að styrkleikum og veikleikum staðalsins sem og vottunarferlisins. Gögn úr launarannsókn Hagstofu Íslands voru greind og bornar saman breytingar á óleiðréttum launamun kvenna og karla innan einstakra fyrirtækja og stofnana á árunum 2012-2020, eftir því hvort þau höfðu innleitt jafnlaunakerfi eða ekki. Greining var einnig gerð á lagskiptingu starfa innan þessara fyrirtækja og stofnana með tilliti til kynjahlutfalls og launasetningar til þess að varpa ljósi á þá spurningu hvort störf kvenna séu álitin minna virði en karla. Niðurstöðurnar sýna að þrátt fyrir að viðmælendur teldu þörf á að bæta ýmislegt í innleiðingarferli og vottun jafnlaunakerfa, þá voru þeir almennt þeirrar skoðunar að með innleiðingu jafnlaunakerfis fylgdi aukið gagnsæi og bættir verkferlar í tengslum við launasetningu og launaafgreiðslu. Niðurstöður tölfræðigreiningarinnar sýna þó ekki merki um að meira hafi dregið úr launamun kynja hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum sem fengið hafa vottun en þeim sem ekki hafa hafið þá vegferð.

Konur í sjávarútvegi eru eins og súrefni til fjalla, því ofar sem þú ferð því minna er af þeim

Asta Dis Oladottir

Háskóli Íslands

Sjávarútvegur hefur löngum þótt karllæg atvinnugrein og fáar rannsóknir liggja fyrir um stöðu kvenna í æðstu stöðum í sjávarútvegi, þrátt fyrir að miklar breytingar séu að eiga sér stað, m.a. með aukinni tækni- og sjálfvirknivæðingu. Vegna staðalímynda og hefða hefur minna borið á konum en körlum í stjórnnum, fáar konur gegna æðstu stjórnunarstöðum, nema þær sem eru eigendur tiltekinna félaga eða tengdar fjölskylduböndum. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu kynjanna í sjávarútvegi og á þá þróun sem orðið hefur á undanförunum árum. Í rannsókninni er sjónum beint að því hvaða stöðum konur gegna í sjávarútvegi, hvort kynin hafi jöfn tækifæri til að öðlast starfsframa innan atvinnugreinarinnar og hvort markvisst sé unnið að jöfnum tækifærum kynjanna í sjávarútvegi. Stuðst er við meginndlega aðferð, spurningalisti sem innihélt 24 spurningar var sendur á stjórnendur allra fyrirtækja, stofnana eða deilda sem flokkast undir sjávarútveg, 422 vinnustaði og 185 stjórnendur svöruðu. Svarhlutfallið var því 44%. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum fimm lykilspurninga: Hvaða störfum kynin sinna á vinnustaðnum, hlutfall kvenna og karla meðal æðstu stjórnenda, hlutfall kynjanna meðal eigenda, hvort kynin fái jöfn tækifæri til starfsframa og hvort þau sækist eftir ólíkum tegundum starfa. Að lokum er skoðað hvort markvisst sé unnið að því að jafna stöðu karla og kvenna. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst í því að varpa frekara ljósi á stöðu kynjanna í sjávarútvegi og hvort konur sækjast eftir starfsframa til jafns við karla innan atvinnugreinarinnar. Fræðilegt gildi og framlag rannsóknarinnar felst í aukinni þekkingu um stöðu kynjanna í sjávarútvegi.

”Er þetta ekki bara útlendingur eða?”

Þóra Lind Halldórsdóttir, Erla Sólveig Kristjánsdóttir, Þóra H. Christiansen

Háskóli Íslands

Aukning fólksflutninga og hreyfanleika í heiminum hefur gert það að verkum að fjölgun innflytjenda í Evrópu hefur vaxið hvað mest á heimsvísu á árabílinu 2000-2020. Á síðustu árum hefur fólk af erlendum uppruna orðið stór hluti af íslensku atvinnulífi. Niðurstöður rannsókna sýna að fólk af erlendum uppruna fær síður störf sem hæfir menntun þeirra og að fólk sem ekki er hvítt á hörund er útsett fyrir fordómum, mismunun og útilokun á íslenskum vinnumarkaði og hafa fordómar gagnvart karlkyns innflytjendum af mismunandi kynþætti aukist á Íslandi. Í þessari rannsókn var leitast við að skoða upplifun karlstjórnenda, af mismunandi uppruna, kynþætti og sem ekki eru hvítir, af stöðu sinni á íslenskum vinnumarkaði. Markmið og tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvernig karlstjórnendurnir upplifa tækifæri, hindranir og möguleika á framgangi í starfi. Framkvæmd var eigindleg rannsókn og tekin voru djúpvíðtöl við tólf karlstjórnendur af erlendum uppruna og kynþætti. Niðurstöður sýna að viðmælendur upplifa að tungumálið sé hindrun til þátttöku á íslenskum vinnumarkaði og standi í vegi fyrir framgangi í starfi. Þeir upplifa að menntun þeirra sé ekki metin á íslenskum vinnumarkaði og að tækifærin séu ójöfn. Ennfremur upplifa þeir fordóma, mismunun vegna kynþáttar, tungumáls og trúarbragða sem gerir þeim erfitt fyrir að tilheyra íslensku samfélagi. Niðurstöður þessarar rannsóknar auka skilning og þekkingu á stöðu karlstjórnenda af ólíkum uppruna og kynþætti. Vinnuveitendur gegna mikilvægu hlutverki í inngildingunni innflytjenda og mikilvægt er að þróa árangursríkar aðferðir, eins og fræðslu um fjölbreytileika, til að stuðla að inngildingunni á vinnumarkaði.

The value of rural tourism lifestyle entrepreneurs (TLEs) for community wellbeing and destination development: a critical engagement

Magdalena Falter

University of Iceland

TLEs have been criticized for turning a hobby into a business idea, which shows in a lack of professional management skills and restraint to become innovative or digitally active. In contrast, TLEs are also said to be driving forces for innovative and sustainable destination development. This paper aims to explore the multilayered complexity of TLEs. It especially addresses how underlying values of their entrepreneurial activities positively affect the communities, environment and the attractiveness of the area as a tourism destination. I argue that TLEs' valuing of the area in which they operate, has a major impact on their contribution to sustainability and innovation. This paper follows a qualitative methodology and is based on 34 interviews with TLEs in rural Iceland with varying business intentions ranging from growth-orientation to ideological goals. Despite the official Icelandic Tourism Strategy striving towards increased sustainability in tourism, tourist demand has outrun supply in some regions due to the exponential tourism growth in the past decades. A gap between the 'happenings on the ground' and the policy framework in terms of the recent tourism development in Iceland has been identified. I see this gap as the origin of a miscommunication between the authorities and the tourism businesses that hampers a holistic sustainable and innovative tourism development in Iceland. By critically engaging with concepts of lifestyle entrepreneurship, I discuss the imperative of a holistic sustainable tourism development in Iceland that acknowledges small-scaled activities of rural TLEs in the policy framework.

Lífstílsfrumkvöðlar í ferðaþjónustu – áskoranir á tímum breytinga

Ingibjörg Sigurðardóttir

Háskólinn á Hólum

Flestum eru kunnugar þær breytingar sem átt hafa sér stað í rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðaþjónustu á undanförunum árum. Er þar nærtækast að horfa til áhrifa Covid-19 faraldursins en fleira hefur það komið til. Lítil fyrirtæki sem byggð eru upp í tengslum við lífstíl eigenda/stofnenda þeirra eru algeng í ferðaþjónustu hérlendis sem annarsstaðar. Slík fyrirtæki eru að nokkru leyti frábrugðin stærri fyrirtækjum. Í þessum fyrirlestri er gefið yfirlit yfir helstu þætti sem einkenna slík fyrirtæki auk þess sem að rýnt er í hverjar eru áskoranir slíkra fyrirtækja á tímum breytinga og umróts. Einnig er rýnt í hvaða bjargráð slík fyrirtæki kunna að hafa þegar erfiðleikar skella á. Fyrirlesturinn byggir á gögnum úr tveimur umfangsmiklum rannsóknarverkefnum þar sem bæði var aflað eigindlegra og megindlegra gagna. Leitast er við að draga saman ályktanir sem lúta að eðli slíkra fyrirtækja og seiglu þeirra þegar kemur að erfiðleikum. Fyrstu niðurstöður benda til að lífstílsfyrirtæki séu að jafnaði þrautseig og að þrátt fyrir smæð þeirra, séu þau fremur líkleg til að standa af sér krísur og breytingar í rekstrarumhverfinu. Einnig að þau hafi hæfni til að aðlagast og beita að nokkru marki nýsköpun til að komast af.

Vöktun á upplifun ferðamanna á áfangastöðum Vörðu

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Rannsóknamiðstöð ferðamála

Vöxtur ferðamennsku á Íslandi hefur verið hraður. Þegar kórónuveirufaraldurinn skall á fyrri hluta árs 2020 hafði erlendum ferðamönnum fjölgað árlega að jafnaði 28% áratuginn á undan. Mikil fjölgun ferðamanna getur verið áskorun fyrir áfangastaði, s.s. þjóðgarða og friðlýst svæði, sem sinna móttöku ferðamanna. Ágangur getur valdið átroðningi og skemmdum á náttúru, ógnað öryggi og valdið neikvæðri upplifun. Þrátt fyrir tímabundna niðursveiflu í kórónuveirufaraldrinum er fátt sem bendir til þess að eftirspurn erlendra ferðamanna muni minnka í náninni framtíð. Enn er þörf á fjölþættum stefnumótandi aðgerðum til þess að varðveita náttúrugæði, öryggi og upplifun gesta. Vöktun á upplifun ferðamanna og þróun hennar á áfangastöðum er mikilvægt tæki fyrir stjórnun áfangastaða. Varða er þróunarverkefni íslenskra stjórnvalda um heildstæða nálgun áfangastaðastjórnunar sem miðar að verndun náttúru, menningarsögulegra minja og landslagsheildar, hágæða móttöku gesta og virðingu fyrir íbúum, staðaranda og framþróun svæðis. Vörður eru staðir sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Meginaðdráttarafl þeirra eru náttúrufyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. Í erindinu er fjallað um tilurð viðhorfskönnunar meðal ferðamanna á fjórum vinsælum áfangastöðum: Gullfossi, Geysi, Jökulsárlóni og Þingvöllum. Þessir staðir eru allir í ferli til að verða og/eða eru þegar orðnar Vörður. Könnunin er tilraunaverkefni þar sem spurningalisti og útfærsla á framkvæmd eru prófuð á tímabilinu apríl-september 2022. Fjallað verður um vöktun á upplifun gesta með slíkum könnunum og frumniðurstöður könnunarinnar á stöðunum fjórum. Frumniðurstöður benda til ánægju gesta með heimsóknina og með flesta þjónustubætti. Að lokum verður hugmyndum um frekari framkvæmd kannana á áfangastöðum ferðamanna velt upp.

Responsible Island Tourism/Ábyrg eyjaferðarþjónusta

Ása Marta Sveinsdóttir¹, Laufey Haraldsdóttir²

¹ Icelandic Tourism Research Centre

² Hólar University

Grímsey, a small island located north of Iceland, is gaining more attention from travelers due to its Arctic location and abundance of bird species. Tourism in Grímsey is still in early development and quite under-researched. Sparsely populated destinations, like Grímsey, are especially vulnerable to a temporary influx of tourists. Due to the massive and seasonal increase in population on the island, it is important to mitigate the negative impacts of the growing tourism industry and ensure responsible tourism development. With this research, we aim to create a base for a sustainable destination development plan by studying the impact and nature of tourism in Grímsey, in conversation with the community. This we do by exploring residents' attitudes towards tourism development with focus groups, and visitors' experiences and behaviour with questionnaires and GPS tracking to map out mobility patterns and spatial behaviour of visitors. These data are compared among visitors arriving by plane, ferry or cruise. As this is an ongoing study, with research data from summer 2022 presently being analysed, no final results are available. However preliminary results indicate that the development of overtourism seems a realistic future scenario for Grímsey island if tourism is allowed to develop without intervention such as responsible destination management.

Kvikmyndaferðapjónusta á Íslandi: Tækifæri til nýsköpunar?

Vera Vilhjálmsdóttir

Rannsóknamiðstöð ferðamála

Undanfarna tvo áratugi hefur Ísland orðið vinsælum tökustað meðal erlendra kvikmyndaframleiðenda. Viðamiklar tökurl hafa farið fram hér á landi á stórum Hollywood-myndum og vinsælum erlendum sjónvarpsseríum. Íslenska ríkið hefur stutt við þessa þróun, m.a. með því að bjóða 25% endurgreiðslu af þeim framleiðslukostnaði sem fellur til við tökurl á Íslandi og fyrr á þessu ári samþykkti Alþingi að hækka endurgreiðsluna enn frekar. Það virðist því vilji til að styðja við íslenska kvikmyndagerð og halda þessari þróun áfram. Þetta hefur einnig reynst góð landkynning en um 40% erlendra ferðamanna á Leifsstöð árið 2019 nefndu að íslenskt landslag í erlendu hreyfimyndefni hefði haft áhrif á ákvörðun þeirra um að heimsækja Ísland. Fyrir utan að virka sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn, hefur íslensk ferðapjónusta verið að nýta tökustaði á Íslandi með beinum hætti? Í þessu erindi verða ræddar niðurstöður úr sextán viðtölum sem tekin voru við hagaðila innan ferðapjónustu og kvikmyndaframleiðslu árið 2020. Markmið viðtalanna var að kortleggja ef, og þá hvernig, íslensk ferðapjónusta nýti tökustaði og hvar helstu tækifærin og áskoranirnar lægju í að þróa kvikmyndaferðapjónustu hér á landi. Helstu niðurstöður sína að þrátt fyrir að einstaka aðilum hafi tekist að nýta sér tökustaði með góðum árangri, þá séu ferðapjónustuaðilar heilt yfir ekki að nýta tækifærin á sínum nær svæðum. Í erindinu verður einnig rætt hvaða ástæður gætu legið að þar að baki og hvaða upplýsingar viðmælendur töldu vera ábótavant til að kvikmyndaferðapjónusta gæti þróast frekar hér á landi.

Umfjöllun íslenskra vefmiðla um alþingiskosningar

Guðbjörg Hildur Kolbeins

Háskólinn á Akureyri

Á upphafsárum almennrar netvæðingar, um miðjan tíunda áratuginn, var þess vænst að vefmiðlar myndu fjalla um fréttir á dýpri hátt en hinir hefðbundnu miðlar höfðu hingað til gert. Fréttir á vefnum væru ekki háðar lengdarmörkum og auðvelt væri að tengja alls konar ítarefni og fróðleiksmola við þær. Sú virðist samt ekki hafa orðið raunin. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru hluti af rannsóknarverkefni þar sem fréttir íslenskra fjölmiðla um alþingiskosningarnar 2013, 2016, 2017 og 2021 hafa verið innihaldsgreindar. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna hvernig íslenskir vefmiðlar hafa fjallað um kosningarnar. Skoðaðar voru allar kosningafréttir sem birtust á Mbl.is, Vísi og RÚV.is síðustu 25 dagana fyrir kjördag en hér verður sjónum beint að síðustu tvennum kosningum sem fram fóru 28. október 2017 og 25. september 2021. Frumniðurstöður leiða m.a. í ljós að vefmiðlarnir þrír hafi birt 777 kosningafréttir árið 2017 en „aðeins“ 493 fjórum árum síðar. Þá byggðust 38% fréttanna á efni þar sem engra viðbótarheimilda var aflað af hálfu blaðamanns, en þessi tala var 25% í kosningunum 2017. Bæði árin voru fréttatilkynningar og ályktanir u.þ.b. 10% þeirra heimilda sem notaðar voru. Vitnað var í Facebook í 5% fréttanna árið 2021 en 10% árið 2017 en slá verður þann varnagla að upplýsingar gætu verið nýttar af Facebook-síðum samtaka og stjórnámálanna þó þess sé ekki sérstaklega getið. Draga má t.d. þá ályktun af niðurstöðunum að sá mikli munur sem felst í fjölda fréttanna endurspeglar að einhverju leyti að kosningabaráttan 2021 hafi verið tiltölulega átakalaus vegna COVID-19.

Nýjar áskoranir í pólitískri boðmiðlun

Birgir Guðmundsson

Háskólinn á Akureyri

Fjölmiðlaumhverfi á Íslandi og í heiminum öllum hefur gjörbreyst á umliðun árum og áratugum ekki síst vegna tilkomu nýrrar tækni og sprengingar í framboði á miðlunargáttum. Notendur fjölmiðla eru nú dreifðir á óteljandi staði og sækja sér það efni sem þeir hafa áhuga á og áhrif einstefnumiðlunar ritstýrðra hefðbundinna miðla hefur minnkað. Engu að síður skipta hefðbundnu miðlarnir máli og starfa í bland við nýjar tegundir miðlunar í blönduðu fjölmiðlakerfi (hybrid media system). Möguleikar stjórnmálamanna til að hafa áhrif á umræðuna hafa vissulega aukist nokkuð, en margfalt erfiðara er að stýra henni og segja fyrir um hvaða stefnu hún tekur eða hvaða mál komast á dagskrá. Þessi nýja staða hefur verið mikil áskorun fyrir stjórnmálin sem þurfa að koma skilaboðum, ímynd og málflutningi til skila til kjósenda þannig að lýðræðislegt ferli geti virkað sem skildi. Vægi sérfræðinga í upplýsingamiðlun og markaðsmanna hefur því aukist í stjórnmálum. Í þessu erindi verður leitað svara við spurningunni hvernig stjórnmálamenn sjálfir meta möguleika sína í pólitískri boðmiðlun og gerð verður grein fyrir niðurstöðum úr könnunum sem framkvæmdar voru fyrir alþingiskosningarnar 2016, 2017 og 2021, þar sem frambjóðendur voru spurðir um þann vanda sem þeir standa frammi fyrir í nýju og breyttu miðlunarumhverfi. Varpað verður fram áleitnum spurningum um hvað niðurstöðurnar þýða fyrir lýðræðið.

Þróun afstöðu Íslenskra blaðamanna til siðferðilegra álitamála

Fridrik Thor Gudmundsson

Háskóli Íslands

Markmið erindisins er að varpa ljósi á þróun viðhorfa starfandi blaða- og fréttamanna á Íslandi til siðareglna og ýmissa vinnubragða við öflun upplýsinga sem að öðru jöfnu geta talist á „gráu svæði“, svo sem til notkunar faldra myndavéla, notkunar trúnaðargagna í heimildarleysi og þess að villa á sér heimildir. Tölfræðin að baki felst í svörum blaða- og fréttamanna í Íslandshluta alþjóðlegrar rannsóknar World Journalism Studies (WJS) 2021 og hefur að geyma niðurstöður sem bera má saman við sambærilega rannsókn árið 2012. Fræðigreinin er beint framhald af grein höfundar á Þjóðarspegli 2014 „Siðferðilegur sveigjanleiki íslenskra blaða- og fréttamanna“, en með seinni rannsókninni fær mikilvæg ný þekking um þróun ofangreindra viðhorfa. Höfundur skoðar sérstaklega svör við spurningum um siðareglur og önnur siðaviðmið fagsins. Afstaðan gagnvart gildandi siðareglum og hugmyndum um hvernig þær eigi að vera er greind og síðan metið hvort og þá hvernig viðhorf til siðferðilegra álitafna hafi breyst milli 2012 og 2021. Einkum er hér horft til afstöðunnar til umdeilanlegra aðferða við upplýsingaöflun; hvort þau eru aldrei, stundum eða alltaf réttlæt看leg og fleiri breytur skoðaðar sem bæta við myndina; ekki síst viðhorf til hlutverks og mikilvægis fagsins. Niðurstöðurnar benda nokkuð eindregið til þess að viðhorf starfandi blaða- og fréttamanna á Íslandi hafi þróast í átt að auknum sveigjanleika í vinnubrögðum. Þetta fer og saman við svörin við sérstakri spurningu 2021 um hvernig siðareglur fagsins eigi að vera – þar sem stærsti einstaki svarendahópurinn valdi að siðareglur fagsins lúti að „áþreifanlegum“ vinnubrögðum frekar en matskenndum hugmyndum um t.d. tillitsemi og vandvirkni.

FUNCTIONS OF þú veist / þúst / þst IN ICELANDIC TWITTER

Lars Lundsten

University of Helsinki

The aim of this study is to discuss what (types of) functions the use of the discourse particle “þú veist / þúst / þst” in Icelandic twitter messaging can have. This particle is a translated, pragmatic loan from English/American “you know”. This study is part of a more comprehensive project around culturally hegemonic discursive patterns in public discourse in Finland, Iceland, and Sweden. The study as well as the project as whole rest heavily on Critical Discourse Analysis (Weiss & Wodak 2007) and Gramsci’s (Williams 2019) influential theory of hegemonic power. Historically, the phrase “þú veist” obviously was just an unmarked element of standard Icelandic, meaning literally “you know”. In present-day oral Icelandic, as well as written discourse in social media, the phrase “þú veist” and particularly its abbreviated forms “þúst” and “þst”, has lost most of its traditional semantic value and taken several pragmatic functions. Twitter was chosen as source of data since it relies more on language – and compact dialogue – than several other social media. In Icelandic society, Twitter has until recently been considered as something of an “elite” platform, for instance compared to Facebook. In the light of my preliminary data, it seems that “þúst/þst” plays a role in establishing discursive power in an implicit struggle against traditional, purist and thereby supposedly archaic norms in Icelandic society.

Media System Boundaries and Cross-Border Propaganda Loops: Narrative alignment and content-sharing among domestic hyperpartisan and foreign state media

Gordon Neil Ramsay

University of Akureyri

Three defining features of the transformation of journalism in the digital era are: the increasingly porous nature of the boundaries of national media systems; the erosion of formal and informal journalistic norms and conventions; and the increasing abundance of available information from which news can be produced. Together, these features create the conditions through which the format of news, detached from considerations of the public interest or the discipline of verification, can instead be used instrumentally as a mechanism to construct and disseminate narratives, including disinformation. This paper explores how the alignment of interests between domestic news outlets with weak adherence to traditional journalistic norms, and international actors with hostile intent to destabilise political systems, can incentivise mutual patterns of content creation, revision and sharing. A sample of over 100.000 news articles gathered in the three months following the 2020 US Presidential election, from mainstream and hyperpartisan right-wing news sites in the United States as well as English-language news sites linked to the Russian state, will be analysed using computational content analysis software to identify patterns of content-sharing and narrative dissemination between US-based and Russian state media on the topic of voter fraud and the legitimacy of the election result. The paper will present initial results of this study as well as discussion of the implications for the legal and regulatory frameworks surrounding journalism where the format of news can be appropriated as a vector of disinformation, and where antagonistic foreign state media can play a role in political communication.

Áhrif Tækniþróunarsjóðs: bætt kolefnisspor og aukin sjálfbærni

Gunnar Óskarsson, Guðjón Helgi Egilsson

Háskóli Íslands

Umhverfismál og sjálfbærni hafa líklega aldrei verið meira í umræðunni en um þessar mundir og stöðugt er verið að leita nýrra leiða til að draga úr kolefnisspori, vernda umhverfið, auka sjálfbærni og skiptir þá litlu máli um hvaða atvinnugrein eða viðfangsefni er að ræða. Á grundvelli tæknibreytinga og vaxandi þekkingar á ýmsum sviðum vísindasamfélagsins fer umfang nýsköpunar stöðugt vaxandi. Tækniþróunarsjóður er ein af mikilvægustu lykilstoðum í íslensku nýsköpunarsamfélagi, en styrkir sjóðsins hafa aukist umtalsvert og þrefölduðust á árunum 2012-2018. Í ljósi ofangreindra breytinga er áhugavert að fá innsýn í það hversu mikla áherslu styrkþegar leggja á umhverfismál og sjálfbærni í þeim verkefnum sem Tækniþróunarsjóður styrkir. Í þessu skyni var byggt á eigindlegum viðtölum sem tekin voru í tengslum við áhrifamat Tækniþróunarsjóðs, annars vegar árin 2009-2013 og hins vegar árin 2014-2018. Tekin voru eigindleg viðtöl við 7 styrkþega á fyrra tímabilinu og 16 styrkþega á því síðara. Á meðan nánast enginn viðmælandi minntist á umhverfismál eða sjálfbærni á fyrra tímabilinu var áherslan umtalsverð á bæði atriðin á síðara tímabilinu, jafnvel hjá sömu viðmælendum. Af þessu má draga þann lærdóm að aukin vitundarvakning um umhverfismál og sjálfbærni hafi orðið á milli þeirra tímabila sem voru til skoðunar í þessari rannsókn og að verkefni styrkt af Tækniþróunarsjóði stuðla í auknum mæli að verndun umhverfisins, minna kolefnisspori og aukinni sjálfbærni.

Nýsköpunarklemman í notendasamfélögum leikjaspilara

Magnús Torfason, Ana Orej

Háskóli Íslands

Á undanförunum árum hefur verið lögð sífellt meiri áhersla á notendanýsköpun, sem felur í sér að fyrirtæki byggja nýsköpunarstarf á nánu samstarfi við notendur vöru eða þjónustu. Með því geta fyrirtæki betur uppfyllt þarfir notenda og brugðist hraðar við þegar þarfir og væntingar breytast. Notendur geta þó verið íhaldssamir, sem orsakast af því að þeir hafa skýrari sýn á aðlögun fyrirliggjandi lausna en á byltingakenndar nýjungar sem þó gætu skapað mikið virði. Þær áskoranir sem þessu fylgja eru nátengdar því sem kallað hefur verið nýsköpunarklemman (e. innovator's dilemma). Hér er sjónum beint að aðkomu leikmanna tölvuleiksins EVE Online að þróun leiksins og því á hvaða hátt nýsköpunarklemman einkennir þá aðkomu. Rannsóknin byggir á könnun sem gerð var meðal þátttakenda í EVE Online um viðhorf þeirra til þátta sem tengjast nýsköpunarframlagi þeirra. Gagnagreining byggir á megindegum aðferðum, og með aðhvarfsgreiningu er metið hvað einkennir þá leikmenn sem líklegastir eru til að leggja fram nýjar hugmyndir um þróun leiksins. Meðal þess sem greiningin leiðir í ljós er að þeir sem eru líklegastir til að hafa lagt fram slíkar hugmyndir eru þeir sem hafa spilað leikin lengst og mest, en einnig þeir sem eyða hlutfallslega mestum tíma í þennan eina leik. Einnig kemur fram að hvatning fyrirtækisins hefur mismunandi áhrif á hugmyndaframlag þessara hópa. Niðurstöðurnar gefa til kynna að mikilvægt sé fyrir fyrirtæki að huga vel að því á hvaða hátt þau leita til notenda sinna um hugmyndir, til að forðast nýsköpunarklemmuna og tryggja að hugmyndir taki tillit til mismunandi sjónarmiða.

It's the people: Friends in pixels as motivation to contribute to community innovation initiatives

Ana Orelj, Magnús Torfason

University of Iceland

Over the last two decades, gaming has undergone major changes on the industry's, players', and companies' sides. The gaming industry is growing at an unprecedented rate. Video games have transformed from an individual pastime to an intensive social activity, and companies are turning more often to their communities for advice. The number of gamers constantly increases and their contribution to games far exceeds just playing. Yet, the innovation potential of gaming communities has been somewhat overlooked by researchers. By employing grounded theory, we explore the motivation of gamers to contribute not only to the game development, but to other business operations of gaming companies. The research draws on a longitudinal case study of international company CCP Games and the community surrounding their most recognizable game, EVE Online. The paper follows the contribution and motivation change throughout the development of gamers and their role within the community and places a community on the top of the list of most important contribution motives. Research on the motivation to contribute to innovation processes has usually been limited to product development activities and rarely included gamers. A unique community perspective of this paper comes from semi-structured interviews with gamers, but also many secondary data resources were used to triangulate, compare, and enrich data. The paper contributes to user and community innovation literature, but also has practical implications because better understanding of community members and their needs could lead to the improved innovation and co-creation process.

Barriers for the adoption of new technologies: an organizational perspective on using hydrogen fuel cells in shipping

Mauricio Latapí

University of Iceland

Reducing emissions from maritime transportation requires that shipping companies adopt new fuels and technologies. A promising option is a zero-emission technology called hydrogen fuel cells. However, the decision to adopt it is limited by a variety of factors such as high costs and low technology readiness. This presentation provides an overview of a study conducted in 2021 and 2022 of the Nordic shipping industry where the first commercial ships to use the technology will be launched. The research is based on 38 interviews involving high-level managers with the aim of identifying the barriers to the adoption of hydrogen fuel cells from an organizational perspective. The conclusions of the research indicate that the decision of adopting the technology is limited by eleven barriers of behavioral, economic, organizational, and operational nature. The study also identifies the barriers as specific to the organization, the industry, and the technology. These findings can help policymakers prioritize the actions needed based on the nature of the barriers. The research also provides a new conceptualization of the decision-making process in the form of causal feedback loops which can help identify the policy intervention needed to reduce the barriers to adopting the technology.

Reynsla stjórnenda af innleiðingu sjálfbærni í stefnu stofnana

Ebba Margrét Skúladóttir, Ásdís Emilsdóttir Petersen

Háskóli Íslands

Með verkefninu Græn skref í ríkisrekstri lögðu stjórnvöld áherslu á að allar ríkisstofnanir innleiddu græn skref í ríkisrekstri fyrir árslok 2021. Með vitundarvakningu um sjálfbærni hafa stofnanir hér á landi ýmist mótað stefnu eða innleitt sjálfbærni í stefnu sína. Tilgangurinn er að reyna að stýra þeim áhrifum sem starfsemi þeirra hefur á umhverfið. Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í upplifun stjórnenda af innleiðingu sjálfbærni í stefnu með því að einblína á forsendur þeirra, aðferðir við innleiðingu og með því að túlka áskoranir þeirra í nýju og breyttu umhverfi. Tekin voru tólf viðtöl við stjórnendur stofnana sem hafa reynslu af þátttöku í verkefninu. Notast var við fyrirbærafræði við öflun og greiningu gagna um reynslu og upplifun frá sjónarhorni stjórnenda. Niðurstöður gefa vísbendingu um að kröfur samfélags og félagslegt rekstrarleyfi ásamt vaxandi kröfum frá stjórnvöldum séu helstu forsendur fyrir innleiðingu sjálfbærni í stefnu. Reynsla stjórnendanna er að brýn þörf sé á frekari stuðningi frá stjórnvöldum til þess að mæta betur kröfum þeirra. Þá krefst innleiðing breytinga á starfseminni sjálfri sem og hugarfarsbreytingu meðal allra í skipulagsheildinni. Þar skiptir upplýsingamiðlun, hvatning og fræðsla meginmáli. Á tímum örra breytinga og kröfu um sjálfbærni þá er það reynsla stjórnenda að sýna þurfi innleiðingunni þolinmæði og skilning. Rannsóknarniðurstöður varpa ljósi á mikilvægi þess að innleiða sjálfbærni í gegnum alla starfsemina með því að samræma aðgerðir og ákvarðanir við sjálfbærni. Rannsóknin hefur hagnýtt gildi fyrir þá sem vilja hefja eða komast lengra í sjálfbærnivægferð vinnustaða.

Ferðast á milli heima: Af Vesturheimsferðalögum fólks og forneskju

Eiríkur Valdimarsson

Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum, Þjóðfræðistofa

Árið 1972 ferðuðust Hallfreður Örn Eiríksson og Olga María Franzdóttir til Kanada á slóðir landnáms Íslendinga og tóku viðtöl við fólk af íslenskum uppruna. Flest viðtölin fóru fram á íslensku, jafnvel þótt viðmælendurnir væru sumir af annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda í landinu. Þar er rætt um minningar frá gamla landinu og lifnaðarhætti í því nýja, auk þess sem spurt er út í þjóðtrú, kvæði og sögur. Undanfarin misseri hefur verið gert átak við að koma þessum upptökum fyrir almenningssjónir, inn á ismus.is. Í erindinu verður einkum fjallað um íslenska þjóðtrú sem fluttist með fólkinu vestur um haf: hver urðu örlög slíks efnis eftir að þangað var komið? Hvað varð um ættarfylgjur og forynjur Íslendinga sem yfirgáfu æskustöðvarnar? Ljóst er að fólk tók með sér þekkingu og kunnáttu frá Íslandi og vestur um haf, en margt af því átti erfitt uppdráttar í nýrri heimsálfu. Inn í það spilar m.a. öðruvísi loftslag, menning, ný tungumál og sambúð með fólki af ýmiskonar uppruna. Líklega hefur þessi breyting reynt bæði á fólk og þjóðsagnaverur, enda eru til frásagnir af draugum sem hreinlega drifu sig aftur heim til Íslands við fyrsta tækifæri. Slíkar frásagnir lýsa kannski vel innri baráttu fólksins við hin miklu umskipti: þegar það hætti að vera Íslendingar og urðu Kanadabúar.

Trees, cable boxes and garden walls: everyday objects as the loci of place attachment in urban landscape

Vitalina Ostimchuk

University of Iceland

When we live our lives in a certain place, we inevitably experience emotions and feelings towards it, our everyday actions and life events create memories that we associate with it. In the words of Sarah Ahmed, these emotions, feelings, and memories “stick” to the city landscape where we dwell. The familiar streets are haunted by the ghosts of our personal past. The main goal of this research is to gain insight into how these connections to the city landscape are formed, how the inhabitants attach meaning to the place they experience in their everyday life, whether we consider a childhood home, a place connected to their family history or other life events both important and mundane. In order to better capture the embodied experience of the participants and get the sense of their place-memory connections the methods of sensory ethnography were used. By conducting walk-along interviews with flexible route chosen by the participants in the midtown Reykjavik I have discovered that the objects that bear importance for the interviewees include not only buildings, parks and other bigger architectural forms but are often such inconspicuous things like a certain bench in the park, a garden wall, or a cable box. These mundane objects become the focal points of attention to which the emotions and memories stick, which invite the ghosts of the past and in this way become the loci of the attachment to the place and artefacts of the personal heritage.

Skynrænar aðferðir og gildi sögulegs borgarlandslags

Snjólaug G Jóhannesdóttir, Ólafur Rastrick

Háskóli Íslands

Mörgum þykir borgarlandslag sem skartar eldri byggingum og skírskotar á einn eða annan hátt til liðsins tíma hafa sérstakt aðdráttarafl. Fyrir íbúa eru slíkir staðir efnisleg birtingarmynd minninga og merkingar, sem tengja einstaklinga við stað og samfélag. Í rannsóknum á staðartengslum (place-attachment), hefur sýnt sig að virkar tengingar af þessu tagi við umhverfið hefur gildi fyrir velferð og samfélagslega virkni einstaklinga. Jafnframt hefur verið dregið fram að staðartengsl fólks byggja einungis að hluta til á skilvitlegum þáttum og að skynjun, tilfinningar og flókin úrvinnsla reynslu og minninga leikur lykilhlutverk í tengslamyndun fólks við staði. Hin seinni ár hefur orðið vakning í að greina samband fólks við menningararfleifðina á heildstæðan hátt þar sem tekið er tillit til tilfinninga og hrifrænna þátta. Í yfirstandandi rannsókn eru þróaðar eigindlegar aðferðir á þessum grunni til að öðlast innsýn samband fólks við staði og hversdagslega byggingararfleifð. Í erindinu verður gerð grein fyrir aðferðafræðinni og sýnt fram á hvernig hún nýtist til að varpa ljósi á staðartengsl fólks og hvernig íbúar mynda fjölþætt samband við borgarlandslagið. Fjallað er um möguleika og takmarkanir þeirrar skynrænu aðferðafræði sem þróuð er í rannsókninni og sýnt fram á hvernig hún nýtist til að veita aðgang að skynjun, tilfinningalegum og hrifrænum þáttum í sambandi fólks og staða. Aðferðin varpar með þessum hætti nýju ljósi samband sögulegs borgarlandslags og mótun staðartengsla og eflir með því skilning á virkni og gildi hversdagslegs byggingararfs í samtímanum.

Aðdráttarafi þess sem eftir stendur. Staðartengsl og arfleifð í þéttbýli

Anna Sigríður Melsteð

Háskóli Íslands

Miklar umræður hafa löngum skapast um sögulegt landslag þéttbýlis og skiptar skoðanir hafa verið á þróun þess. Áhrif einstaklinga, yfirvalda og sérfræðinga á menningararfsumræðu eru augljós ekki síst þegar úrval þess sem eftir stendur er skoðað, sumt stendur frá fjarlægri fortíð, annað er horfið og nýtt komið í staðinn sem fellur að umhverfi sínu á viðeigandi hátt. Stykkishólmur er sjarmerandi bær og talsvert af gömlum húsum sem standa þétt í elsta hluta bæjarins mynda miðbæinn. Ný hús á því svæði eru byggð í gömlum stíl sem falla vel að umhverfinu og viðhalda því um leið sem „gömlu“. Í erindinu verður greind opinber orðræða um gömlu húsin í Stykkishólmi og hvernig litið er á þau sem aðdráttarafi og arfleifð svæðisins. Fjallað verður um gildi húsanna fyrir íbúana og færð rök fyrir því hvernig þau undirbyggja staðartengsl þeirra. Rannsókn á opinberri orðræðu um gömlu húsin í Stykkishólmi leiðir í ljós að þau eru áberandi í kynningarefni um sveitarfélagið, einkum í tengslum við ferðaþjónustu. Orðræðan hefur einnig leitt til þess að snúið hefur verið frá því að nýbyggingar endurspegli strauma og stefnur samtímans í byggingarlist og að leitast er við að byggja á svæðinu í gömlum stíl. Rannsóknin sýnir einnig fram á að sjálfsmynd íbúa er jákvæð og staðartengsl þeirra við sögu og ásýnd miðbæjarins er sterk.

Flökkusögur flytjenda: Þau sem flytja í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins

Þóroddur Bjarnason

Háskóli Íslands

Víða á Vesturlöndum jókst straumur fólksflutninga frá stærri borgum til annarra byggðarlaga á síðustu áratugum 20. aldarinnar. Þessi „gagnþéttbýlisvæðing“ (e. counter-urbanization) hefur annars vegar falist í fólksflutningum til byggðarlaga á áhrifasvæðum borganna (e. exurbanization) en hins vegar flutningum til stærri bæja og smáborga sem sameina marga kosti þéttbýlis og dreifbýlis (e. microubanization). Hér á landi var vöxtur Reykjavíkurborgar og síðar höfuðborgarsvæðisins eitt megineinkenni byggðaþróunar fram til loka 20. aldarinnar. Frá síðustu aldamótum hefur „Suðvestursvæðið“ í u.þ.b. 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík hins vegar vaxið hraðar en höfuðborgarsvæðið og fólki einnig fjölgað í smáborginni Akureyri. Á árunum 2000–2022 fjölgaði íbúum um 40% á höfuðborgarsvæðinu, 66% á Suðvestursvæðinu og 27% á Akureyri. Engin breyting varð á samanlögðum íbúafjölda allra annarra byggðarlaga á landinu. Í almennri og fræðilegri umræðu hefur oft verið gert ráð fyrir því að hátt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu sé helsta ástæða fólksflutninga til Suðvestursvæðisins en vöxtur Akureyrar skýrist af flutningum fólks frá dreifbýlli svæðum á Norðurlandi. Í þessari rannsókn verður leitast við að svara því að hvaða marki aðflutningar til þessara byggðarlaga skýrist af flutningum (1) innfæddra höfuðborgarbúa, (2) heimafélks á leið til baka eftir búsetu annars staðar, (3) íbúa dreifbýlli nágrannabyggðarlaga eða (4) erlendra ríkisborgara. Byggt er á opinberum gögnum um fólksflutninga og íbúaðróun og niðurstöðum könnunar meðal íbúa Suðvestursvæðisins og Akureyrar. Niðurstöður benda til að hlutdeild uppalinna á höfuðborgarsvæðinu í slíkum flutningum hafi verið ofmetin en hlutdeild þeirra sem ólust upp á Suðvestursvæðinu eða Norðurlandi en fluttu síðar til höfuðborgarsvæðisins eða annarra landa að sama skapi vanmetin.

Lífsánægja og líkamsþyngdarstuðull: virði þess að vera í óskabyngd og samspil þess við þyngd maka

Kristjana Baldursdóttir¹, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir², Paul McNamee³, Edward C. Norton⁴, Þórhildur Ólafsdóttir⁵

¹ Háskóli Íslands

² Háskóli Íslands

³ University of Aberdeen

⁴ University of Michigan

⁵ Háskóli Íslands

Ein af áskorunum heilbrigðiskerfisins, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, er aukin tíðni offitu. Samband lífsánægju og líkamsþyngdar er flókið en mörgum er annt um eigin líkamsþyngd og gera ýmislegt til að ná þeirri þyngd sem þeim finnst ákjósanlegust. Markmið þessarar rannsóknar er að meta virði þess að vera með óskabyngdarstuðul (e. optimal Body Mass Index) sem er sá þyngdarstuðull sem hámarkar lífsánægju einstaklinga. Notuð er svokölluð tekjuuppbótaraðferð (e. compensating income variation method) til að meta til fjár það velferðartap sem einstaklingar verða fyrir í kjölfar þess að vera ekki með sinn óskabyngdarstuðul. Greiningin byggir á gögnum frá Household, Income and Labour Dynamics in Australia (HILDA) sem safnað var á árunum 2001 til 2020 og innihalda upplýsingar um lífskjör og þjóðfélagslegar aðstæður í Ástralíu. Notuð er aðfallsgreining með slembiáhrifum (e. random effects) til að meta bæði virði þess að vera með óskabyngdarstuðul og hvernig virðið breytist með þyngdarstuðli maka. Niðurstöðurnar sýna að metin tekjuuppbót hækkar eftir því sem einstaklingar eru lengra frá metnum óskabyngdarstuðli og á þetta bæði við um karla og konur. Jafnframt er varpað ljósi á sterkt samspil milli óska um eigin líkamsþyngd og líkamsþyngd maka og gefa niðurstöður til kynna að óskabyngdarstuðull einstaklings hækkar með hækkandi þyngdarstuðli maka og öfugt. Mikilvægt er að varpa skýrara ljósi á samband lífsánægju og líkamsþyngdar ásamt áhrifaþáttum þess að vera með offitu. Slíkar upplýsingar geta reynst verðmætar við forgangsröðun fjárúthluta innan heilbrigðiskerfisins.

Labour market consequences of an early-onset disability: the case of cerebral palsy

Derek Asuman, Ulf-G Gerdtham, Ann Alriksson-Schmidt, Martin Nordin, Johan Jarl

Lund University

The labour market consequences of early-onset or congenital disabilities have received little attention in the literature. In this paper, we study the consequences and main pathways of cerebral palsy (CP), a lifelong early onset disability, on employment and earnings. We use data from multiple linked Swedish National Population Registers between 1990 and 2015 and apply both regression and causation mediation analysis. Our results show, as expected, a strong negative effect of CP on employment and earnings but also that the social insurance system compensate for some of the earnings losses. In addition, the results indicate that CP affects labour outcomes through several mediators where indicators related to health and work absenteeism account for the largest mediated effects. The results also suggest that the direct effects of CP per se, has prominent impact on labour market outcomes. This may be considered when designing interventions that aim to mitigate the labour market consequences of CP.

Lífsánægja og verkaskipting innan heimilisins

Anna Guðrún Ragnarsdóttir¹, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir², Edward C. Norton³, Paul McNamee⁴, Þórhildur Ólafsdóttir⁵

¹ Háskóli Íslands

² Háskóli Íslands

³ University of Michigan

⁴ University of Aberdeen

⁵ Háskóli Íslands

Miklar breytingar hafa átt sér stað í verkaskiptingu kynjanna innan heimilisins á undanförunum áratugum. Í stað þess að hlutverk kvenna sé að sinna heimilisstörfum og hlutverk karla sé að afla tekna á vinnumarkaði er að verða síalgengara að bæði konur og karlar sinni báðum hlutverkum. Þessi þróun vekur upp ýmsar vangaveltur og er markmið þessarar rannsóknar að varpa skýrara ljósi á sambandið milli lífsánægju og verkaskiptingar á skyldum heimilisins (e. household responsibilities). Í þessari rannsókn er tekið mið af öllum helstu skyldum heimilisins og er þeim skipt í fjóra flokka; heimilisverk (e. housework), umsjá og viðhald eigna, umsjá barna og öflun tekna. Leitast er við að kanna sambandið milli lífsánægju annars vegar og eigin framlags og framlags maka við hverja skyldu hins vegar. Greiningin notast við líkön með föstum áhrifum (e. fixed effects models) og nýtir til þess áströlsk þversniðsgögn frá Household, Income and Labour Dynamics in Australia (HILDA) sem safnað var árlega frá 2001 til 2020. Fyrstu niðurstöður gefa meðal annars til kynna að samband lífsánægju og skyldna heimilisins er mjög ólíkt eftir kyni en einnig eftir því hvaða skylda er til skoðunar. Til að varpa ljósi á heildar verkaskiptingu kynjanna innan heimilisins er því mikilvægt að skoða fleiri en eina skyldu heimilisins.

Greiðsluvilji einstaklinga til að sleppa undan samfélagslegum aðgerðum í Covid-19 faraldrinum

Hjördís Harðardóttir, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Háskóli Íslands

Covid-19 faraldurinn setti mark sitt á líf Íslendinga sem og annarra á síðustu árum. Á Íslandi og annarsstaðar voru samfélagslegar aðgerðir á borð við samkomubann og nálægðartakmörk settar á til að stemma stigu við útbreiðslu faraldursins og lágmarka þannig heilsutjón. Á sama tíma er ljóst að aðgerðirnar sjálfar höfðu töluverð áhrif á líf og velferð almennings. Markmið þessarar rannsóknar er að mæla í krónum talið það velferðartap sem af aðgerðunum hlaut. Í þessum tilgangi er notast við skilyrt verðmætamat til að mæla greiðsluvilja íslensks almennings til að losna undan aðgerðunum. Þær aðgerðir sem spurt er um í rannsókninni eru nálægðartakmarkanir, grímuskylda, samkomubann og takmarkanir á heimsóknum á sjúkrahús og elliheimili. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að meðalgreiðsluvilji þátttakenda til að í einn mánuð losna undan samfélagslegum aðgerðum sem samanstanda af 2 m. nálægðarreglu, grímuskyldu ef ekki er hægt að framfylgja 2 m. reglu, samkomubanni fyrir fleiri en 20 einstaklinga og aðgangshindrunum að sjúkrahúsum og elliheimilum, er um 18,500 kr. sem samsvarar rúmlega 5 milljörðum ef upphæðin er færð yfir á alla fullorðna á Íslandi (um 3.5% af vergri landsframleiðslu ársins 2020). Af niðurstöðunum má einnig álykta að sá hluti aðgerðanna sem þátttakendur eru að meðaltali tilbúnir að borga mest fyrir að losna undan er samkomubann sem að nær til barna.

Hvaða áhrif hafa ytri aðstæður á sambandið milli tekna og velferðar?

Guðrún Svavarsdóttir, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Háskóli Íslands

Við eigum enn margt ólært um flókið samband tekna og velferðar. Má þá sérstaklega nefna hvaða áhrif ytri aðstæður hafa. Við metum einstaklingsbundin velferðarföll tekna (e. individual welfare functions of income) með því að nota spurningu þar sem fólk er beðið að meta tekjur við mismunandi velferðarstig (e. income evaluation question). Þetta gerir okkur kleift að skoða tvö hugtök í ljósi ytri aðstæðna: tekjuþarfir (e. income needs), hversu miklar tekjur einstaklingur þarf til að vera við ákveðið velferðarstig, og velferðarnæmni fyrir tekjum (e. welfare sensitivity to income), hversu miklar breytingar verða á velferð fólks þegar tekjur þeirra breytast. Mikill landfræðilegur og félagslegur breytileiki í rússnesku gögnunum sem notuð eru í rannsókninni gera okkur kleift að skoða ytri aðstæður með góðu móti. Þrjár helstu niðurstöður eru eftirfarandi: (1) Rússar þurfa, að meðaltali, meiri tekjur en þeir hafa nú þegar til að ná meðalvelferð og þessi upphæð hækkar með hærri rauntekjum. (2) Rússar eru ekki jafn næmir fyrir breytingum á tekjum samanborið við fólk frá öðrum löndum. (3) Velferðarnæmnin tengist ekki skýrum félagslegum einkennum en tekjuþarfirnar gera það. Hins vegar sýnum við að velferðarnæmnin tengist svæðisbundnum aðstæðum og þá sérstaklega tekjuójöfnuði. Þetta sést einnig þegar litið er á niðurstöður fyrri rannsókna og þær skoðaðar í sama ljósi. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi tekjujöfnunar fyrir samfélagslega velferð þar sem þær sýna að þar sem tekjujöfnuður er meiri fær einstaklingurinn meiri velferð fyrir hverja krónu.

Öldrun íslenska hagkerfisins

Gylfi Magnússon

Háskóli Íslands

Öldrun þjóðarinnar mun hafa veruleg efnahagsleg áhrif næstu áratugi. Í rannsókninni er lagt mat á hve mikil þessi áhrif kunna að verða með greiningu á gögnum og spám um lýðfræðilega þróun, framleiðnivöxt, ýmiss konar leitni í breytum og fleiri þætti. Sérstaklega er reynt að greina hve góð líf skjör þjóðarinnar verða að teknu tilliti til þessarar þróunar. Öldrunin mun hægja á hagvexti en hann getur þó orðið allnokkur ef framleiðniaukning undanfarinna ára heldur áfram, jafnvel þótt ekki verði hægt að auka auðlindanýtingu. Verði land og þjóð ekki fyrir óvæntum hamförum má því vænta þess að líf skjör landsmanna haldi áfram að batna milli kynslóða. Samneysla mun þó vaxa meira en einkaneysla vegna lítils svigrúms til framleiðniaukningar í persónulegri þjónustu. Aukin umsvif í öldrunarþjónustu munu líka verða kostnaðarsöm. Ekki stefnir þó í vanda í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, m.a. vegna þess að hið opinbera mun fá verulegar tekjur vegna lífeyrisgreiðslna úr sjóðsöfnunarhluta lífeyriskerfisins og spara sér útgjöld í gegnumstreymishlutanum. Vandí vegna vanfjármögnunar lífeyriskerfis opinberra starfsmanna ætti að verða að mestu leystur upp úr miðri öldinni. Spár um hlutfallslega fækkun fólks á vinnualdri hafa ekki gengið eftir undanfarin ár vegna mikillar fjölgunar innflytjenda. Haldi sú þróun áfram verður lýðfræðileg þróun hagstæðari en gert hefur verið ráð fyrir. Hækkun eftirlaunaaldurs hefði áhrif í sömu átt.

Víðfeðmni örlánastofnanna

Sigurður Guðjónsson

Háskóli Íslands

Þrátt fyrir að fátækt sé viðvarandi vandamál í efnahagslífi heimsins hafa mikilvæg skref verið stigin á síðustu áratugum til að bæta efnahagslega velferð fátækra. Mikilvægur hluti af lausnunum hefur verið uppgangur örlánastofnana (microfinance institutions) sem sérhæfa sig í lánum til þeirra allra fátækustu í heiminum með afar lágum vöxtum og oft engu veði. Eitt af meginmarkmiðum örlánastofnana er því að ná til sem flestra fátækra sem þurfa á lánsfé að halda og veita þeim lán. Hjá fræðimönnum hefur þetta markmið verið nefnt víðfeðmni (outreach). Nýlegar rannsóknir benda til þess að örlánastofnanir gætu hagnast á meiri þátttöku kvenna í stjórnun þeirra. Þetta hefur verið útskýrt með þeirri kenningu að konur hafi meiri skilning á aðstæðum lántakenda þar sem þeir eru yfirleitt einnig kvenkyns, en konur eru um það bil 70 prósent allra lántakenda örlánastofnana. Þetta er meginindleg rannsókn og notast var við gögn sem samanstanda af 226 örlánastofnunum og aðhvarfsgreining notuð til að einangra tengsl milli kvenkyns stjórnenda og víðfeðmni. Í þessari grein skoðum við hvort aukið hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum örlánastofnana (stjórnarmeðlimir, forstjórar, milli stjórnendur og lánafulltrúar) hefur áhrif á hversu vel þessar stofnanir ná til fátæks fólks. Örlánastofnanir þar sem konur eru forstjórar, mikill hluti millistjórnenda voru kvenkyns og þar sem mikið var um kvenkyns lánafulltrúa, náðu betri árangri í að ná til fátæks fólks en þær stofnanir þar sem fáar konur voru í ofangreindum stöðum. Hins vegar virtist það ekki skipta máli hvort stjórnarmeðlimir voru konur eða karlar.

Migrants navigating the Icelandic financial landscape

Anna Wojtynska, Már Wolfgang Mixa

University of Iceland

In current advanced economies, market and financial institution largely regulate everyday welfare of people, often in an inconspicuous way. While, today's "financial landscapes" are extensively shaped by the international regulatory framework, they continue to be entrenched in a national context formed by history and social, economic, and political developments. Migrants navigate these complex "landscapes" of so-called sending and receiving states, making decisions regarding money, savings, and loans. The global financial crash of 2008, that severely affected Icelandic financial institutions, had significant impact on migrants pursuing transnational lives, including their monetary practices. For example, the sudden and substantial decrease of the Icelandic krona in comparison with currencies in migrants' home countries affected the value of their savings. At the same time, banks introduced new regulations limiting accessibility of some of their products to foreign citizens. In this presentation we map the financial landscapes in Iceland and to a certain extent Poland, in order to identify whether they differ, as well as to reflect on how financial arrangements in both countries affect migrants' strategies regarding money and savings. The presentation is based upon interviews with experts, and analysis of secondary sources, complemented with interviews from a pilot study already conducted among Polish and Lithuanian migrants in Iceland. The main findings of this study should provide a better understanding of migrant's financial situation in Iceland, which then could provide a path to analyse better their social well-being.

Discards and High-grading in the Icelandic ITQ system; A case control study of on-board vs on-land monitoring of catch

Birgir Runólfsson, Daði Kristófersson

University of Iceland

Iceland adopted an ITQ-system for all of its fisheries more than three decades ago. The system has worked well in increasing the economic performance of the fisheries and, at least seemingly, the enforcement of the TACs. The Fisheries Directorate is aware of the potential problem of discards and has from the outset done studies and monitored the level of discards. Monitoring has shown low levels of discards in most fisheries, although the level varies between species. Iceland has in place a comprehensive system to monitor discards. A group of observers alternate between on-board monitoring and on-land monitoring. An on-board observer monitors samples from the catch, the mix of species, the size of individual fish, etc. On-land observers monitor samples from landings from other trips. Data from the reports are an input into a data bank where it can potentially be analyzed in various ways, such as comparing catch between trips. All analysis shows the level of discards being low. Despite this, there have always been rumors and even video clips seemingly showing “higher levels” of discards. We provide a case-control analysis of on-board monitored catch versus on-land monitored landings of catch. Observations are paired based on all available information, such as vessel, time of year, species and degree of processing. This allows for a systematic estimation of the difference in catch composition between trips with on board observers and where no observer is on board, providing an estimate of the level discard. Results show increased frequency but not in volume.

Jafnvægi velferðar og valddreifingar í samkeppnisrétti

Haukur Logi Karlsson

Háskóli Íslands

Fræðileg umræða um réttmæti mismunandi normatífra markmiða samkeppnisréttar hefur verið líflæg undanfarin ár. Síðustu áratugi hefur einkum verið einblínt á efnahagslega velferð við framfylgd samkeppnisréttar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, með sérstakri áherslu á velferð neytenda. Gagnrýni hefur hins vegar farið vaxandi á þær afleiðingar sem af slíkri áherslu leiða, einkum í ljós þess að efnahagslegur ójöfnuður hefur farið vaxandi á sama tíma og fákeppni hefur aukist á mörgum alþjóðavæddum mörkuðum síðustu áratugi. Umræðan í Bandaríkjunum hefur undanfarið snúist um hvort víkka eigi út velferðarviðmiðin sem samkeppnisrétturinn grundvallast á í nútímanum, eða hvort leita eigi aftur í hugmyndir fyrri tíma um áherslu stýringu á skipulagi markaða. Markmiðið með þessari ritgerð er að máta hugmyndir þýskra fræðimanna frá þriðja og fjórða áratug síðustu aldar, sem kenndar eru við Háskólann í Freiburg og Ordoliberalisma, við þá umræðu sem að ofan er lýst með normatífri réttarheimspekilegri nálgun. Sú ályktun er dregin í ritgerðinni að hugmyndir Ordoliberalismans um efnahagslega valdreifingu og umræða hans um skil-in á milli hins efnahagslega og hins stjórnálalega gefi kost á annarri nálgun á normatífan grundvöll samkeppnisréttarins en miðað hefur verið við í framkvæmd síðustu áratugina og þar með á breyttum viðmiðum við framfylgd hans. Slík nálgun kann jafnframt að veita frekari viðspyrnu en núverandi nálgun gerir við þeim vaxandi efnahagslega ójöfnuði sem til umræðu hefur verið.

„Ég ætla aldrei aftur í samfélagsþjónustu“ Upplifun, reynsla og afstaða einstaklinga í samfélagsþjónustu

Brynja Rós Bjarnadóttir

Háskóli Íslands

Hér á landi hefur áhersla verið lögð á aukningu annarra afplánunarúrræða en afplánun í lokuðu fangelsi. Samfélagsþjónusta er eitt af þeim úrræðum sem hefur farið stigvaxandi sem afplánunarúrræði hjá Fangelsismálastofnun ríkisins. Hún hefur verið við lýði á Íslandi frá árinu 1995 og hefur þróast frá því að leyfa dómþolum með allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu upp í tveggja ára dóm, að uppfylltum skilyrðum, að afplána refsinguna sína með samfélagsþjónustu. Einnig hafa einstaklingar með vararefsingu fésekta tækifæri á að afplána með þessum hætti. Aðal markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun, reynslu og afstöðu þeirra sem afplána með samfélagsþjónustu og fá að taka út sína refsingu í vægara úrræði með tilliti til frelsisskerðingar. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við sjö einstaklinga sem eru nú þegar í samfélagsþjónustu eða hafa nýverið lokið henni. Einnig var tekið viðtal við þrjá umsjónarmenn vinnustaða sem samfélagsþjónar sækja vinnu til og við Pál E. Winkel forstjóra Fangelsismálastofnunar. Niðurstöðurnar bentu til þess að samfélagsþjónustuúrræðið er vissulega heppilegra úrræði en afplánun í fangelsi þar sem frelsisskerðing getur haft verulegar afleiðingar, til að mynda atvinnumissi og rof á félagslegum tengslum. Þrátt fyrir það reynist það einstaklingum áskorun að afplána í samfélagsþjónustu þar sem erfitt getur reynst að samræma samfélagsþjónustuvinnuna með annarri vinnu og/eða námi og fjölskyldulífi.

„Draumastaður“ og önnur úrræði til að hverfa úr vændi

Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir

Háskóli Íslands

Árið 2009 voru gerðar breytingar á 206 gr. Almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt breytingunni eru kaup á vændi og hagnaður þriðja aðila af vændissölu refsiverð en sala á vændi er refsilaus með öllu. Með lagabreytingunni, sem kennd er við sænsku leiðina, er því miðlað að ekki sé í lagi að nýta sér neyð annarra í kynferðislegum tilgangi og að líkaminn sé ekki söluvara. Fyrir gildistöku laganna var lítið vitað um aðstæður fólks í vændi og engar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi eftir gildistöku þeirra sem kannar reynslu þeirra sem eru í vændi og þá hvort og þá með hvaða hætti lögin hafa náð markmiðum sínum. Markmið þessarar rannsóknar er að bæta úr því. Rannsóknin sem unnin er í samstarfi við Stígamót beinir sjónum sérstaklega að úrræðum til útgöngu (exit options) úr vændi. Framkvæmd voru 14 eigindleg viðtöl við konur sem verið hafa í vændi og eitt viðtal við forsvarsmanneskju samtakanna Rauðu regnhlífarinnar sem berjast fyrir afglæpavæðingu kynlífsvinnu. Viðtölin voru þemagreind og helstu niðurstöður eru þær að viðmælendum mætti úrræðaleyfi í aðdraganda vændis. Þær upplifa sig ekki örugga í samskiptum við lögreglu og fagaðila. Þær kalla eftir harðari refsingum fyrir vændiskaup, fjölbættum úrræðum fyrir þau sem vilja hverfa úr vændi og að þekking um vændi og afleiðingar þess verði aukin og miðlað til samfélagsins.

Búsetuaðstæður fyrrum fanga á Íslandi: Stuðningur til betrunar

Elsa Dögg Lárusdóttir

Háskóli Íslands

Betrunarstefna gegnir þeim tilgangi að tryggja að úr fangelsi komi betri einstaklingur en fór þar inn. Þannig aukast líkur á farsælli samfélagsaðlögun sem jafnframt dregur úr líkum á ítrekun. Stór hluti fanga þarf aðstoð við að uppfylla grunnþarfir þegar út er komið og því ólíklegt að markmið um betrun sé í forgangi. Ef þeir eru ekki heimilislausir áður en afplánun hefst eru miklar líkur á að þeir verði það í kjölfar sem jafnan eykur líkur á endurkomu í fangelsi. Samband húsnæðisvanda og afbrota hefur lítið verið rannsakað hér á landi og því markmið verkefnisins að draga upp heildstæð mynd af búsetuaðstæðum fyrrum fanga á Íslandi. Rannsóknin var tvíþætt; fyrst voru tekin djúpvíðtöl við fyrrum fanga með reynslu af húsnæðisvanda og næst var lögð fram spurningalistakönnun á fjórum áfangaheimilum sem frumraun til að nálgast þennan jaðarsetta hóp. Niðurstöður sýndu í fyrsta lagi marktæk tengsl milli einstaklinga með brotasögu á bakinu og óstöðugleika í húsnæðismálum, í öðru lagi, almennt slæma reynslu fyrrum fanga af húsnæðismálum hér á landi, og í þriðja lagi, ýmsar kerfisbundnar hindranir sem stóðu í vegi fyrir betrunarferli þeirra þar sem stór hluti fanga eiga við fjölþætt vandamál að stríða sem eingöngu er mætt að hluta til af fangelsismálayfirvöldum. Lagt er til að sjónarmið skaðaminnkunar verði tekið upp í ríkari mæli í stefnumálum fanga og talið lágþröskuldaumhverfi best til þess fallið að mæta ólíkum þörfum hópsins, líkt og í málefnum heimilislausra. Lykilmáli skiptir að grunnþarfir séu álitin sjálfsögð mannréttindi og því öllum samfélagsþegnum tryggð húsnæði skilyrðislaust.

Söguleg fjarvera og hulinn atbeini. Ákall um sögu athafnakvenna með áherslu á textíl

Þorgerður Einarsdóttir, Laufey Axelsdóttir

Háskóli Íslands

Kynjabil hefur lengi verið viðvarandi í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Konur eru í minnihluta þeirra sem stofna atvinnufyrirtæki og þar mæta þær margvíslegum hindrunum. Saga athafnakvenna og þátttaka þeirra í viðskiptum er þó meiri en sýnist, en hún hefur verið hulin í hefðbundinni sagnfræði og kynjasögu. Þetta á við um hefðbundin karlasvið en ekki síður um hefðbundin kvennasvið eins og textíl. Markmið erindisins er að auka sýnileika athafnakvenna og varpa ljósi á nokkra af þeim þáttum sem hafa átt þátt í að hylja framlag þeirra í sögu og samtíma. Meðal þess eru áhrif hjúskaparstöðu á fjárræði kvenna áður fyrr, aðgreiningin í einkasvið og opinbert svið, flokkanir í hagtölum, skilgreiningar fræðafólks á hugtakinu vinna og menningarbundin merking hugtaksins athafnamaður og athafnamenska. Í rannsókninni er notast við tilviksaðferð þar sem sjónum er sérstaklega beint að textíl. Stuðst er við innihaldsgreiningu fyrirbyggjandi gagna, bæði opinberra gagna og annarra heimilda, hefðbundinna sem óhefðbundinna. Erindið mun bæta við fræðilega þekkingu og auka heildstæðan skilning á gerendahæfni kvenna í athafnamensku og viðskiptum, og ekki síst textíl. Verkefnið er hluti af H2020 verkefninu CENTRINNO.

Með lífið í lúkunum - handverksþekking á óvissutímum

Soffía Valdimarsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir

Háskóli Íslands

Vinumarkaður síðnútímans og starfsþróun einstaklinga einkennist af óstöðugleika og skertu starfsöryggi. Sífelld fleiri eru því sjálfstætt starfandi. Algengt er að nýta ýmsa persónubundna þekkingu ekki síður en formlega menntun til tekjuöflunar. Margir grípa til handverks í þessu sambandi enda gera samfélagsmiðlar fólki kleift að markaðssetja bæði þekkingu sína og afurðir með auðveldari hætti en áður. Samkvæmt nýlegri greiningu UNESCO eru skapandi greinar sá geiri efnahagslífsins sem vex hvað hraðast víða í heiminum í dag. Íslenskir hagnýsarmenn benda til þess að það sama sé uppi á teningnum hérlandis. Erindið greinir frá niðurstöðum rannsóknar sem hafði það að markmiði að kanna algengi og ástæður þess að nýta sér handverksþekkingu til tekna á Íslandi og þá sérstaklega hvenær það var gert. Spurningakönnun var lögð fyrir 1985 manna tilviljunarúrtak meðal búsettra á Íslandi 18 ára og eldri á netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ í nóvember og desember 2020. Svarhlutfall var 44% (n=882). Helstu niðurstöður sýna að 22% þátttakenda reyndust hafa nýtt sér handverksþekkingu til tekna einhvern tímann á ævinni. Athygli vekur að enginn marktækur kynja- og aldursmunur mældist þegar litið var til algengis eða ástæðna heilt yfir. Handverksþekking virðist hafa orðið mörgum nærtækt bjargráð á erfiðum tímum. 50% ástundenda fóru þessa leið til tekjuöflunar í kjölfar efnahagshrunsins 2008, ungir höfuðborgarbúar og fólk með sérfræðimenntun sérstaklega. Niðurstöður vekja spurningar um gildi og hlutverk handverks og handverksþekkingar í samtímanum. Fjallað verður um þær í ljósi ríkjandi menntaorðræðu sem staðsetur verkþekkingu og verk- og starfsmenntun skör lægra en hefðbundið bóknám

Kynjað óöryggi og stjórnarfyrikomulagi misréttis í starfsþróun doktora

Finnborg Steinþórsdóttir

Háskóli Íslands

Að vinna gegn kynjaslagsíðu í ákvarðanatöku hefur verið skilgreint af evrópska rannsóknarsvæðinu sem eitt af þremur forgangsverkefnum til að vinna að kynjajafnrétti í háskólum, rannsóknum og nýsköpun. Kynjuð fjármál hafa það að markmiði að breyta stefnumótun og ákvarðanatöku til að stuðla að kynjajafnrétti. Nálgunin gengur út frá því að skipulag og stjórnun stofnanna sé ekki „kynhlutlaust“ eða hlutlægt tæknilegt verklag, heldur séu allar ákvarðanir pólitískar og hafa kynbundnar afleiðingar. Í þessari grein mun ég beina sjónum mínum að framgangi akademískra starfsmanna við háskóla á Íslandi. Rannsóknin byggir á stefnu- og stjórnunarskjöllum, tölfræðilegum gögnum og hálf-stöðluðum viðtölum við sérfræðinga frá sjö háskólum. Niðurstöðurnar sýna að það er margt í framgangskerfum íslenskra háskóla sem endurspeglar „stjórnarfyrikomulag misréttis“ (e. inequality regimes), þ.e. að starfshættir og ákvarðanatöku sé hagstæðari fyrir suma hópa en aðra, sem ýti undir og viðhaldi kynjamisrétti og annars konar misrétti. Þetta birtist m.a. í megináherslu á rannsóknir, stigveldi vísindanna, óhlutdræga mælikvarða, matskennda afstöðu við mat á störfum akademísks starfsfólks, kynjaða verkaskiptingu og menningu „umönnunar-ábyrgðarleysis“. Niðurstöðurnar eru hluti af Gendersense verkefninu sem hefur það að markmiði að rannsaka og efla þekkingu á stjórnarfyrikomulag misréttis sem þjónar innleiðingu kynjaðra fjármála í háskólum.

Samfélagsleg þátttaka íbúa á Vestfjörðum

Arndís Dögg Jónsdóttir, Svava Þorsteinsdóttir

Fine foods Íslandica, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum- Þjóðfræðistofa

Í þessum fyrirlestri verður skoðuð samfélagsleg þátttaka íbúa á Vestfjörðum. Hvernig einstaklingar leggja sitt af mörkum í að halda menningarlegum fjölbreytileika í litlum byggðum og mikilvægi einstaklingsframtaks til að halda þar uppi virku félagsstarfi. Efnið er hluti af rannsókn sem framkvæmd var sumarið 2022. Markmiðið var að skoða lífssýn Vestfirðinga og þeirra sem þar búa. Hvernig svæðið hefur áhrif á þá sýn sem fólkið hefur. Rannsóknin var framkvæmd með óstöðluðum viðtölum við 11 einstaklinga búsetta á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum og á Ströndum. Lítil sem enginn viðtalsrammi var í viðtölunum en fyrsta spurning var alltaf “getur þú sagt okkur frá sjálfum þér”. Eftir það var spurt út í það sem fram kom í viðtalinu. Viðtölin voru tekin upp, teknar voru vettvangsnótur og hönnunarnemi tók myndir af hverjum viðmælanda, efni eða hlutum sem þóttu mikilvægir ásamt því mynd var tekin af eldhúsglugga hvers þátttakanda. Meðal helstu ályktana sem draga má af rannsókninni er hversu gífurlega miklu máli einstaklingsframtakið og samfélagsþátttaka skiptir í smærri bæjarfélögum. Þetta er málefni sem var mikið rætt á einn eða annan veg í hverju viðtali. Nauðsynlegt er fyrir íbúa að taka þátt í dagskrá sem í boði er svo mögulegt sé að halda úti virku félags- og menningarstarfi innan bæja og byggðarlaga. Framlag einstaklingsins til menningar- og félagsmála innan samfélagsins getur haft jákvæð áhrif á hvernig einstaklingur upplifir eigið virði í samfélaginu sem stuðlar að aukinni virkni sem aftur eflir samfélagið sem þau tilheyra.

Eiga bókmenntir heima í Lögbergi

Hafsteinn Þór Hauksson

Háskóli Íslands

Snertifletir bókmennta og laga eru margvíslegir og þær rannsóknir sem stundaðar eru undir merkjum samnefndra fræða (e. law and literature) af ýmsum toga. Hluti þeirra lýtur að því að skoða birtingarmyndir lögfræðinnar, lögfræðinga og réttarkerfisins almennt í bókmenntum. Annað viðfangsefni er að fjalla um og greina bókmenntaeinkenni lögfræðilegra texta, svo sem lagaákvæða og dóma. Í þriðja lagi má nefna umfjöllun um ýmis bókmenntatengd viðfangsefni réttarkerfisins, svo sem höfundarrétt og ritstuld. Í erindinu verður fjallað stuttlega um þennan fjölbreytileika innan fræðigreinarinnar. Því næst verða færð rök fyrir því að umfjöllun um bókmenntir og lög geti gagnast lögfræðingum og tekin dæmi um íslensk skáldverk sem nýst gætu við kennslu í lagadeild. Verður í því sambandi sérstaklega vikið að skáldverkunum Svartfugli eftir Gunnar Gunnarsson og Góðu fólki eftir Val Grettisson.

Sek eða saklaus?

Guðrún Steinþórsdóttir

Háskóli Íslands

Í gegnum tíðina hefur skáldkonan Vigdís Grímsdóttir verið óhrædd við að stinga á ýmis samfélagskily í skrifum sínum en meðal annars hefur hún fjallað rækilega um kynferðislegt ofbeldi og afleiðingar þess. Sem dæmi um það má nefna skáldsöguna Ég heiti Ísbjörg ég er ljón (1989) þar sem rætt er á opinskáan hátt um sífjaspell, nauðganir og vændi. Það eru þó ekki einu glæpirnir sem sagan tekur á því aðalpersónan hefur gerst sek um morð. Í fyrirlestrinum verður rætt um samtal sakbornings og lögfræðings með hliðsjón af sögu Vigdísar og velt vöngum yfir hvaða lærdóm draga megi af skáldverkinu um sekt og sakleysi, alvarlega glæpi og afleiðingar þeirra. Þá verður einnig litið til viðtakna bókarinnar og þær settar í samhengi við mismunandi viðhorf til kynferðisafbrotá á ritunartíma sögunnar.

„Er það raunverulegt nafn yðar?“ Rýnt í réttarhöld ásamt Jósef K

Ástráður Eysteinnsson

Háskóli Íslands

Bókin Réttarhöldin er eitt þekktasta verk dr. Franz Kafka, lögfræðings og rithöfundar sem bjó hartnær alla ævi sína í borginni Prag. Þótt bókin fjalli um lög, handtöku, yfirheyrslur, refsingar, dómstóla og réttarhöld, er hér ekki um doktorsritgerð höfundar að ræða heldur skáldsögu sem hann setti saman í frístundum, í einskonar afdrepi sem hann bjó sér til meðfram ábyrgðarmiklum störfum sem millistjórnandi í tryggingafyrirtæki. Raunar mætti halda að aðalpersóna hans í sögunni, Jósef K., vakni í einhverskonar hliðarveruleika morgun einn þegar ókunnir menn tilkynna honum að hann sé handtekinn – en síðar kemur í ljós að hann má samt sem áður fara til vinnu sinnar í bankanum. Hvert er afbrot K. og hvernig á hann, eða lesandi skáldsögunnar, að skilja þau réttarhöld sem nú standa fyrir dyrum, eða eru þau þegar hafin? Um hvaða réttarkerfi er að ræða? Er þetta skuggadómstóll, lykilstaður í djúpríki af einhverju tagi? En samt virðist þennan dómstól vera að finna á víð og dreif í heimi Jósefs K., þar sem hefðbundin lögmál taka að raskast, meðal annars hin röklegu skil sem afmarka listheiminn, kirkjuna, fjármálakerfið, heimilið, karlveldið og einkalífið. Í þessu erindi verður reynt að eltast við hinn óræða glæp sem setur veruleika Jósefs K. úr skorðum. Sökin hlýtur að leynast einhvers staðar í sögunni – hugsanlega í sjálfri skjaldborg laganna.

Hvar skarast heimsbókmenntirnar og lögfræðin?

Jón Karl Helgason

Háskóli Íslands

Erlendis hafa þverfaglegar rannsóknir á sviði laga og bókmennta verið blómlegar á undanförunum áratugum, ekki síst í Bandaríkjunum, en rannsóknarhefðin er rakin til safnrits eftir Irving Browne frá 1882 sem hefur að geyma fjölda sýnishorna úr heimsbókmenntunum þar sem lög og lögfræðingar koma við sögu. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar mótaðist síðan meðal bandarískra lögfræðikennara hreyfing í kringum lög og bókmenntir sem hafði þann tilgang að bæta menntun lögfræðinema. Er hreyfingin talin eiga rætur að rekja bókalista sem John H. Wigmore þróaði í nokkrum áföngum yfir skáldverk þar sem lög, lögfræðingar og réttarhöld eru meginviðfangsefnið. Áður en yfir lauk taldi listinn um 100 titla en meðal þeirra höfunda sem Wigmore hélt á lofti voru James Cooper, Charles Dickens, George Eliot, Robert Lewis Stevenson, Honoré de Balzac, Alexandre Dumas og Lev Tolstoj. Ýmsir hafa orðið til þess að lengja og endurskoða þennan lista á síðari árum en slíkt starf, sem og fjölbreytt umfjöllun um lögfræðilegar hliðar tiltekinna skáldverka, hefur smám saman mótað einhvers konar hefðarveldi (e. canon) heimsbókmennta á þessu sviði. Því tilheyra meðal annars leikritið Kaupmaðurinn í Feneyjum eftir Shakespeare og skáldsögurnar Mikkjáll frá Kolbeinsbrú eftir Heinrich von Kleist, Mansfield Park eftir Jane Austen, Billy Budd eftir Herman Melville, Réttarhöldin eftir Franz Kafka, Útlendingurinn eftir Albert Camus og Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Í fyrirlestrinum verður ljósi varpað á þetta hefðarveldi og birtingarmynd þess á íslenskum bókmenntavettvangi.

Einelti meðal jaðarsettra hópa á íslenskum vinnustöðum

Ásta Snorradóttir¹, Maya Staub², Margrét Valdimarsdóttir³

¹ Háskóli Íslands

² Varða rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins

³ Háskóli Íslands

Einelti á vinnustöðum er alvarlegt og skaðlegt vandamál sem fyrirfinnst um allan heim. Rannsóknir sýna að jaðarsettir hópar verða í meiri mæli fyrir einelti en aðrir, sér í lagi ef útlit eða hegðan er ólík því sem talið er almennt. Lítið hefur þó verið rannsakað hvort jaðarsettir hópar fái jafna meðferð hjá stjórnendum vinnustaða og aðrir þegar lögð hefur verið fram kvörtun um einelti. Samkvæmt íslenskri reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað ber stjórnendum að vinna að bæði forvörnum og finna farsæla lausn ef eineltismál koma upp. Í þessari meginlegu rannsókn var kannað hvort jaðarsettir hópar á íslenskum vinnumarkaði, annars vegar einstaklingar greindir með skerðingu eða fötlun og hins vegar innflytjendur voru útsettari fyrir einelti en aðrir hópar. Þá var rannsakað hvort þolendur eineltis sem tilheyra þessum hópum voru ólíklegri en aðrir til að leggja fram kvörtun um einelti á vinnustað og hvort þeir fengu ólíka meðferð við kvörtunum en aðrir. Niðurstöður sýndu að báðir hóparnir voru líklegri en aðrir til að verða fyrir einelti á vinnustað. Hins vegar kom í ljós að innan við helmingur þeirra hafði lagt fram kvörtun sem er sambærilegt við aðra þolendur eineltis á vinnumarkaði. Einnig fengu þeir sambærilega meðferð á vinnustaðnum og aðrir hópar vegna kvörtunarinnar. Niðurstöður sýna að bæta þarf forvarnir í eineltismálum á íslenskum vinnumarkaði og þá sérstaklega varðandi jaðarsetta hópa. Einnig þarf að efla starfsfólk í að leggja fram kvörtun vegna eineltismála. Rannsóknin sýnir að stjórnendur koma ekki ólíkt fram við jaðarsetta hópa þegar unnið er að eineltismálum innan vinnustaða.

Aldursfordómar á vinnumarkaði

Kari Kristinsson

Háskóli Íslands

Með vaxandi þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði hafa aldursfordómar fangað athygli vísindamanna og almennings. Það er skiljanlegt þar sem aldursfordómar geta haft alvarlegar fjárhagslegar og heilsufarslegar afleiðingar fyrir þolendur. Í þessari rannsókn eru aldursfordómar á íslenskum vinnumarkaði rannsakaðir með því að kanna hvort eldri umsækjendur séu metnir öðruvísi en yngri umsækjendur af ráðningaraðilum. Notast er við tilraunasnið þar sem ráðningaraðilum er skipt slembið í tvennt og þeir látnir meta ferilskrár (yngri/eldri). Niðurstöður okkar sýna að ráðningaraðilar vilja síður ráða eldri umsækjendur samanborið við yngri umsækjendur. Niðurstöður sýna einnig að eldri umsækjendur eru verr metnir með tilliti til líkamlegrar hæfni, heilsu og aðdráttarafls samanborið við yngri umsækjendur. Loks sýndu ungir og minna reyndir ráðningaraðilar fleiri merki um aldursfordóma en eldri og reynslumeiri ráðningaraðilar. Farið er yfir afleiðingar fyrir stofnanir og fyrirtæki ásamt því að undirstrikuð er nauðsyn þess að þjálfa ráðningaraðila.

Sjálfböðavinna og tækifæri til þátttöku án aðgreiningar fyrir fólk með þroskahömlun

Stefan C. Hardonk¹, Line Melbøe²

¹ Háskóli Íslands

² UIT - Arctic University of Norway

Rannsóknir benda til þess að fatlað fólk upplifir hindranir í tengslum við þátttöku í atvinnulífinu. Í fræðilegu umræðunni um þátttöku fatlaðs fólks í vinnu og atvinnu hefur í gegnum tíðina verið mikil áhersla á þá vinnu sem unnin er á almennum vinnumarkaði eða í aðgreindum úrræðum fyrir fatlað fólk. Í þessari rannsókn er sviðsljósinu hins vegar beint að þátttöku einstaklinga með þroskahömlun í sjálfböðavinnu með það að markmiði að fá innsýn í hvernig slík þátttaka getur boðið upp á þátttöku án aðgreiningar (e. inclusion). Þekking sem skapast með þessum hætti getur nýst í að endurskoða stefnu yfirvalda og stuðningsúrræði sem veita fötluðu fólk þjónustu við þátttöku í vinnu. Rannsóknin byggir á viðtölum við 12 einstaklinga með þroskahömlun á Íslandi og í Noregi. Aðferð sameiginlegrar þemagreiningar (e. collective thematic analysis) var notuð til að lýsa þeim þáttum í reynslu þátttakenda sem tengjast upplifun þeirra af því að vera þátttakandi án aðgreiningar. Niðurstöður benda til þess að sjálfböðavinna býður upp á fjölbreytt tækifæri til þátttöku sem tekur mið af óskum, væntingum og hæfni fólks með þroskahömlun. Þátttakendur í rannsókninni upplifðu í gegnum þátttöku í sjálfböðavinnu meðal annars viðurkenningu, traust og tækifæri til að vera með vel metið framlag til vinnustaðarins og samfélagsins. Verkefnið sem þátttakendur tókust á við voru fjölbreytt og tengdust áhugasviðum og hæfni hvers og eins. Einnig fengu þátttakendur tækifæri til að læra nýja hæfni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna mikilvægi fræðilegrar endurskoðunar hugtaksins ‚vinna‘ sem skref í áttina að atvinnulífi án aðgreiningar og viðurkenningu borgaralegra réttinda fatlaðs fólks.

Hversvegna velja leikskólakennarar að kenna í grunnskólum frekar en leikskólum?

Kristín Dýrfjörð

Háskólinn á Akureyri

Árið 2020 tóku ný lög gildi um eitt starfsleyfi fyrir alla kennara. Yfirlýst markmið stjórnvalda var að fella niður girðingar á milli skólastiga og sérstaklega var horft til þess að margir framhaldsskólakennarar voru á lausu eftir styttingu framhaldsskólans og kennara með réttindi vantaði inn í grunnskólakerfið. Hins vegar er ekki eins ljóst hvað stjórnvöld hugsuðu um leikskólann. Fyrir lagabreytinguna þurftu leikskólakennarar að sækja menntun ef ætlunin var að færa sig yfir í grunnskóla og halda réttindum sem kennarar. Leikskólinn stendur frammi fyrir alvarlega mönnunarvanda og sérstaklega er skortur á leikskólakennurum, þeim hefur fækkað hlutfallslega á síðustu árum samfara stækkun leikskólakerfisins. Markmið rannsóknarinnar var að vita hvers vegna leikskólakennarar kjósa að kenna í grunnskóla, hver sé helsti munurinn á starfsaðstæðum og öðru sem lýtur að starfi þeirra. Viðtöl voru tekin við 22 leikskólakennara sem kenna í grunnskólum í öllum landshlutum. Leitast var eftir að ræða við kennara sem höfðu skipt um starfsvettvang innan við fimm ár frá því að viðtalið átti sér stað. Helstu niðurstöðu benda til að þrátt fyrir að launakjör séu svipuð á milli skólastiga upplifa leikskólakennarar mikinn mun á starfsaðstæðum, bæði hvað varðar aðbúnað til að sinna starfinu sem þeir telja vera betri en innan leikskólans og varðandi manneklu og mönnun. Flestir upplifðu líka meiri virðingu í samfélaginu fyrir því að starfa í grunnskóla en leikskóla. Niðurstöður er hægt að nýta til að breyta starfsaðstæðum í leikskólum til að gera þær samkeppnisfærar við þær aðstæður sem leikskólakennurum býðst í grunnskólum.

Pátttaka barna í ákvörðunum um sérstakan stuðning innan grunnskóla

Hervör Alma Árnadóttir, Sigrún Harðardóttir

Háskóli Íslands

Innan menntakerfis hefur á síðustu árum verið lögð áhersla á réttindi barna og þátttöku þeirra í málefnum sem þau varða. Niðurstöður rannsókna hafa bent til að almennt sé þátttaka barna að aukast en sá hópur barna sem þarf á sérstökum stuðningi að halda sé enn fremur ósýnilegur og vinna þurfi markvisst að því að auka aðkomu þess hóps að eigin málefnum. Markmið þessara rannsókna var að kanna hvort réttindi barna sem þurfa sérstakan stuðning innan skólakerfisins séu virt. Því var spurt hvort reynsla barna sem njóta sérstaks stuðnings beri merki þess að réttindi þeirra um þátttöku í ákvörðunum sé virt við gerð stuðningsáætlana? Gagna var aflað með hálfstöðluðum einstaklings- og rýnihópa-viðtölum við 29 börn á aldrinum 9-15 ára. Gögnin voru þemagreind. Við greiningu ganga var stuðst við líkan L. Lundy um þátttöku þar sem horft er til fjögurra þátta sem eru: rými, rödd, hlustun og áhrif. Fyrstu niðurstöður benda til þess að leggja þurfi aukna áherslu á að fræða börn um rétt þeirra til þátttöku í málefnum um eigið líf. Upplifun barnanna var að ekki hafi verið beitt sérstökum aðferðum til að virkja þau til þátttöku sem leiddi til þess að þau töldu sig lítinn þátt hafa átt í því að vinna að áætlun um stuðning við nám. Það má draga þá ályktun af þessum niðurstöðum að auka þurfi meðvitund fagmanna og barna um réttindi allra barna til virkrar þátttöku í ákvörðunum í eigin lífi og auka færni fagmanna að beita viðeigandi aðferðum til þess að auka þátttöku barna.

Úttekt á notagildi Málavogar: málafjöldi og álag á starfsfólk í barnavernd

Kjartan Ólafsson¹, Halldór Sigurður Guðmundsson²

¹ Félagsfræðingur og rannsakandi

² Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Barnaverndarmálum á Íslandi hefur farið fjölgandi um langt árabil og að sama skapi hafa aukist þau verkefni sem starfsfólk barnaverndar sinnir. Samhliða fjölgun mála eru viðvarandi áhyggjur af vinnuálagi hjá starfsfólki sem sinnir barnaverndarmálum. Slíkar áhyggjur koma meðal annars fram í ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árin 2004-5 þar sem bent er á að stöðugildum starfsfólks í barnavernd hafi ekki fjölgað í takt við fjölgun barnaverndarmála. Málavog er matstæki til að meta vinnuálag í barnavernd og var þróað í Gautaborg í Svíþjóð og aðlöguð til notkunar á Íslandi af Barnaverndarstofu. Málavogin var fyrst prófuð og innleidd á árinu 2016 og verið í notkun síðan. Í framkvæmdaáætlun í barnavernd til ársins 2022 er fjallað um bætt verklag í barnavernd, og er gert ráð fyrir að hluti þess sé sérstök úttekt á Málavoginni hvað varðar áreiðanleika, uppbyggingu og notkunarmöguleika. Í úttektinni var unnið með heimildir og fyrirliggjandi gögn, viðhorf og reynslu 17 einstaklinga úr hópi starfsfólks og stjórnenda frá sex barnaverndarumdæmum og einnig svör úr könnun sem lögð var fyrir barnaverndarstarfsmenn. Niðurstöður úttektarinnar benda til að bæta þurfi samræmi í fyrirlögn og úrvinnslu og efla fræðslu til starfsmanna og stjórnenda. Þá þurfi að endurmeta viðmið um ásættanlegan fjölda mála á hvern starfsmann, setja fram leiðbeiningar um viðbrögð við álagsmælingum og skoða valkosti rafrænnar rauntímaskráningar á álagi og málafjölda í barnavernd.

Lífsréttindi og hefðbundin réttindi barna: Börn sem velja að flytja í Ghana

Þóra Björnsdóttir

Háskóli Íslands

Sáttmálar sem snúa að réttindum barna svo sem Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna og Afríski Barnasáttmálinn gera ráð fyrir að börn hafi rétt á þátttöku og að taka ákvarðanir um málefni sem varða líf þeirra. Þegar hefðbundin réttindi fullnægja ekki þörfum barna skilgreina þau gjarnan sjálf réttindi sem nefnd hafa verið lífsréttindi (e. living rights). Markmið erindis er að varpa ljósi á aðstæður barna sem velja að flytja án fylgdar foreldris eða forráðamanns í Ghana. Áhersla er lögð á raddir þeirra og atbeini og hvernig þau skilja réttindi sín. Niðurstöður eru byggðar á vettvangsrannsókn í Ghana í samtals 14,5 mánuði á árunum 2013-2017. Gögnum var aflað með eigindlegri aðferðafræði og barnvænni nálgun. Þátttakendur voru einstaklingar sem höfðu flutt fyrir átján ára aldur án fylgdar foreldris eða forráðamanns frá Norð-Austur héraði Ghana til höfuðborgarinnar Accra. Lokaákvörðunin barnanna um að flytja átti sé oft langan aðdraganda en ákveðnir atburðir eða aðstæður leiddu til þess að henni var hrint í framkvæmd. Þau töldu að börn ættu ekki að búa við aðstæður þar sem þau þyrftu að taka slíka ákvörðun en voru sammála um að börn eins og þau ættu að hafa rétt á því að til að bæta lífsskilyrði sín. Þau skilgreindu rétt sinn, það er lífsréttindi sín, til að flytja og að vera í höfuðborginni. Slík réttindi taka mið af raunverulegum aðstæðum barna og geta stangast á við hefðbundin réttindi sem leggja áherslu á vernd. Rannsóknin kallar eftir að taka raddir barna sem velja að flytja án samfylgdar foreldris eða forráðamanns alvarlega.

The effect on health care utilisation by the transition into adult health care – the case of cerebral palsy

Darina Steskal¹, Johan Jarl²

¹ NORCE Norwegian Research Centre

² Lund University

A challenge shared virtually globally is the transition from the well-organised paediatric healthcare to adult healthcare for individuals with childhood onset medical conditions. There is a concern that the transition leads to suboptimal healthcare use, lower quality of care, reduced health, and reduced societal participation. We therefore study if transition affects healthcare utilisation for individuals with Cerebral Palsy (CP) in two different countries with similar healthcare systems – Norway and Sweden. To estimate the causal effect of transition, we apply a difference-in-differences model comparing difference in pre- and post-transition outcomes among individuals with CP to the same difference in the control group. We check whether pre-trends are parallel by plotting the coefficients from an event study model. For the outcomes where the parallel assumption is rejected, we assume parallel growth. That is, we allow the treatment and control groups have linear trends with different slopes and thus parallel derivatives rather than parallel trends. Preliminary results indicate a substantial drop in total healthcare use in Sweden, driven by outpatient somatic/habilitation episodes, but no corresponding drop in Norway. In both countries, transition leads to an increase in GP/primary care and a reduction in specialised outpatient care as well as planned care. Transition is associated with reduced healthcare use among individuals with CP in Norway and Sweden which is expected to lead to worsening secondary conditions. Effective interventions to facilitate the transition are available and should be considered in the Nordic context to expand societal participation.

Child protection in armed conflict: Child-Friendly Spaces by Save the Children Iceland in South Kivu, Democratic Republic of Congo

Geir Gunnlaugsson

University of Iceland, Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics

Save the Children International (SC) has worked in the Democratic Republic of Congo (DRC) for over two decades. Child-Friendly Spaces (CFS) are one of the tools it has developed and implemented to attend to the needs of children in times of crisis. Since 2020, SC has collaborated with SC Iceland to provide CFS services for children living in one of the most conflict-affected areas in eastern DRC. Here the aim was to describe and analyse the implementation of CFS in six villages in South Kivu. Semi-structured qualitative interviews were conducted in February-March 2022 in three of the six villages; three were not accessible because of security issues and difficult geographical access. Seventy-four people involved in the CFS work were interviewed, e.g., managers, social workers, village volunteers and community members, and about 40-50 children who attended the CFS. The child protection activities addressed the needs of children and families in the three visited CFS. They were operational with a mix of activities for both vulnerable children and children seeking activities for play and enjoyment. The children and parents expressed great satisfaction with the activities at their respective CFS; they wanted more of the same and had suggestions for improvement. Child protection is difficult in any setting, not the least in the complex background of eastern DRC. Such activities, as implemented in the three villages visited, can provide short- and medium-term benefits for the beneficiaries, their immediate family, and community members.

"Þær finna að þær eru öðruvísi en hinar kindurnar" - Rannsókn á viðhorfum til forystufjár

Guðlaug Bergsveinsdóttir

Háskóli Íslands

Forystufé er sérstakur hluti af íslenska sauðfjárstofninum. Það minnir á geitur í útliti, er grannvaxið og háfætt. Það er þó ekki ræktað til manneldis, heldur vegna persónuleika og hæfileika til að skynja veðrabreytingar. Forystufé er ræktað enn í dag, en á fyrri hluta 20. aldar leit út fyrir að stofninn yrði útdauður vegna sjúkdóma og breyttra búskaparháttanna. Markmið erindisins verður umfjöllun um hvernig þessi stofn varðveittist: hvernig hafði orðræða áhrif á varðveislu forystufjár? Hvernig hafa frásagnir af því breyst á síðustu 100 árum? Fyrirlesturinn byggir á rannsókn höfundar sem tók viðtöl við sauðfjárþændur til að fræðast um viðhorf þeirra og ástæður fyrir ræktun á fé sem hefur fáa augljósa arðbæra eiginleika. Viðtölin voru skoðuð með tilliti til orðræðu og sagnahefða. Ásamt því voru þau borin saman við tímaritsgreinar síðustu 100 árin og bókina Forystufé, sem er stærsta safn af sögum um forystufé. Í ljós kom að orðræðan kallaðist sterkt á við orðræðu um óáþreifanlegan menningararf. Það var ekki fyrr en endalok stofnsins blöstu við sem að ráðamenn og þændur tóku við sér og kölluðu eftir aðgerðum. Viðtölin varpa ljósi á hvernig sögurnar hafa breyst síðustu 100 árin og lýsingarnar farið frá því að vera næstum goðsagnakenndar yfir í venjulegri og hversdagslegri. Ásamt því má sjá hvaða gildi voru í hávegum höfð, en áhersla var lögð á hreinræktun og persónuleika fjárins. Glögggt má sjá að féð hefur nú fengið nýjan tilgang og ímynd. Ánægjan sem þændurnir segjast hafa af því að umgangast féð skiptir meira máli en hagkvæmni og arðbærni.

Örnefni, sagnir og sambúð manns og náttúru

Jón Jónsson

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum, Þjóðfræðistofa

Í meira en 100 ár hefur staðanöfnum og örnefnum verið safnað skipulega hér á landi, bæði í tengslum við kortagerð og með söfnun Örnefnastofnunar Íslands sem nú er hluti af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í gangi eru stór verkefni, búið er að gera örnefnaskrárnar aðgengilegar á vefnum nafnid.is og í gangi er verkefni hjá Landmælingum í samvinnu við Árnastofnun um að staðsetja örnefnin. Er þá búið að safna nógu af efni um örnefni? Starfsfólkið hjá Rannsóknasetri HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofu hefur unnið að nokkrum smærri verkefnum sem tengjast örnefnum síðustu misseri. Þau hafa einkum snúist um þjóðtrúarstaði á Ströndum, m.a. álagabletti og aftökustaði. Aðferðin hefur einkum byggst á undirbúningsrannsóknnum á efni í arkífum og í framhaldinu viðtölum og athugun á vettvangi. Nú eru tímamót í þessum rannsóknnum, því fengist hefur styrkur úr þýska rannsóknasjóðnum fyrir þriggja ára samvinnuverkefni með dr. Matthias Egeler, þýskum fræðimanni. Okkar mat er að enn sé þörf á að safna frekari fróðleik á svæðum þar sem byggð á í vök að verjast eða miklar breytingar hafa orðið á búskaparháttum. Í erindinu verður fjallað um samspil og samhengi örnefna, þjóðtrúar, sagnamennsku og landslags. Áhugaverð álitamál koma þar við sögu, en sérstök áhersla verður lögð á að ræða hvernig þekking á menningararfinum í landslaginu glatast, þar á meðal örnefnin sjálf og staðsetning þeirra.

Hvað tákna hún nú?: slóð fjallkonunnar inn í samtímann

Anna Karen Unnsteins, Kristinn Schram, Karl Aspelund

Háskóli Íslands

Hlutverk fjallkonunar er rótgróið í í þjóðhátíðardegi Íslendinga og mörgum mikilvægt. Í sögulegu samhengi á hún sér uppruna sem tákn landsins innan tengslaneta Sigurðar Guðmundssonar og síðar sem tákn ríkisvalds í höndum íslenskrar valdastéttar. Nýlegar rannsóknir sýna þó slóð fjallkonunar inn í samtímann sem mörkuð er rómantískum upphafsmyndum, menningarpólítík og jafnvel óræðni á tímum aukins margbreytileika í samfélaginu. Viðtals- og vettvangsrannsóknir á meðal fjallkvæna nútímans, og þeirra fjölmörgu sem að þeim koma, lýsa ólíkri reynslu af því að vera í gervi hennar, ólíkum birtingarmyndum og þeim, oft mótsagnakenndu, hreyfiöflum sem búa að baki. Með þátttökuathugunum, könnunum og sjónrænum rannsóknaraðferðum skoðum við þá ímyndarheima, sjálfsmyndarsköpun og orðræðu sem birtist á mörkum hversdagsmenningar í nútímanum, þar á meðal í fatnaði, tísku og menningararfi. Við reynum á undirstöðu þeirrar tvíhyggju sem stillir hefðbundnum klæðnaði og tísku nútímans upp sem andstæðum og spyrjum hvort performansinn á fjallkonunni, vísi umfram allt á sjálfan sig eins og á fjórða stigi Jean Baudrillard um þróun ímynda. Í þessu erindi verður sérstaklega gerð grein fyrir nýrri könnun meðal almennings á því hvað fjallkonan tákna og verða niðurstöðurnar ræddar með vísan til fyrrgreindrar umræðu.

Omamori´: Gildi Verndargripa í Japanskri menningu

Gunnella Þorgeirsdóttir

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Bæði Shinto og Búdda hof í Japan einkennast gjarnan af miklu úrvali verndargripa sem eiga að geta veitt þeim sem þau versla allt frá velgengni í starfi og námi, og tilþess að geta verndað einstaklinga fyrir óhöppum og slysum. Þessa verndargripa má versla bæði til eigin nota sem og fyrir aðra og hagnast hofin verulega á þessum viðskiptum. Verndargripir í ýmsum birtingamyndum hafa einkennt allflest samfélög á einhverjum tímapunkti, til að mynda hið vel þekkjanlega bláa auga við miðjarðahafið og svo galdrarúnir hér heima fyrir. Hins vegar vaknar sú spurning hver sé þörfin fyrir þessa hefð í hinu háþróaða Japan nútímans, er þetta máski einungis viðskipta element fyrir hofin, eitthvað sem sterk hjátrúarfullir og gamalmenni sækja í, eða liggur eitthvað meira hér að baki? Núverandi rannsókn sýnir að gildi þessara gripa virðist einungis hafa dafnað á síðustu árum sem myndi benda til þess að hefðin þjóni enn töluverðum samfélagslegum tilgangi. Í fyrirlestrinum verður farið lauslega yfir sögu verndargripa í Japanskri menningu, nútíma birtingamyndir þeirra skoðaðar sem og viðhorf almennings. Efnistöð er hluti af áframhaldandi rannsókn á þróun hefða í Japönsku samfélagi sem byggist upp á viðtölum og þáttökuathugunum með samanburði við ritaðar heimildir.

Krísa KSÍ frá 2021 og krístjórnunin metin ári síðar

Jón Snorri Snorrason

Háskólinn á Bifröst

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) stóð frammi fyrir krísu fyrir rúmu ári þegar ásakanir komu fram um að nokkrir leikmenn karlalandsliðsins hefðu gerst sekir um kynbundið ofbeldi og áreitni. Núna 12 mánuðum er því áhugavert að skoða hvernig skipulagsheildin KSÍ hafi brugðist við til að draga úr krísuástandinu og áhrifum þess og koma á eðlilegri starfsemi. Krísan verður greind með kenningum og aðferðum á fræðasviði krísustjórnunar og stuðst við helstu rannsóknir á þessu sviði s.s. frá Mitroff, Pearson og Finks. Niðurstaðan af fyrri rannsókn höfundar, sem kynnt var skömmu eftir krísuna, leiddi í ljós að henni hafi ekki verið stjórnað nægilega vel. Viðfangsefnið sem verður til skoðunar í þessari rannsókn er úr skýrslu starfshóps ÍSÍ: "Úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kvartana og ábendinga sem KSÍ hafa borist um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi 2010 til 2021". Rannsóknarspurningin sem leita á svara við er: Hvernig hafi KSÍ hafi tekist á við krísuna og sérstaklega fjallað um viðbrögð KSÍ við skýrslu ÍSÍ? Niðurstaða rannsóknar er að ekki hafi í raun verið brugðist við með þeim hætti sem fræðin segja til um og þannig hafi krísan ekki verið alveg til lykta leidd. Sú niðurstaða er studd með vísun í aðferðir krísustjórnunar og metin út frá þeim og kynnt hvaða lærdóm megi draga.

Verkefnastjórnun í byggingariðnaði

Unnur María Harðardóttir, Eðvald Möller

Háskóli Íslands, Vðskiptafræðideild

Mikilvægt er fyrir verktaka að þekkja hvaða atriði þarf að leggja áherslu á þegar samið er um verk við verkkaupa. Hvaða þætti þarf að hafa í huga til að tryggja að verkefni verði sem árangursríkust. Rannsóknin fjallar um árangursríka verkefnastjórnun innan byggingarverkefna og skoðar hvaða þættir hafa áhrif á árangur verkefna. Rannsóknin var gerð með því að skoða tvö sambærileg verkefni sem unnin voru á sama tíma, hvort með sínum verkefnastjóranum. Annar verkkaupinn var sjálfseignarstofnun sem rekin er án hagnaðarmarkmiða en hinn verkkaupinn fasteignaþróunarfélag. Verkin byrjuðu á ólíkan hátt. Annar verkefnastjórinn tók þátt í hönnun frá upphafi með föstu einingaverði á meðan hitt fólst eingöngu í útfærslu á framkvæmdinni og „cost-plus“ samningi. Niðurstöður verkefnanna reyndust ólíkar hvað varðar tímaáætlanir og hagnað. Við rannsóknina var beitt eigindlegri aðferðafræði og með því öðluðust rannsakendur dýpri innsýn í viðhorf og reynslu verkefnastjóranna í starfi. Svör verkefnastjóranna voru borin saman til að skoða hvað mögulega olli því að verkefni þeirra skiluðu þeim árangri sem þau gerðu. Helstu niðurstöður drógu fram mikilvægi jákvæðra samskipta og trausts. Sérstaklega á milli verktaka og verkkaupa en einnig innan heildarverkefnisins, innan teymisins, undirverktaka, birgja og hönnuða. Annar þáttur sem getur haft áhrif á árangur verkefnis er skipulag og skráning gagna, hvort sem um er að ræða tímaáætlanir eða fjármálastjórn, þ.m.t. að halda vel utan um auka- verk, viðbótarverk og frávík þar sem þessir liðir eru oft kostnaðarsamir og koma upp í uppgjöri.

Stafræn umbreyting

Úlfar Ragnarsson, Eðvald Möller

Háskóli Íslands, Vöskiptafræðideild

Fjórða iðnbyltingin, stafræn umbreyting og stafræn þróun eru hugtök sem þó nokkuð hafa verið í umræðunni undanfarin misseri. Framundan eru töluverðar breytingar sem varða stafræna möguleika og mikilvægt er fyrir fyrirtæki að aðlaga sig að þeim ætli þau að vera samkeppnishæf. Stafræn umbreyting er ákveðið tískuhugtak í dag og mikið í umræðunni. Þó gera ekki allir sér grein fyrir því hvað hugtakið þýðir og rugla til dæmis stundum saman við stafræna þróun. Tekið var til athugunar hver munurinn er á stafrænni umbreytingu og stafrænni þróun og hvað þarf til að stafræn umbreyting verði árangursrík. Viðfangs efnið var skoðað út frá kenningum í breytingastjórnun og leiðtogafræðum. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunni: „Hvert er hlutverk leiðtoga í stafrænni umbreytingu?“. Til að svara þessari spurningu lögðust höfundar yfir ritrýndar greinar, bæði innlendar og erlendar, og komust að niðurstöðu út frá þeim. Niðurstöður benda til þess að stafrænn leiðtogi sé sífellt að verða mikilvægari innan fyrirtækja og spili í raun lykilhlutverk í umbreytingu fyrirtækja. Nauðsynlegt er að einhver hafi yfirsýn yfir hvert fyrirtækið stefnir og hvar það er státt hverju sinni í stafrænu umhverfi. Stafræni leiðtoginn þarf að vera útsjónarsamur, lausnamiðaður og hafa reynslu af stefnumótun og breytingum. Hann þarf að horfa gagnrýnt á ferla og verkfæri fyrirtækisins til að sjá hvað má betur fara og til að einfalda það ferli þá skiptir máli hvar hann er staðsettur í skipuritinu og því ofar sem hann er því betra.

Íslensk fyrirtæki og nýting þeirra á persónugögnum

Sigrún Ellertsdóttir, Ragnar Vilhjálmsson

Háskólinn á Bifröst

Í ljósi alls þess gagnamagns sem neytendur skilja eftir sig í netsamskiptum og safnað er og varðveitt af fyrirtækjum er áhugavert að skoða viðhorf almennings til þeirra upplýsinga sem fyrirtæki geyma um viðskiptavinum sína, ásamt því að skoða hvernig fyrirtæki hagnýta sér gögn til markaðsstarfs. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá betri skilning og þekkingu á því hvaða persónugögnum fyrirtæki eru að safna og hvers konar persónugögnum viðskiptavinum finnst í lagi að fyrirtæki safni um þá. Rannsóknarspurningar voru tvær: 1) Hversu vel nýta íslensk fyrirtæki persónugögn viðskiptavina til að kynnast þeim og veita þeim betri þjónustu og 2) Eru viðskiptavinir sáttir við þær persónulegu upplýsingar sem fyrirtæki safna um þá. Fyrri rannsóknarspurningin var skoðuð með eigindlegum viðtölum við forsvarsmenn sex þjónustufyrirtækja og seinni rannsóknarspurningin var skoðuð með megindlegri spurningakönnun á meðal almennings. Tilgátur höfundar voru tvær: 1) Íslensk fyrirtæki eru í auknu mæli að notfæra sér persónuleg gögn um viðskiptavinum til að beturbæta þjónustu sína og 2) Viðskiptavinum íslenskra fyrirtækja er almennt sama um þær upplýsingar sem fyrirtækin safna um þá. Fyrri tilgátan var staðfest á meðan síðari tilgátan var felld því niðurstöður rannsóknar sýndi að viðskiptavinir voru frekar ósáttir með að fyrirtæki væru að safna persónugögnum þeirra og fundu þeir fyrir frekar miklum áhyggjum af friðhelgi einkalífs síns.

Weaponising Conspiracy Theories

Eiríkur Bergmann

Bifröst University

Via widespread disinformation campaigns populist politicians have weaponised a range of conspiracy theories (CTs) for their own gain in recent years, leading to disruption in contemporary politics. In this paper I compare three examples of CTs that have been weaponised by populist politicians, and ask whether, and if so, how, their evolvment has changed the nature of contemporary politics. The three CTs under examination are the following. First is the the Deep State conspiracy theory, which has found far-reaching spread in the US and contributed to the storming of the US Capitol in January 2021. The second is the anti-Western conspiracy theory coming out of Russia, which was used as a pretext for the invasion into Ukraine. Third is the Eurabia conspiracy theory, which has been activated for stoking actions against those that are deemed being dangerous others mainly in Europe. Rapid rise of right-wing populist political parties coincided with simultaneous increased spread of conspiracy theories. Populism has as now well gone mainstream. In this paper I argue that we have entered into the era of the populist – the conspiratorial populist. I conclude that both conspiracy theories and populism are now deeply integrated into contemporary democratic politics. Studies have shown that being exposed to conspiracy theories decreases trust in government institutions, and that they can be a catalyst of extremism. Thus, increased spread of CTs can undermine democracy and social trust. It is thus timely to explore how populists can weaponize contemporary conspiracy theories for their own political gain.

Upphaf, þróun og einkenni á frumkvöðlasetrum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Runólfur Smári Steinþórsson

Háskóli Íslands

Hér er fjallað um frumkvöðlasetur sem voru starfrækt af eða í tengslum við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fyrsta setrið var stofnað árið 1999 af Iðntæknistofnun Íslands. Nýsköpunarmiðstöðin tók við rekstrinum árið 2007. Þegar miðstöðin var lögð niður í lok ársins 2020 hafði hún komið að stofnun eða rekstri um 20 frumkvöðlasetra. Við rannsóknina var byggt á fyrirliggjandi gögnum af ýmsu tagi. Jafnframt voru tekin viðtöl við aðila bæði innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og við fulltrúa fyrirtækja sem störfuðu á frumkvöðlasetrum. Viðtöl voru afrituð, kóðuð og þemu sett fram um einkenni á starfsemi frumkvöðlasetranna. Rannsóknin leiddi í ljós að saga frumkvöðlasetra sem voru hluti af eða tengdust starfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands spannar 21 ár, þ.e. frá 1999 til 2020. Frumkvöðlasetrin voru 22 talsins. Helstu niðurstöður er að sjá mátti fjóra mismunandi flokka af frumkvöðlasetrum. Um var að ræða hefðbundin eða sérhæfð setur, setur tengd bankahrúni, setur sem fengu þjónustu frá Nýsköpunarmiðstöð og setur sem voru starfandi á landsbyggðinni. Niðurstöður gefa vísbendingar um áherslur í þjónustu setranna og helstu einkennin á starfsemi þeirra. Rannsóknin varpar hagnýtu ljósi á hvað hefur einkennt starfsemi frumkvöðlasetra í umhverfi eins og á Íslandi. Niðurstöður gætu nýst stjórnendum og stjórnvöldum. Niðurstöðurnar eru líka framlag innlegg til þekkingar á því sem einkennir starfsemi frumkvöðlasetra og á hlutverki þeirra í nýsköpunarumhverfi og þróun í samfélagi.

Nýsköpun stúdenta er allra mál

Agnar Logi Kristjánsson, Runolfur Smari Steinthorsson

Háskóli Íslands

Stúdentar eru mikilvægir þegar kemur að nýsköpun bæði sem framtíðar-frumkvöðlar og sem hugmyndafrjótt og nýskapandi vinnuafl. Þrátt fyrir það hefur lítið verið rannsakað hér á landi bæði hvað staðan er í sambandi við nýsköpun stúdenta og hvernig má efla hana. Sömuleiðis hefur lítið verið skrifað um stúdentafélög yfirleitt og ekkert í sambandi við þátt stúdenta þegar kemur að nýsköpun. Hinsvegar er ýmislegt að gerast og Landssamtök íslenskra stúdenta eða LÍS lögðu grunninn að nýsköpunarstefnu sinni með vinnustofum núna í mars síðastliðnum. Rannsóknin er lýsandi þar sem eigindlegar rannsóknaraðferðir eru notaðar til að varpa ljósi á nýsköpun meðal stúdenta. Viðtöl voru tekin við 6 sérfróða aðila sem tengjast Háskóla Íslands og niðurstöður bornar saman við gögn sem fengust frá stúdentum á vinnustofum Landssamtaka íslenskra stúdenta. Niðurstaðan var sú að tækifæri eru mörg og staðan almennt góð, en þó er ýmislegt sem má huga að, sérsaklega að kynna nýsköpun betur og bæta tækifæri á landsbyggðinni.

X-faktorinn við opna nýsköpun á vöruþróunarferlinu. Rannsókn á tilurð og mótun opinnar nýsköpunar á vöruþróunarferlinu í tveimur leiðandi fyrirtækjum

Stella Stefánsdóttir, Runólfur Smári Steinthorsson

Háskóli Íslands

Tilurð og mótun opinnar nýsköpunar á vöruþróunarferlinu eru talin hornsteinn í samstarfi á vöruþróunarferlinu, en hafa lítið verið rannsökuð. Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka og varpa ljósi á tilurð og mótun samstarfs á opnu vöruþróunarferli. Rannsóknin er unnin út frá rannsóknarspurningunum: a) Hvaða þættir við mótun og tilurð samstarfs geta útskýrt afhverju fyrirtækjum gengur vel að móta árangursríkt samstarf um opna nýsköpun við vöruþróun á nýjum vörum? b) Hvaða þáttur af þeim þáttum sem þegar hafa verið nefndir, skiptir mestu máli fyrir árangur opins samstarfs um vöruþróun á nýjum vörum? Rannsóknin er eigindleg og byggir á tilviksathugunum á tveimur leiðandi alþjóðlegum hátæknifyrirtækjum, Marel og Össur. Gagna var aflað með 23 viðtölum við einstaklinga sem komu að mótun samstarfs á vöruþróunarferlum fyrirtækjanna og tilviksathugunum á sex vöruþróunarverkefnum. Rannsóknin er byggð á kenningum um opna nýsköpun og vöruþróun nýrra vara (NPD), og veitir innsýn inn í skilning og samspil mismunandi þátta við mótun og tilurð opinnar vöruþróunar. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingu um að einstaklingar séu X-þátturinn í opinni nýsköpun á vöruþróunarferlinu og gegni lykilhlutverki við tilurð og mótun samstarfs. Niðurstöður gefa til kynna að fyrir utan einstaklinginn þá hafi umgjörð samstarfs áhrif á framvindu vöruþróunar í átt að lausn. Fræðilegt og hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst í að varpa ljósi á, auka skilning og setja fram viðmið um tilurð og mótun samstarfs og hvernig samstarsaðilar veljast saman. Aukin þekking á þessum þáttum getur aukið og ýtt undir skilvirkt samstarf um nýsköpun.

Viðhorf til sviðsmyndagerðar og framsýni sem hluta af stefnumótun

Karl Friðriksson, Runólfur Smári Steinthorsson

Háskóli Íslands

Fjallað verður um framsýni með áherslu á sviðsmyndagreiningu og greiningu drifkrafta sem undanfara stefnumótunar. Með hugtakinu framsýni er átt við það að rýna inn í framtíðina m.a. til að ná utan um helstu drifkrafta breytinga. Þetta fellur undir framtíðarfræði (e. future studies) og þær rannsóknir sem hér er greint frá eru unnar í tengslum við Framtíðarsetur Íslands sem á í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila. Til að gefa innsýn í framtíðarfræði verður fyrst varpað ljósi á nokkur verkefni og greint frá niðurstöðum þeirra. Aðaláherslan verður á að greina frá niðurstöðum úr alþjóðlegri úttekt þar sem notuð var Delphi aðferðafræði (Real-Time Delphi), við mótun stefnuvalkosta á grundvelli drifkraftagreiningar. Rannsakandi var ásamt 189 framtíðarfræðingum frá 54 löndum þátttakandi verkefninu sem unnið var í tengslum við sameiginlega áætlun (Common Agenda) aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Í niðurstöðum Delphi greiningarinnar komu fram fimm stefnukostir til að takast á við vátta á heimsvísu. Þessir kostir eru innlegg í þann sáttmála þjóða sem vinnan var hluti af í tengslum við Sameiginlega áætlun Sameinuðu þjóðanna. Umræðan er svo dregin saman í lokin og sett í samhengi við sviðsmyndagreiningu, en það er aðferð sem hefur náð nokkurri fótfestu hér á landi og er orðin viðurkennd aðferð við framsýni. Fram hafa komið nokkrir vankantar á aðferðinni sem þarfnast endurmats við framkvæmd hennar. Þeir vankantar eru reifaðir og bent á kosti til úrbóta.

Áhrif COVID-19 faraldursins á vinnuaðstæður starfsfólks íslenskra sveitarfélaga

Hjördís Sigursteinsdóttir

Háskólinn á Akureyri

Að vinna að heiman á meðan COVID-19 faraldurinn stóð yfir voru skilaboð sem stjórnvöld sendu til að stöðva útbreiðslu hans. Markmið þessarar þversniðsrannsóknar var að kanna starfsaðstæður starfsfólks íslenskra sveitarfélaga á tíma COVID-19 faraldursins. Netkönnun var framkvæmd í maí 2021 meðal starfsfólks 14 sveitarfélaga. Spurningalistinn var sendur í tölvupósti til 8.049 starfsmanna og eftir þrjár áminningar höfðu 4.980 svarað spurningalistanum að hluta eða öllu leyti (62% svarhlutfall). Niðurstöðurnar sýndu að 20% starfsfólksins skýrðu frá breytingum sem gerðar voru vegna COVID-19 og höfðu bein áhrif á starf þeirra. Helstu breytingarnar fólust í nýjum verkefnum innan sömu deildar og þau störfuðu áður í (43%) og aukið vinnuálag (37%). Þegar spurt var beint hvort að vinnuálag hefði aukist, minnkað eða verið það sama svöruðu 65% því til að vinnuálag hefði aukist, 3% að það hefði minnkað og 32% að vinnuálag væri það sama nú og áður. Um 59% starfsfólksins unnu heima að hluta til eða alfarið. Um 21% svöruðu því til að vegna eðli starfs þeirra þá gætu þeir ekki unnið starfið heima þó að faraldur eins og COVID-19 ætti sér stað. Þetta voru aðallega leikskólakennarar og starfsfólk sem vann í umönnunarstörfum á dvalarheimilum fyrir aldraða eða sambýlum fyrir fólk með geðræn vandamál og fólk með fötlun. COVID-19 faraldurinn leiddi til aukins vinnuálags fyrir marga og því er mikilvægt fyrir stjórnendur og þá sem bera ábyrgð á heilsu og vellíðan á vinnustað að íhuga vandlega hvernig bregðast skuli við þar sem aukið vinnuálag getur, til lengri tíma lítið, haft skaðlegar afleiðingar fyrir starfsfólk.

Hvaða áhrif höfðu hömlur vegna Covid-19 á félagslegan stuðning á vinnustöðum grunnskólakennara á Íslandi?

Fjóla Karlsdóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir

Háskólinn á Akureyri

Áhrifa Covid-19 gætir víða í íslensku samfélagi og kannski ekki síst í skólasamfélaginu. Kennurum í grunnskólum var skipt upp í svæði og var lítill sem enginn samgangur á milli svæða stóran hluta þess tíma sem Covid-19 faraldurinn geysaði í íslensku samfélagi. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort að félagslegur stuðningur á vinnustöðum grunnskólakennara hafi breyst á umræddum tíma og hvernig hann birtist grunnskólakennurum á þessum erfiðu tímum. Tekin voru ó rýnihópaviðtöl við grunnskólakennara á vordögum 2022. Helstu niðurstöður sýna að grunnskólakennarar upplifðu meiri félagslegan stuðning í faraldrinum sem og meiri samheldni sín á milli og sterk vináttubönd mynduðust milli grunnskólakennara sem unnu á sama svæði. Pirringur og nöldur minnkaði umtalsvert og kennarar sem voru saman á deildum studdu hvorn annan bæði í starfi og í einkalífi meira en áður, jafnvel þó að það þýddi meira álag á þá sjálfa varðandi vinnuskyldu á vinnustað. Draga má þann lærdóm af þessari rannsókn að á erfiðum tímum þegar þjóðin og vinnustaðir standa frammi fyrir erfiðu og áður óþekktu verkefni standa grunnskólakennara saman, styðja hvern annan, bæði vinnulega og tilfinningalega og finna lausnir til að takast á við ógn eins og COVID-19 faraldurinn.

„Feitir bólkar á palli“: Samanburður á tónlistarsamfélögum Íslands og Færeyja

Arnar Eggert Thoroddsen

Háskóli Íslands

Erindið byggist á rannsóknum höfundar á dægurtónlistarsamfélögum Íslands og Færeyja sem ná yfir tæplega tvo áratugi. Rannsóknirnar hafa verið framkvæmdar í gegnum doktorsritgerðaskrif, þáttökurannsóknir og greinaskrif af ýmsum toga. Meginfræðin sem liggja að baki þessu erindi eru í formi doktorsritgerð höfundar, Dægurtónlist við ysta haf: Ísland og þorpsheilkennið (2019), sem var skrifuð við Edinborgarháskóla undir leiðsögn Simon Frith og svo MA ritgerð kanadíska fræðingsins Joshua Green sem fjallaði um tónlistarsamfélög í Færeyjum. Um samanburðarrannsókn er að ræða, þar sem sameiginleg einkenni samfélaganna eru dregin fram um leið og munurinn á þeim er settur undir mæliker. Aðferðir makró-kenninga innan félagsfræða eru nýttar, til að sjá hvernig stofnanir eins og útvarp, tónlistarhátíðir og útflutningsskrifstofur styðja við virkni þessara tveggja landa í tónlistarlegu tilliti. Mikilvægur þáttur í rannsókninni er einnig staða landanna á heimsvísu, þar sem eitt er sjálfstætt en hitt ekki, og nýlendufræði og -hyggja vomir því óneitanlega yfir líka ásamt spurningum um þjóðarímynd. Veruleiki þessara landa sem örbjóða markar þeim líka ákveðinn stað í tengslum við hin Norðurlöndin, eitthvað sem þarf að taka tillit til einnig. Aukinn skilningur á vélavirki þessara landa í tónlistarlegu tilliti stuðlar eðlilega að bættu tónlistarumhverfi sem síðan styður við aukna lýðheilsu á endanum. Til að gera þetta rannsóknarsnið öflugra þyrfti líka að bæta þriðja landinu, Grænlandi, við og endar erindið á vangaveltum um hvernig best væri að bera sig að hvað það varðar. Öflug samanburðarrannsókn á þessu þrennu væri í góðum takti við áherslu Vestnorræna ráðsins t.a.m.

Social Magic A theoretical application

Viðar Halldórsson

University of Iceland

Social magic is a distinctive and enriching experience derived from social interaction. The experiences of social magic are essential for our overall well-being and our collective perceptions of imagined communities. Social magic thus establishes relationships, creates social capital and builds communities for the greater good of community and individuals. However, social magic is under threat, as one of the unintended consequences of modernity is the decadence of social magic. The decadence of social magic thus marks a critical, but I believe a realistic, vision of our loss of place and community, as well as of human agency, and human fulfillment, in a post-modern society. This paper thus highlights the importance of human-to-human relationships in a world which is hastily turning more towards human-to-object relationships – that is, relationships between a human and a machine. This process of human-to-object relationships, which has accelerated and intensified due to the Covid pandemic, is transforming Western societies to unprecedented levels on technological terms. This paper provides a theoretical application of the concept of social magic and sets out to define the nature of social magic, its relevance for individuals and society, and its recent decadence.

Cyborg Biopower: Smart Devices in Iceland

Marcello Milanezi

University of Iceland

The present research uses data elicited from interviews conducted in Iceland, to paint a picture of the relationship between the individual and their smart devices. It draws from postmodern philosophers such as Jean Baudrillard, Michel Foucault, Donna Haraway, Félix Guattari and Gilles Deleuze, as well as from sociologist Nick Couldry and social psychologist Shoshana Zuboff, to understand how such relationship builds a system of ubiquitous surveillance, behavior nudges and the construction of simulacra. Posthumanism also instructs the paper, by means of Rosi Braidotti and Francesca Ferrando's wisdom in the relationship between user and 4th Industrial Revolution technology. Furthermore, it explores the often-paradoxical dynamic by which awareness of surveillance doesn't keep the user away from the desire to engage with their gadgets: in short, desire seems to produce the data that flows to digital platforms, and the promise of rhizomic connection reveals itself to be another method to categorize/colonize the (cybernetic) body. The methodology of situational analysis is applied, in which the situational map includes human agency, smart-technology, capitalism and COVID-19. The collected interviews indicate different uses of smart technology, as well as awareness about surveillance; nonetheless, it seems that awareness is not enough to steady the tide of the rolling digital sea that drowns the cybernetic body.

Láglaunakonur, vellíðan og velferðarkerfið á Íslandi

Maya Staub¹, Berglind Hólm Ragnarsdóttir²

¹ Varða - rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins

² Háskólinn á Akureyri

Eitt aðalhlutverk velferðarkerfa er að tryggja grundvallarmannréttindi og jöfnuð í samfélaginu. Með hjálp skipulagðra almannatrygginga og opinberrar velferðarþjónustu er þeim til dæmis ætlað að tryggja atvinnuleysisbætur, örorkubætur, fæðingarorlof, heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu óháð efnahag. Þekkt er að sú ójafna staða kvenna og karla sem ríkir á vinnumarkaði hefur leitt til þess að konur—og þá sérstaklega konur í lágtekjuhópum—treysta í meira mæli á stuðning hins opinbera heldur en karlar. Að þurfa að reiða allt sitt á velferðar- og bótakerfi stjórnvalda getur hins vegar leitt til þess að fólk festist í fátækt og félagslegri einangrun. Rannsóknir á heilsu kvenna og karla á Íslandi hafa sýnt að þótt konur lifi lengur en karlar eru þær líklegri til að glíma við heilsufarsvandamál í daglegu lífi, einnig benda þær til þess að þættir eins og fjárhagserfiðleikar og verri lífskjör stuðli að þessu ástandi. Hins vegar eru konur ekki einsleitur hópur, en þættir eins og efnahagur, uppruni og staðarsamhengi (e. Spatial context) geta allir haft áhrif á andlega og líkamlega líðan þeirra. Markmið rannsóknarinnar er að greina líkamlega og andlega líðan kvenna á Íslandi með tilliti til efnahagsstöðu þeirra, búsetu, og innflytjendastöðu og kortleggja upplifun þeirra af velferðarkerfinu. Rannsóknin byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir úrtak allra íslenskra kvenna á vinnualdri (25-64 ára). Hringt var í rúmlega 3000 konur á vor- og sumarmánuðum 2022 og verða frumniðurstöður greiningarinnar birtar á Þjóðaspeglinum.

Áhrif auðmagns á viðhorf til ójafnaðar og velferðarkerfisins

Sigrún Ólafsdóttir, Jón Gunnar Bernburg

Háskóli Íslands

Félagsfræðingar hafa löngum haft áhuga á hvernig félagsleg staða hefur áhrif á ýmsar útkomur, þar á meðal viðhorf fólks til velferðarkerfisins og ójafnaðar. Það eru ýmsar leiðir til að mæla félagslega stöðu, allt frá skiptingu Marx í auðstéttina og öreiga, til áherslu Webers á félagslegar stöðu yfir í kenningar Bourdieu um mismunandi tegundir auðmagns. Á meðan hefðbundnar mælingar á menntun og tekjum skipta miklu máli í að skilja hvernig stéttir hafa áhrif á viðhorf, þá er skipting fólks í stéttir mun flóknari og einstaklingar nota ýmsar leiðir til að draga mörk á milli þeirra sjálfra og annarra. Þessi mörk tengjast auðvitað hlutlægum mælingum á stéttarstöðu, en tengjast líka lífsstíl, félagslegum stuðningi og valdi. Rannsóknir á velferðarkerfinu og ójöfnuði hafa almennt sýnt að þeir sem hagnast meira af velferðarstefnu eru almennt líklegri til að styðja velferðarkerfið og tilraunir til að draga úr ójöfnuði. Við notum gögn frá Íslensku Félagsvísindarannsókninni 2020 til að skoða hvernig mismunandi tegundir auðmagns hafa áhrif á viðhorf til tekjuójafnaðar og ábyrgðar ríkisvaldsins við að draga úr slíkum ójöfnuði. Við byrjum á að skoða hvernig félagslegt, efnahagslegt, tákrænt og menningarlegt auðmagn dreifist á meðal íslensku þjóðarinnar og bætum því við hefðbundnari mælingar á stéttarstöðu. Niðurstöðurnar sýna að slíkt auðmagn hefur áhrif á viðhorf til velferðarkerfisins og ójafnaðar, þar sem elítustaða í samfélaginu dregur úr líkum á að vilja minnka ójöfnuð en hugmunðafraeðileg staða hefur áhrif á að vilja standa vörð um jafnt aðgengi að velferðarþjónustu.

Húsnæðismarkaðurinn frá sjónarhóli mannréttinda

Kári Hólmur Ragnarsson

Háskóli Íslands

Meðal alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga Íslands er réttur til viðeigandi lífsskilyrða, þar með talið réttur til húsnæðis. Í þeim rétti felst m.a. að húsnæði sé fjárhagslega viðráðanlegt. Ríkið ber margþættar skyldur til þess að koma réttinum til framkvæmdar, bæði athafna- og athafnaleysissskyldur. Nær ekkert hefur verið fjallað um réttinn til húsnæðis hér á landi, þótt ljóst megi vera að húsnæðisöryggi sé lykilþáttur viðunandi lífskjara. MeGINinntaki réttarins til húsnæðis verður lýst og fjallað um hvaða áhrif það kann að hafa að bregða mannréttindaljósi á húsnæðismál. Fjallað verður um erlenda og alþjóðlega dómaframkvæmd þar sem réttur til húsnæðis hefur áhrif á möguleika lánastofnana til fullnustugerða og áhrif á hlutverk stofnana ríkisins við framkvæmd slíkra gerða. Þá verður fjallað sérstaklega um tengsl mannréttinda og fjármagnsvæðingu húsnæðis. Á síðustu áratugum hefur húsnæði fengið aukið vægi sem verslunarvara eða fjárfestingarkostur frekar en sem heimili og hefur hlutur fagfjárfesta á fasteigna- og leigumarkaði aukist. Í alþjóðlegri umfjöllun er lögð áhersla á að mannréttindasjónarhorn á húsnæðismarkaðinn geri þá kröfu að húsnæði sé fyrst og fremst heimili, enda hafi fjármagnsvæðing húsnæðis haft alvarleg áhrif á möguleika fólks til öruggrar búsetu. Við stefnumótun skuli því hafa í forgrunni hið samfélagslega hlutverk húsnæðis. Frá þessu sjónarhorni verður staða íslensks húsnæðismarkaðar skoðuð og bent á að mannréttindaskyldur ríkisins kunni að gera kröfu um breytta reglusetningu á fasteignamarkaði, aukna vernd leigjenda, breytta framkvæmd fullnustugerða og virkara hlutverk ríkisins við að tryggja rétt til viðeigandi húsnæðis.

“Nomads” or not “Nomads”? Critically addressing Roma housing segregation in Rome (Italy)

Marco Solimene

University of Iceland

For decades Rome has been preoccupied with the presence of the “Nomads” – a category used in reference to Roma (independently from their actual practices and self-identification) and implying allegations of backwardness and deviance. The various “Nomads Plans” implemented by the city authorities have forced thousands of Roma families to socio-economic precarity and segregation in ethnic ghettos, so-called *campi nomadi*. In the last years, in response to the EU and national frameworks for Roma inclusion, Rome’s administration questioned nomadism as main asset of Roma identity and *campi nomadi* as proper housing solutions. The results, however, are questionable. Authorities started systematically denying Roma mobility, even in case of families that actually practice itinerant livelihoods; nonetheless, the equivalence between Roma and “Nomads” continues surreptitiously framing discriminatory institutional discourses. Meanwhile, the recent implementation of the policy of “housing transition” (from *campi nomadi* to houses) – a process that often remains stranded – is resulting in the demolition of Roma settlements that the authorities created, that have existed for decades, and whose inhabitants see as their home. Building on a long-term ethnographic fieldwork with Bosnian Roma families living in the Roman peripheries, this paper critically addresses the recent turn in Roma-related housing policies in Rome. It thus stresses the importance of participatory approaches in the ideation and implementation of interventions that aim at tackling social inequalities and ethnic segregation.

Stéttaorðræða í íslenskum fjölmiðlum

Guðmundur Oddsson

Háskólinn á Akureyri

Íslensku þjóðfélagi var löngum lýst sem stéttlausu í almennri umræðu og á vettvangi stjórnmálanna. Þessi orðræða endurspeglar og mótar sjálfsögð sannindi um tiltölulegt stéttleysi Íslands. Nýlegar rannsóknir og spurningakannanir benda hins vegar til þess að grafið hafi undan hugmyndum um stéttleysi síðustu áratugi og að landsmenn séu meðvitaðri um stéttaskiptingu íslensks samfélags en áður. Í erindinu er markmiðið að varpa ljósi á breyttar hugmyndir Íslendinga um stéttaskiptingu á grundvelli eigindlegrar og megindlegrar innihaldsgreiningar á stéttaorðræðu í íslenskum fjölmiðlum frá árinu 2005 til 2020. Gögnin koma úr fréttasafni Fjölmiðlavaktar Creditinfo og samanstanda af fréttum úr dagblöðum, sjónvarpi og útvarpi frá 2005 og úr stærstum netmiðlum landsins frá 2010. Við túlkun niðurstaðna er stuðst við stéttakenningu Pierre Bourdieu og kenningu félagsfræðingsins Wayne Brekhus um félagslega merkingu (e. social markedness) sem vísar til þess hvernig fólk leggur áherslu á aðra hlið andstæðna en hunsar hina sem þekkingarfræðilega ómerkilega. Niðurstöðurnar benda til þess að stéttavitund landsmanna hafi aukist frá því sem áður var. Hins vegar eru Íslendingar eftir sem áður gjarnir að merkja (e. mark) aðrar samfélagsgerðir sem stéttskiptar en líta framhjá stéttaskiptingu eigin samtímaþjóðfélags sem ómarkverðri (e. unremarkable). Þetta ferli ómerkir (e. unmarks) stéttaskiptingu á Íslandi og viðheldur þar með hugmyndum um stéttleysi Íslands. Niðurstöðurnar sýna að stéttavitund er að hluta félagsleg sköpun sem byggir á samanburði.

Forvarnir kulnunar í starfi. Hvaða áhrifaþættir á vinnustað skipta mestu máli?

Sigrún Gunnarsdóttir

Háskóli Íslands

Vanlíðan í starfi er vaxandi vandi á vinnustöðum. Breytingar og álag sem fylgdu heimsfaraldri Covid-19 hafa aukið á þreytu og vanlíðan starfsfólks og stjórnenda. Hér á landi birtist þessi vandi til dæmis með veikindafjarvistum og skorti á starfsfólki t.d. innan velferðarþjónustu og menntakerfis og kulnun í starfi hefur aukist t.d. meðal heilbrigðisstarfsfólks og kennara. Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu þekkingar um áhrifaþætti á vinnustað sem tengjast kulnun í starfi og varpa ljósi á árangursríkar forvarnir. Gert var yfirlit yfir stöðu þekkingar á sviðinu með áherslu á rannsóknir síðastliðin 15 ár. Niðurstöður sýna að helstu áhrifaþættir kulnunar í starfi snúa að langvarandi álagi og vandamálum í starfi, takmörkuðum áhrifum á eigin störf og takmörkuðum félagslegum stuðningi starfsfólks og stjórnenda. Gagnkvæmur félagslegur stuðningur á vinnustað getur dregið úr líkum á kulnun í starfi og þegar starfsmaður leggur sig fram við að móta eigið starf getur það einnig minnkað áhrif álags á kulnun í starfi, jafnvel þegar álag er mjög mikið. Þá getur sveigjanleiki í starfi, t.d. í sambandi við tímasetningu og staðsetningu verkefna, dregið úr áhrifum álags á kulnunareinkenni. Heildræn nálgun sem beinist að viðurkenndum áhrifaþáttum á vinnustað er mikilvæg til að tryggja árangursríkar forvarnir kulnunar í starfi og brýnt að viðbrögð og meðferð við kulnun í starfi snúi markvisst að þessum áhrifaþáttum. Mikilvægt er að stjórnendur og leiðtogar séu meðvitaðir um og beini sjónum að viðurkenndum áhrifaþáttum kulnunar í starfi og efli jafnframt virka þátttöku og samvinnu starfsfólks og annarra hlutaðeigandi til forvarna gegn kulnun í starfi.

Líðan mannauðsfólks á Íslandi

Edda Björg Sigmarsdóttir, Svala Guðmundsdóttir, Kári Kristinsson

Háskóli Íslands

Vinnutengd streita er þekkt áhyggjuefni um heim allan og hafa rannsóknir til að mynda sýnt fram á að streituvaldandi starf getur leitt til einkenna kulnunar og getur slíkt aukið hættu á sjúkdómum og tengdum veikindum. Auk þess hefur streita verið talin ein helsta orsök vinnutengdra vandamála og getur hún birst í formi andlegra sem og líkamlegra afleiðinga. Með þessari rannsókn var leitast við að skoða starf þeirra einstaklinga sem starfa við mannauðsmál hér á landi út frá því álagi og streitu sem ætlað er að starfinu geti fylgt. Rannsóknin var framkvæmd með blandaðri rannsóknaraðferð, eigindlegri og megindlegri. Fyrst voru tekin hálfstöðluð viðtöl við átta einstaklinga sem starfa í mannauðsmálum, fjórar konur og fjóra karla. Í framhaldinu var rafræn könnun lögð fyrir félagsaðila Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að viðmælendur telja að starfið sé gríðarlega krefjandi á köflum og því fylgi mikið álag, með tilheyrandi streitueinkennum. Flestir viðmælenda hafa upplifað andleg og/eða líkamleg einkenni sem tengja má við streitu í starfi.

Reynsla starfsmanna Íslandspóstis af innanhússmarkþjálfun og líðan þeirra í starfi

Helga Kolbrún Magnúsdóttir¹, Sigrún Gunnarsdóttir²

¹ Eir hjúkrunarheimili

² Háskóli Íslands

Vísbendingar eru um að líðan starfsmanna víða á vinnumarkaði sé ekki góð bæði hér á landi og erlendis. Þekking hefur aukist um árangursríkar leiðir til að styðja við vellíðan starfsmanna og rannsóknir benda til þess að markþjálfun geti haft jákvæð áhrif. Íslandspóstur er meðal fyrirtækja sem hefur leitað leiða til að efla góða vinnustaðamenningu og vellíðan starfsmanna meðal annars með aðferðum markþjálfunar. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða mat starfsmanna á innleiðingu breyttrar vinnustaðamenningar, hvernig upplifun starfsmanna var af innanhússmarkþjálfun og skoða mat þeirra á starfsumhverfinu og líðan í starfi. Framkvæmd var tilviksrannsókn með blandaðri aðferð, tekin hálf opin viðtöl við tólf starfsmenn og lagðar fram spurningakannanir tvisvar fyrir starfsmenn sem fengu markþjálfun. Helstu niðurstöður frá viðtölunum sýna að innleiðing á breyttri vinnustaðamenningu gekk vel og jákvæð leiðtogamenning að myndast. Upplifun af markþjálfun var góð og fannst viðmælendum þeir fá fleiri verkfæri til að njóta sín í starfi og heima fyrir. Niðurstöður á mati starfsmanna í könnunum voru jákvæðar í sambandi við forystu, sálfélagslega þætti og líðan í starfi en ekki marktækur munur á milli kannana fyrir og eftir markþjálfun. Af niðurstöðunum má álykta að reynsla starfsmanna Íslandspóstis af innanhússmarkþjálfun og innleiðingu nýrrar vinnustaðamenningar hafi verið góð sem og að starfsumhverfið sé gott með hliðsjón af forystu, sálfélagslegum þáttum starfsins og líðan í starfi. Niðurstöður benda til að innanhússmarkþjálfun geti verið góð leið til að bæta vellíðan starfsmanna og aukið leiðtogafærni og árangursrík leið til að styðja við breytingar á vinnustaðamenningu.

Einkenni árangursríkra staðfunda, fjarfunda og blandaðra funda

Dagbjört Una Helgadóttir¹, Arney Einarsdóttir²

¹ Intellecta

² Háskólinn á Bifröst

Markmið rannsóknar var að auka þekkingu og skilning á því hvað einkennir árangursríka fundi eftir fundarformi, þ.e.a.s. staðfundi, fjarfundi eða blandaða fundi. Skoðað var í fyrsta lagi einkenni ólíkra fundarforma, í öðru lagi hvað einkennir árangursríka fundi og í þriðja lagi tengsl milli árangurs funda við starfsánægju, fundarþreytu og áform um starfslok. Netkönnun var lögð fyrir í febrúar 2022. Tekið var hentugleikaúrtak meðal háskólanema á meistarástigi og snjóboltaúrtak á Facebook. Niðurstöður byggja á svörum 289 þátttakenda. Einkenni funda voru flokkuð í fjóra yfirþætti: fundaraðstæður, skipulag, undirbúningur og framkvæmd funda. Tengsl voru á milli þess hve vel er staðið að undirbúningi funda, fundaraðstæðna, framkvæmdar og skipulags funda og upplifunar á árangri, en þó mismikil eftir fundarformum. Framkvæmd funda hafði sterkust tengsl við árangur, og á það við um öll fundarform. Blandaðir fundir voru metnir síður árangursríkir en staðfundir og fjarfundir. Niðurstöður benda jafnframt til þess að fjarfundir séu skilvirkara fundarform en staðfundir en að staðfundir henti hins vegar betur þegar þörf er á tengslamyndun. Miðunarlíkan sýndi fram á fullt miðlunarsamband milli mats þátttakenda á fundum á árangri funda og áforma um starfslok gegnum fundarþreytu og starfsánægju. Niðurstöður gefa auk þess vísbendingu um að velja þurfi fundarform með tilliti til tilgangs viðkomandi fundar. Til dæmis að leggja þurfi áherslu á staðfundi fyrir fundi þegar þörf er á tengslamyndun en fjarfundi ef þörf er á skjótri og skilvirkri úrlausn eða einhvers konar ákvörðunartöku. Huga þarf þó vel að og styrkja framkvæmd blandaðra funda, þegar og ef það fundarform er valið.

Áhrif þjálfunar, þróunar, frammistöðumats og starfsmannasamtala á viðhorf, upplifun og hegðun starfsfólks

Heiður Ósk Pétursdóttir, Arney Einarsdóttir

Háskólinn á Bifröst

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á hvort fjárfesting í þjálfun og notkun formlegs frammistöðumats og starfsmannasamtala í skipulagsheildum hér á landi hafi áhrif á viðhorf, upplifun og hegðun starfsfólks. Notað er samsett gagnasafn með gögnum úr alþjóðlegu Cranet rannsókninni hér á landi. Þeirra gagna var aflað rafrænt á tveimur stigum, annars vegar á meðal forsvarsmanna mannauðsmála hér á landi á fyrirtækjastigi haustið 2018, og hins vegar á starfsmannastigi meðal starfsfólks í sömu fyrirtækjum um ári síðar haustið 2019. Þátttakendur á fyrirtækjastigi voru 32 talsins og á starfsmannastigi tóku 1902 starfsmenn þátt. Að meðaltali svöruðu 28 starfsmenn í hverju þáttökufyrirtæki. Niðurstöður sýna að fjárfesting í þjálfun, tilvist formlegs frammistöðumats og formlegra starfsmannasamtala hafa ekki marktæk tengsl við starfsánægju eða mat starfsfólks á eigin þegnhegðun (e. organizational citizenship). Niðurstöður sýna á hinn bóginn að fjárfesting í þjálfun á fyrirtækjastigi hefur áhrif á hvoru tveggja upplifun starfsfólks á sanngirni og á mat starfsfólks á þegnhegðun síns samstarfsfólks, þó áhrifin séu veik. Niðurstöður sýna auk þess að tilvist formlegra starfsmannasamtala hefur líka áhrif á upplifun starfsfólks á sanngirni og á mat á þegnhegðun samstarfsfólks, þó áhrifin séu einnig veik þar. Þessar lykilniðurstöður, varðandi hvoru tveggja áhrif fjárfestingar í þjálfun og tilvist starfsmannasamtala á sanngirni og þegnhegðun samstarfsfólks, eru staðfestar þegar stýrt er fyrir kyni, aldri, menntun og lengd vinnuviku í þrepaskiptri fjölbreytuaðhvarfsgreiningu. Draga má þá ályktun að fjárfesting fyrirtækja og stofnana í hvoru tveggja þjálfun og innleiðingu starfsmannasamtala hafi tilætluð áhrif á upplifun og hegðun lykilhagsmunaaðila á sviði mannauðsmála, þ.e.a.s. starfsfólk.

Áherslur vettvangsstjóra í stjórnun aðgerða á vettvangi og hugmyndafræði þjónandi forystu

Ástvaldur Helgi Gylfason¹, Sigrún Gunnarsdóttir²

¹ Hvolsskóli

² Háskóli Íslands

Mikilvægi sérhæfðra viðbragðsaðila hér á landi kemur æ skýrar fram þegar áföll dynja yfir svo sem við náttúruhamfarir, slys eða eldsvoða. Fyrri rannsóknir sýna að áherslur í samskiptum, stjórnun og forystu á vettvangi hafa mikil áhrif á hvernig til tekst með björgunaraðgerðir, samhæfing ólíkra viðbragðsaðila skiptir máli og að leiðtogar björgunaraðgerða þurfi að forðast miðstýringu. Rannsóknir hafa sýnt að þjónandi forysta sé árangursrík leið í stjórnun en fáar rannsóknir liggja fyrir um stjórnun aðgerða í því ljósi og fáar rannsóknir hafa verið gerðar um reynslu breiðs hóps viðbragðsaðila af stjórnun mismunandi aðgerða og mikilvægt að kanna hver reynsla vettvangsstjóra er af slíkri stjórnun. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á áherslur reynslumikilla vettvangsstjórnenda við stjórnun á vettvangi aðgerða og leita svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum. Hver er reynsla vettvangsstjóra og áherslur þeirra í stjórnun á vettvangi í aðgerðum? Endurspeglar þær áherslur hugmyndafræði þjónandi forystu? Gerð var eigindleg rannsókn með viðtölum við ellefu vettvangsstjórnendur, notuð var þemagreining og sett fram þrjú yfirþemu og níu undirþemu. Niðurstöður benda til þess að vettvangsstjórnendur leggi áherslu á samvinnu ólíkra viðbragðsaðila sem þeir ná fram einkum með valdeflingu, hlustun og yfirsýn. Niðurstöður benda einnig til þess að áherslur vettvangsstjórnanna séu í takt við lyk-
ilþætti þjónandi forystu, það er framsýni, hlustun, valdeflingu, jafningjafbrag, innri styrk og samvinnu. Niðurstöður rannsóknarinnar geta verið framlag til þekkingar um árangursríkar áherslur í stjórnun björgunaraðgerða og geta nýst meðal viðbragðsaðila sem og fyrir aðra sem takast á við áföll og haft hagnýtt gildi fyrir forystu og stjórnun almennt.

Hvað skýrir hlut félagasamtaka í uppbyggingu þjónustu við fatlað fólk á 20 öld? Niðurstöður sögulegrar greiningar

Ómar Kristmundsson

Háskóli Íslands

Í fyrirlestrinum er fjallað um þá þætti sem leiddu til uppbyggingar velferðarþjónustu á Íslandi til loka 20. aldar, nánar tiltekið þjónusta við fatlað fólk. Í gegnum tíðina hafa íslensk félagasamtök haft frumkvæði að eflingu hennar, bæði með stofnun nýrra úrræða og rekstri. Í fyrirlestrinum er leitast við að svara hvers vegna. Byggt er á niðurstöðum greiningar sögulegra gagna; skýrslum, þingskjölum og sögum félagasamtaka. Notast er við aðferðafræði sögulegrar stofnanahyggju (historical institutionalism), þar sem er lögð er áhersla á að greina samspil áhrifaþátta á sögulega framvindu. Fram kemur að samspil nokkurra þátta skýri þetta hlutverk félagasamtaka. Bent er á tilurð hins borgaralega en fámenna samfélags í ört vaxandi þéttbýli, aukna pólitíska þátttöku kvenna, veikburða stjórn-sýsla og tengslanet fulltrúa félagasamtaka, þingmanna og embættismanna. Félagasamtök héldu áfram uppbyggingu velferðarþjónustu allt fram undir lok 20. aldar þó ríkið hafi fjármagnað í auknum mæli starfsemina. Á síðustu tveimur áratugum aldarinnar urðu hins vegar straumhvörf í þjónustu við fatlað fólk með auknu hlutverki ríkis og síðar sveitarfélaga. Í ljósi þessarar sögu er fjallað um framtíðarhlutverk félagasamtaka í velferðarþjónustu.

Hver sinnir eldri borgurum - hafa orðið breytingar á því hver veitir þjónustu?

Sigurveig H Sigurðardóttir

Háskóli Íslands

Makar og börn hafa lengi verið mikilvægustu umönnunaraðilar eldra fólks sem þarfnast aðstoðar. Tvær rannsóknir um þjónustu og þjónustuþarfir voru gerðar meðal aldraðra á Íslandi (ICEOLD rannsóknirnar) árið 2008 og árið 2018. Markmið rannsóknarinnar 2018 var að kanna hvort umönnun heimabúandi aldraðra 65 ára og eldri, hefði breyst á tíu ára tímabili. Sérstök áhersla var lögð á að kanna hvort breyting hafi orðið á þjónustu frá opinberum aðilum og fjölskyldunni svo og á samvinnu þessara aðila. Notuð var meginndleg aðferð, hringt var í þátttakendur 65 ára og eldri, sem bjuggu heima. Þátttakendur voru 782 í fyrri rannsókninni og 885 í þeirri seinni. Niðurstöður sýna að svarendur sem þurftu umönnun fengu meiri stuðning frá opinberum umönnunaraðilum í síðari rannsókninni og umönnun fjölskyldunnar hafði minnkað nokkuð. Makarnir, bæði karlar og konur, eru þeir sem hjálpa mest. Stuðningur frá dætrum/tengdabörnum hafði minnkað en synir/tengdasynir veittu meiri aðstoð við athafnir daglegs lífs (ADL), sérstaklega feðrum/tengdafeðrum sínum. Samstarf formlegra umönnunaraðila og fjölskyldu umönnunaraðila virðist hafa aukist og auðveldað umönnunaraðilum að aðstoða eldri ættingja sína. Rætt verður um niðurstöður rannsóknarinnar í tengslum við þær breytingar sem orðið hafa á framboði þjónustu opinberra aðila. ICEOLD rannsóknirnar sýna að umönnun fjölskyldunnar er mikilvæg fyrir eldra fólk á Íslandi og þær fjölskyldur sem sinna umönnun eldra fólks verða að njóta stuðnings yfirvalda.

Fjölbjóðlegar matslistar um styrk- og veikleika eldra fólks - 60 ára og eldri

Halldór Sigurður Guðmundsson

Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild

Fjölgun eldra fólks og breytingar á aldurssamsetningu þjóða er staðreynd. Þessi þróun setur aukinn þrýsting á velferðarþjónustuna til að mæta þörfum stækkandi hóps samhliða kröfum um einstaklingsmiðaða og heildræna þjónustu. Bent hefur verið á að þessi þróun auki þörfina fyrir áreiðanleg matstæki sem þjóni bæði heilbrigðis- og félagsþjónustu og geri ráð fyrir sjálfsmati einstaklinga og mati annarra. Tveir slíkir listar, sjálfsmatslisti (OASR) og mat annarra s.s. ættingja(OABCL) voru staðfærðir héraðs árið 2004 og hafa líka verið gefnir út á mörgum tungumálum. Í samvinnu við fjölbjóðlegan rannsóknahóp frá 20 löndum öfluðu íslenskir rannsakendur gagna þar sem listarnir voru lagðir fyrir tilviljunarúr-tak 60 ára og eldri. Markmið rannsóknarinnar var að afla viðmiða, athuga þáttabyggingu matslistanna og samræmi í svörum upplýsingagjafa. Í erindinu er fjallað um niðurstöður sem hafa birtst í þremur vísindagreinum og sagt frá öðrum rannsóknum MA-nema og fleiri mælingum. Niðurstöður fjölbjóðleg rannsóknarhópsins hafa lagt grunn að fjölmenn-ingarlegum viðmiðum og staðfest réttmæti einkennaflokkunar samkvæmt listanum í öllum samfélögum sem tóku þátt. Hleðsla spurninga á viðkomandi þátt var há og fylgni í svörum á milli svarendahópa .76 -.80. Þá sýna niðurstöður að heildarbreytileiki milli samfélaga væri 36% varðandi styrkleika einstaklinganna en um 17% varðandi heildarerfiðleika. Nið-urstaðurnar gefa tilefni til að mæla með notkun listanna við mat á styrkleikum og líðan hjá ólíkum hópum eldra fólks, til dæmis vegna heilsu- og þjónustumats, samskipta eða rannsókna.

Seigla samfélaga í kjölfar Eyjafjallajökulgossins 2010 – sýn íbúa á félagslegan stuðning í bataferli og enduruppbyggingu

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Guðrún Pétursdóttir, Deanne Bird

Háskóli Íslands

Rannsóknin beinir sjónum að seiglu samfélaga vegna náttúruhamfara. Áhersla er lögð á hlutverk bindandi, brúandi og tengjandi félagsauðs og félagslegs stuðnings í endurreisn samfélaga. Kannað var hvaða áhrif Eyjafjallajökulosið árið 2010 hafði á fjölskyldur búsett- ar undir Austur-Eyjafjöllum og í Vík í Mýrdal og hvers konar stuðning fjölskyldurnar töldu nauðsynlegan í bataferlinu, hvernig ætti að veita hann og hversu lengi stuðningur þyrfti að vera til staðar til að styðja við bata og enduruppbyggingu samfélaganna. Markmiðið var að öðlast skilning á því hvernig fjölskyldurnar mátu sín félagstengsl og þann félagslega stuðning sem í boði var með tilliti til þarfa þeirra. Stuðst var við eigindlegar rannsóknarað- ferðir. Tekin voru viðtöl við 12 fjölskyldur, sjö undir Austur-Eyjafjöllum og fimm í Vík, alls 44 einstaklinga af þremur kynslóðum. Niðurstöðurnar sýndu að fjölskyldurnar bjuggu við sterk bindandi og brúandi félagstengsl þar sem hlutverk stórfjölskyldunnar var sérstaklega mikilvægt. Tengjandi félagsauður, félagslegur stuðningur á formlegum vettvangi, veitti margs konar stuðning sem fjölskyldurnar mátu mikilvægan. Hins vegar bentu þær á ýmis tækifæri til að efla þann stuðning. Einn af mikilvægari þáttum var skýrt og jafnt aðgengi að félagslegum stuðningi á formlegum vettvangi og að hann yrði veittur eins lengi og þörf krefur. Rannsóknin eykur þekkingu á hlutverki félagslegs stuðnings þegar tekist er á við afleiðingar alvarlegra atburða og undirstrikar mikilvægi félagsauðs í seiglu samfélaga.

Að mæla lestur: lestrarmenning og talnavæðing

Anna Söderström

Háskóli Íslands

Lestrarvenjur barna hafa mikið verið til umræðu og þá sérstaklega að lestrarstundir þykja ekki nógu margar og ekki nógu mikið lesið. Börn þekkja slíka talningu; heimalestur er mældur og skráður í fjölda mínútna og blaðsíða. Lestrarhraði er ítrekað mældur og tölfræði úr PISA-könnunum rædd. Þá setja læsistefnur einnig fram lestrarmarkmið sem mælast í tölum. Tölur og tölfræði er auðvelt að skilja og ræða þar sem slík framsetning getur búið til skýra mynd af flóknum veruleika. En hvað segja þessar tölur um lestrarmenningu og skilning á hvað læsi raunverulega er og gæti verið? Í þessu erindi verður sjónum beint að sambandi lesturs og talna í þeim tilgangi að skoða afleiðingar þess sem kalla má talnavæðingu læsis. Um er að ræða eigindlega rannsókn sem er unnin með gagnrýnni orðræðugreiningu á stefnuskjölum, skýrslum og opinberri umræðu um lestur ásamt þemagreiningu á 12 opnum hálfstöðluðum djúpvíðtölum við foreldra barna í 1.- 6. bekk grunnskóla um reynslu þeirra af heimalestri. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru hluti af yfirstandandi doktorsrannsókn í þjóðfræði þar sem lestrarmenning í íslensku samfélagi er tekin til skoðunar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna m.a. að talnavæðing læsis hefur í för með sér auknar áherslur á þætti sem er auðvelt að mæla, eins og lestrarhraða og fjölda daga sem heimalestur er stundaður, á kostnað annarra þátta læsis, t.d. skilnings og áhuga. Tölurnar gegna því ekki eingöngu því hlutverki að kortleggja lestur barna heldur hafa þær mótandi áhrif á hvernig lestri grunnskólabarna er háttað sem getur jafnvel fælt sum börn frá lestri.

Hvað gera mannfræðingar?

Sveinn Guðmundsson

Háskóli Íslands

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig mannfræðinám er að nýtast mannfræðingum í atvinnulífinu en fólk með gráðu í mannfræði gengur ekki beint inn í ákveðið starf eða inn á ákveðinn starfsvettvang. Tekin voru viðtöl annars vegar við mannfræðinga með mikla reynslu af ýmsum störfum og hins vegar mannfræðinga sem höfðu nýlokið námi og eru að hasla sér völl í atvinnulífinu. Viðmælendurnir voru spurðir út í að hvaða leyti námið sé að gagnast þeim sem og hvað megi bæta í náminu svo það gagnist betur. Notast var við eigindlega aðferðafræði og aðallega stuðst við viðtöl og starfendarannsókn í bland við mannfræðilegar vettvangsaðferðir. Ýmsar kenningar úr kennslufræði og mannfræði eins og samsköpun, ígrundun og kenningar kenndar við fræðimennsku náms og kennslu voru notaðar til að greina gögnin. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þó það sé ekki alltaf ljóst hvernig störf mannfræðingar enda í þá er námið að gagnast þeim í framtíðarstörfum sem og öðru námi. Þörf er á að auka hlut einstakra þátta í námskeiðum mannfræðinnar sem snýr að hangnýtingu og undirstrika gagnsemi fagsins í ólíkum störfum öðrum en fræðistörfum. Mannfræðin er, samkvæmt gögnum rannsóknarinnar, góður undirbúningur fyrir ýmis störf en nemendur þurfa að fá þjálfum og hvatningu á fleiri stigum námsins til að finna sitt áhugasvið innan fagsins til að geta fundið starf við hæfi að námi loknu.

Háskóli í þágu lýðræðis

Sigurður Kristinsson

Háskólinn á Akureyri

Samkvæmt nýlegri greiningu á opinberum stefnuskjölum um háskóla á Íslandi eru hugmyndir um lýðræðislegt hlutverk þeirra óljósar og ómótaðar auk þess að falla í skuggann af þrástefinu um gæði og samkeppnishæfni. Þetta er sérstakt áhyggjuefni í ljósi þess að lög kveða á um að háskóli undirbúi nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er á ábyrgð íslenskra háskóla að rannsaka, ígrunda og efla samband sitt við lýðræði á Íslandi. Markmið erindisins er greina í hverju lýðræðislegt gildi háskóla liggur. Dregnar verða fram meginlínur í fræðilegri háskólaumræðu ásamt þeim ógnum sem steðja að lýðræðinu. Þótt hugtökin háskóli og lýðræði séu margræð er þess freistað að greina þá þætti í háskólastarfi sem hafa gildi fyrir lýðræði óháð ólíkum túlkunum. Aðferðin felst í flokkun á notagildi, táknrænu gildi, framlagsgildi og annars stigs innra gildi háskólastarfs frá sjónarhóli lýðræðis. Helstu niðurstöður eru þessar: Lýðræðislegt notagildi háskólastarfs felst í þekkingarsköpun, mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar og skuldbindingu við sannleikann. Táknrænt lýðræðisgildi háskóla felst í hefðum jafningjastjórnunar, akademísku frelsi, tjáningarfrelsi og umburðarlyndi. Háskólar hafa lýðræðislegt framlagsgildi með því að vera hluti lýðræðislegs þjóðskipulags, svo sem með menntun embættismanna, sérfræðinga og fagstétta, þekkingarsköpun og alþjóðastarfi. Háskólar hafa annars stigs innra gildi þegar lýðræði er iðkað í háskólastarfi og fyrir tilstilli þess. Álykta má að hér skapist forsendur fyrir því að velja að ýta undir þessa þætti í stað þess að láta reka á reiðanum um hvort íslenskt lýðræði spjari sig án þess að hlúð sé að því sérstaklega í starfi háskóla.

Towards parity in higher education: Gendered determination of university expectation among school attending adolescents in Bissau, Guinea-Bissau

Jon Edmund Bollom¹, Aladje Baldé², Hamadou Boiro³, Geir Gunnlaugsson⁴, Jónína Einarsdóttir⁵

¹ University of Iceland

² Jean Piaget University of Guinea-Bissau

³ Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP)

⁴ University of Iceland

⁵ University of Iceland

Gender-based equity in higher education (HE) access is pledged in Sustainability Development Goal 4.3, ensuring equal access for women and men to tertiary education. Despite global reversal in gender parity in HE, indexing at 1.16, disparity remains in Sub-Saharan Africa, at 0.74 females per male. Data from Guinea-Bissau, West Africa, indicate that adolescent girls, compared to boys, are more likely to attend private school and age-appropriate classes. Here, the aim was to identify factors influencing adolescent girls' expectations of later HE attendance in the capital Bissau. Data was collected in June 2017 in 12 public and four private schools; through random cluster selection, 2,039 adolescents aged 14–19 years responded to Planet Youth survey that was adapted to the local context; Akaike Information Criterion created a best-fit model of their HE aspiration. Logistical regression modelling was consequently employed. The results show that 77.0% of the girls expected to attend university, compared to 68.7% of the boys. Girls were 56.9% ($p < 0.005$, $OR = 1.569$) more likely to harbour expectations of university enrolment following graduation than boys. The results indicate dropping-out of deterministically vulnerable girls in the socio-political context of Guinea-Bissau. Survey respondents represent a uniquely resilient core of students, suggesting that university education represents a component of a planned educational pathway for many girls who remain in school.

Risk-Taking Behaviour Among Business Students. Is there a difference between Icelandic and Polish students?

Verena Karlsdottir¹, Aleksandra Cykowska²

¹ University of Akureyri

² University of Iceland

In this research we are scrutinizing differences in risk-taking behaviour among Icelandic and Polish students. In this context, risk-taking behaviour refers to how likely people are to take or avoid risk in everyday life. People with higher risk propensities engage in more risky behaviours and often choose more risky options. Different risk propensities in human action can affect and lead to diverging outcomes regarding health, finance, safety, or social actions. This study seeks to discover whether culture, as well as personal and environmental aspects influence how much risk we are willing to take in different aspects of our lives. The research thereby aims to investigate different factors that might influence risk-taking behaviour such as nationality, gender, living situation, and sibling position. The study is based on a quantitative design whereby a survey was distributed among Polish and Icelandic business students using the Domain-Specific Risk-Taking (DOSPERT) scale. Results reveal that men show significantly higher risk-taking behaviour when it comes to ethical, financial, health/safety, and recreational risk than women. Furthermore, Icelandic participants show significantly higher risk-taking behaviour when it comes to financial and health/safety risk than Polish participants. Students that grew up as an only child show a higher propensity to take ethical and social risk than students that grew up with at least one sibling.

Rafrænir aðalfundir

Throstur Olaf Sigurjonsson¹, Audur Arna Arnardottir², Stefan Wendi³

¹ Háskóli Íslands

² Háskólinn í Reykjavík

³ Háskólinn á Bifröst

Fyrirkomulag aðalfunda fyrirtækja hefur þróast vegna stafrænna lausna, Covid-19 hindrana og lagabreytinga. Þessum breytingum hafa fylgt áskoranir en líka tækifæri. Af sumum er þróunin talin ganga gegn tilgangi aðalfunda, þeim að tryggja hluthöfum upplýsingar um starfsemi fyrirtækis, að geta spurt stjórnendur og stjórnarmenn spurninga, leggja mat á tillögur stjórnanna og stjórnenda og greiða atkvæði um þær. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á það hver reynslan var af rafrænum aðalfundum meðan Covid-19 gekk yfir árin 2020 til 2022. Lagt er upp með rannsóknarspurninguna hver er reynsla hagsmunaaðila, s.s. hluthafa, stjórnarformanna og stjórnarmanna, forstjóra og regluvarða, til þess hvernig aðalfundir hafa þróast og væntingar þeirra til framtíðar stafrænna aðalfunda? Þeirri aðferð var beitt að senda rafrænan spurningarlista til ofangreindra hópa innan skráðra fyrirtækja á Íslandi. Niðurstöður eru þær að allir hagsmunahópar í könnuninni telja rafræna aðalfundi skilvirka og umhverfisvæna. Tæknilegir örðugleikar og hugsanleg vandamál við atkvæðagreiðslu eru ekki stór áhyggjuefni. Rafrænir aðalfundir eru taldir leiða til þátttöku fjölbreyttari hóp hluthafa. Þátttakendur telj að mæting lítilla hluthafa hafi ekki aukist. Þátttakendur hafa áhyggjur af því að megin tilgangi aðalfunda sé ekki vel mætt með rafrænu formi. Þeir telja að dregið geti úr því að hluthafar spyrji spurninga á aðalfundi, umræður um umdeildar tillögur verði ekki nægjanlega ríkar, eftirlit með forstjóra verði slakara og umræður milli hluthafa minnki. Lærdómur rannsóknarinnar er að rafrænir aðalfundir geta skilað skilvirkum fundum, en hætta er að farið sé á mis við stuðning við hagsmuni hluthafa.

Eru fyrirtæki og stjórnendur sem iðka siðferðilega forystu að ná betri árangri?

Haraldur Daði Ragnarsson, Páll Ingi Jóhannesson

Háskólinn á Bifröst

Fagleg forysta er nálgun sem mörgum finnst erfitt að henda reiður á og hvaða þættir það eru sem einkenna fyrirtæki og stjórnendur sem ná árangri. Tilgangur erindis er að rýna fyrirbyggjandi fræði er snúa meðal annars að kenningum í leiðtogafræðum og finna hugsanleg tækifæri til þekkingaröflunar. Fremur fáar rannsóknir hafa beinst að siðferðilegri forystu í fyrirtækjum og er meðal annars markmið rannsóknarinnar að skoða siðferðilega forystu og flétta hana með hagaðilastjórnun og stjórnarháttum fyrirtækja. Markmiðið er einnig að komast að því hvort að fyrirtæki sem að iðka siðferðilega forystu séu að ná betri árangri og með meiri starfsmannaánægju, betri rekstrarafkomu og minni starfsmannaveltu en fyrirtæki sem ekki iðka siðferðilega forystu. Hálf-opin viðtöl verða tekin við átta til tíu stjórnendur í ólíkum fyrirtækjum og þau þemagreind ásamt því að rannsakandi mun máta þær áherslur sem koma fram hjá viðmælendum á fyrirbyggjandi fræði um siðferðilega forystu. Niðurstöður viðtala ásamt fyrirbyggjandi fræðum og einkennandi þáttum verða svo í kjölfarið nýttar við gerð spurningakönnunar sem lögð verður fyrir starfsfólk viðkomandi fyrirtækja. Gagnagreining mun snúa að því að samræma niðurstöður úr þessum tveimur rannsóknaraðferðum.

„Eftir þessu rími verða mennirnir að stíga dans lífsins“: Guðmundur Finnbogason og fyrsta íslenska stjórnunarkenningin

Njörður Sigurjónsson

Háskólinn á Bifröst

Í rannsókninni er gerð grein fyrir hvernig ólík tímahugtök móta kenningar um stjórnun. Dæmi er tekið af vinnuvísindakenningum Guðmundar Finnbogason (1873-1944) heimspékings og sálfræðings eins og þær koma fram í ritunum *Vit og strit* (1915) og *Vinnan* (1917). Markmið greiningarinnar er að setja íslenska stjórnunarkenningu í samhengi við hugmyndasögu stjórnunarfræða og skilja betur samband tíma og stjórnunar. Stuðst er við greiningu á textum frá því tímabili sem Guðmundur setur fram hugmyndir sínar og þær skoðaðar út frá samtímahugmyndum og kenningum um þróun stjórnunarhugsunar. Sérstakur gaumur er gefinn að náttúrutíma og takti, en sjá má af efnistöku Guðmundar að hann er opinn fyrir ólíkum áhrifum eigin reynslu, tæknihyggju og bókmennta í aðferðafræði sinni og hugsun. Helstu niðurstöður greiningarinnar eru að fyrstu íslensku stjórnunarkenningarnar eru settar fram með hliðsjón af því allra ferskasta sem sett hafði verið fram á þeim tíma og fanga jafnframt þær andstæðu hugmyndir sem hafa mótað stjórnunarfræði alla síðustu öld og til dagsins í dag. Rannsóknin er framlag til sögu íslenskra stjórnunarfræða og skilnings á tíma sem viðfangi stjórnunar og stjórnunarfræða.

Framsetning fylgnifylkja

Helgi Tómasson

Háskóli Íslands

Þegar tengslum breyta er lýst er oft notast við fylgnifylki (e. *correlation-matrix*) eða samdreifnifylki (e. *covariance-matrix*). Slík fylki eru jákvætt ákveðin (e. *positive-definite*). Það er auðvelt að uppfylla slíkt skilyrði ef fylkið er lítið, en það er flókið ef fylkið er stórt. Sömuleiðis er tæknilega erfitt að þvinga ákveðin skilyrði á fylkið ef fylkið er stórt. Slík skilyrði geta t.d. verið að einhver stök séu 0 eða að eins og til dæmis í þáttagreiningu (e. *factor-analysis*) þegar ákveða (e. *determinant*) fylkisins er 0. Gert er grein fyrir nokkrum tæknilegum leiðum til að nálgast þennan vanda. Sér í lagi eru bornar saman tvær aðferðir sem byggja á að breyta stökum fylkisins í horn, þ.e. Choleski þáttun og Givens snúningum. Mat á fylkinu er því umbreytt í mat á ákveðnum hornum. Sýnt er hvernig megi nota þessar aðferðir við þáttalíkön (e. *factor-model*) og nokkur önnur tilfelli þegar fylkið, eða andhverfa þess (e. *precision-matrix*) hefur ákveðið form. Tölfræðilegir eiginleikar matsaðferða eru lauslega reifaðir. Þegar fylkið er stórt er fjöldi frjálsra stika (e. *parameters*) mjög mikill. Það er því til mikils að vinna að geta sett skynsamlegar skorður (e. *restrictions*) á fylkið. Hugsanleg hagnýting á gögnum af fjármálamörkuðum er reifuð.

Að breyta mataræði heillar þjóðar í þágu umhverfis

Auður Viðarsdóttir

Háskóli Íslands

Undanfarin misseri hafa vísindamenn við Háskóla Íslands unnið að þverfaglega rannsóknarverkefninu „Sjálfbært heilsusamlegt mataræði – Vísindi sem vegvísir í átt að sjálfbærri framtíð“. Verkefnið leiðir saman sérfræðinga af ólíkum sviðum til að skoða mismunandi mataræði, með áherslu á kolefnisspor Íslendinga. Markmiðið er að auka við þekkingu sem auðveldar stefnumótandi aðilum að taka ákvarðanir um hvernig standa skuli að breytingu í átt að sjálfbæru, heilsusamlegu mataræði og vistvænni matvælaframleiðslu á Íslandi, í takt við síaukna þörf á aðgerðum sem sporna við loftslagsbreytingum. Vitað er að umhverfisvænna mataræði felst að miklu leyti í aukinni neyslu á plöntuafurðum á kostnað kjöts og annarra dýraafurða. Hvernig getur slík mataræðisbreyting átt sér stað meðal þjóðar sem um aldir hefur reitt sig í miklum mæli á dýraafurðir til að komast af? Mikilvægur liður í verkefninu er að skoða menningar- og félagslega þætti sem felast í slíkri breytingu. Til að varpa ljósi á þessa þætti stendur yfir þjóðfræðileg greining meðal fjölbreytts hóps fólks sem nú þegar hefur tileinkað sér sjálfbært og heilsusamlegt mataræði á Íslandi og borðar meðvitað með tilliti til umhverfisins, dýraverndar eða eigin heilsu. Hvað fær fólk til að snúa sér að slíku mataræði og halda sig við það? Hvaða viðhorf liggja þar að baki? Hverjar eru helstu áskoranirnar? Í erindinu verður rannsóknin kynnt og rýnt í fyrstu niðurstöður úr gögnum sem aflað hefur verið með eigindlegum viðtölum, vettvangsathugunum og ítarlegri spurningaskrá.

“Remove the puffin from the pizza!” - Refiguring the Atlantic puffin as a cultural symbol and harbinger

Katla Kjartansdóttir

University of Iceland

Through visual analysis and multi-species ethnography this paper sheds light on current socio-cultural dynamics and ecological developments within (and beyond) the Arctic region. These developments include increased human and more-than-human mobility, climate change and massive extinction of wild animals, frequently described as the sixth mass extinction (Kolbert, 2014). Among some of the iconic animals that have recently been listed as endangered is the Atlantic puffin (Birdlife, 2021). In Europe, the population size is estimated to have decreased by 68% over the past 50 years. The chapter investigates visual and material representations of the Atlantic puffin within the context of art, tourism and museums. Particular attention is given to contemporary Icelandic artists and how they engage with the puffin as a complex naturecultural symbol and harbinger with dark and gloomy ecological message. The title of the article is a statement given by one the visitors who attended the performance *Sliceland - The Westest Pizza in Europe!* by Curver Thoroddsen at Látrabjarg, the largest bird cliff in Europe and a major tourist attraction in Iceland.

SJÓRINN ER ARKÍV SEM GEYMIR SÖGUR JARÐAR

Arndis Bergsdóttir

Háskóli Íslands

Sumarið 2021 lagði hópur vísindafólks upp í rannsóknleiðangur með Árna Sæmunds-syni. Ferðinni var heitið á haf út suðvestur af landinu til að taka sýni af sjávarbotni. Með í för var náttúruvísindafólk og safnafræðingur – ég. Tilgangur minn með ferðinni var að fylgjast með sýnatökunni en sum þeirra geyma sögu jarðarinnar fjöruþíu þúsund ár aftur í tímann. Í framhaldinu voru tekin sýni úr sumum kjarnanna sem hafa, meðal annars, verið kolefnisgreind, gjóska greind með spedrometer og sýni tekin til greiningar á eDNA. Það varpar ljósi á lífríkið við strendur Íslands, eldsumbrot, og loftslag og hefur skýra tilvísun í vistkerfi á landi sem og búsetuskilyrði mannfólks. Markmiðið með þessari rannsókn er að skoða sýni úr setlögum hafsins; söfnun þeirra og meðhöndlun af hálfu náttúruvísinda frá sjónarhóli safna- og menningararfsfræða og skoða hvaða lærdóm sýnin og ferli þeirra geyma. Rannsóknin byggir á þátttökuathugunum og djúpu þverfaglegu samstarfi við rannsakendur á sviði náttúruvísinda. Fyrstu athuganir benda til þess að sjávarsetlögum megi líkja við arkív sem geymi frásagnir um samtvinnaðan lífheim sem einnig teygir anga sína til mannlegra aðstæðna. Sú athugun skapar nýtt sjónarhorn á samtökvinnun lífhvolfsins og er viðbót við samræður um gagnleysi hefðbundins aðskilnaðar menningar- og náttúruarfs á tímum loftslagsbreytinga og minnkun líffræðilegs fjölbreytileika.

Kerfislæg röðun endurnýjanlegra orkukosta byggt á samfélagslegri velferð

Kristín Eiríksdóttir¹, Ágúst Arnórsson², Daði Már Kristófersson³, Sigurður Jóhannesson⁴

¹ KE Ráðgjöf

² Hagfræðistofnun

³ Háskóli Íslands

⁴ Hagfræðistofnun

Alls staðar í heiminum standa samfélög frammi fyrir því að grípa þarf til aðgerða til að draga úr hnattrænni hlýnun á sama tíma og hámarka á samfélagslega velferð. Samspil nýtingar á endurnýjanlegum orkugjöfum og verndun umhverfisgæða mun ákvarða stig samfélagslegrar velferðar til lengri tíma litið. Háþörf samfélagslegrar velferðar krefst þess að mismunandi víddir velferðar séu bornar saman og ákvarðanir teknar um hversu mikið þarf að virkja af nýrri orku, hvar og með hvaða hætti. Markmiðið er að þróa aðferðafræði byggða á efnahagslegu umhverfismati og strjálum valtilraunum til að raða heilum kerfum af virkjunarkostum, frá þeim sem veitir mesta samfélagslega velferð til þess sem er skaðlegastur fyrir samfélagslega velferð. Slíkt hefur ekki verið gert áður. Efnahagslegu umhverfismati hefur verið beitt á einstaka virkjunarkosti þar sem metinn greiðsluvilji í krónum talið endurspeglar verðmæti umhverfisgæða. Greiðsluvilji einstaklinga í krónum talið er hins vegar ekki áreiðanlegur metill þegar valið stendur á milli margra virkjunarkosta með margvíslegum áhrifum á samfélagslega velferð. Sýnt verður fram á af hverju svo er og færð verða rök fyrir því að með því að mæla greiðsluvilja í megavöttum sé hægt að meta hvernig samfélög eru reiðubúin að skipta á einstaka velferðaráhrifum virkjana og framleiddri orku. Jákvæð og neikvæð velferðaráhrif virkjana eru margvísleg og felast m.a. í raski á umhverfisgæðum, breyttu aðgengi að útivistarsvæðum, áhættu af geislun frá kjarnorku og áhrifum á atvinnumöguleika og búsetu. Aðferðafræðin hefur burði til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku í orku, umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi sem og annars staðar í heiminum.

Réttlát umskipti á leiðinni til kolefnishlutleysis: Kynja- og jafnréttissjónarmið í umhverfis- og loftslagsmálum

Brynhildur Hallgrímsdóttir¹, Sigríður Finnbogadóttir², Finnborg Salome Steinþórsdóttir³

¹ Háskóli Íslands

² Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

³ Háskóli Íslands

Loftslagsmál eru eitt stærsta viðfangsefni samtímans en áhrif þeirra á líf fólks geta verið ólík eftir stöðu fólks í samfélaginu. Mikilvægt er að þær aðgerðir sem gripið er til vegna loftslagsbreytinga stuðli ekki að misrétti og óréttlæti. Hvergi er hægt að nálgast aðgengilegar upplýsingar um hvaða kynja- og jafnréttissjónarmið skipta máli þegar kemur að aðgerðum við loftslagsbreytingum hér á landi. Verkefnið miðar að því að kortleggja kynja- og jafnréttissjónarmið sem horfa þarf til samhliða þróun Reykjavíkurborgar í átt að kolefnishlutleysi. Verkefnið var unnið eftir aðferðafræði kynjaðra fjármála með áherslu á margbreytileikasjónarmið mannréttindastefnu borgarinnar. Helstu niðurstöður sýna að mikill munur er á venjum, hegðun og vilja kynjanna til breytinga vegna umhverfis- og loftslagsmála. Ríkjandi gildi hins opinbera í loftslagsmálum og grænvæðing starfa einblínir á ákveðinn hóp fólks í samfélaginu og hætt er við því að konur og minnihlutahópar fái færri tækifæri ef ekki er unnið að því að víkka skilgreininguna á grænum störfum sem þykja mikilvæg fyrir samfélagið. Þá eru rannsóknir sem taka mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum verulega ábótavant, sérstaklega í samgöngumálum. Verkefnið mun stuðla að því að þekking og rannsóknir á þessu sviði verði aðgengilegar fyrir sveitarfélög, stjórnvöld og stofnanir og nýtist þeim við ákvarðanatöku. Þannig verður betur hægt að stuðla að réttlátum umskiptum í loftslagsmálum.

Tilfinningaleg áhrif á trúariðkun og trúarlega orðræðu

Kristján Þór Sigurðsson

Háskóli Íslands

Tilfinningaleg áhrif á trúariðkun og orðræðu Ég fjalla um tilfinningalegar hliðar trúarathafna sem ég upplifði í vettvangsvinnu minni meðal múslíma á Íslandi, sem og neikvæð tilfinningaleg áhrif fordóma gegn múslímum á þá. Rannsóknin byggir á etnógrafískri vettvangsvinnu og viðtölum. Ég mun fjalla um þessa þætti út frá kenningum um „affect“, eða hrifkenningum, og tilfinningaleg áhrif á sjálfan mig og aðra þátttakendur. Meðal múslíma eru sterkar tilfinningar í garð spámannsins (en ekki átrúnaður) og Kóransins, sem kom m.a. í ljós í Múhameðsteikningamálinu svokallaða. Trúarathafnir múslíma eru mjög tilfinningabundnar, þótt svo þær séu einnig mjög staðlaðar. Líkamning bænaathafna múslíma er mikilvæg þar sem líkami, andi og tilfinningar skarast á áhrifamikinn hátt. Því sem lýst hefur verið hér eru jákvæðar hliðar trúariðkunar og hugmynda trúaðra múslíma. Önnur tilfinningaleg áhrif sem tengjast fordómum og and-múslímskum viðhorfum eru neikvæðar og hafa slæm áhrif á daglegt líf múslíma og líðan. Þessa fordóma má skilgreina sem kerfisbundið ofbeldi þar sem eðlilegir og margbreytilegir sjálfumleikar múslíma eru smættaðir og þeir settir undir einfaldar og neikvæðar staðalmyndir, sem hafa lítið sem ekkert að gera með líf þeirra og veru. Með þessu er þeim að vissu leyti neitað um eðlilega mennsku, sem felur í sér flókna og breytilega sjálfumleika. Einnig er mikilvægt að skoða tilfinningaleg áhrif þeirrar neikvæðu og hatursfullu orðræðu sem íslamófóbía, og annar rasismi, felur í sér. Þetta erindi leiðir í ljós að tilfinningaleg áhrif eru mikilvæg þegar kemur að trúariðkunum og orðræðu um trúmál og trúarhópa.

„Samkvæmt eðli sínu stendur konan milli mannsins og barnsins.“ Barngering kvenna á 20. öld

Ingólfur Gíslason

Háskóli Íslands

Í þessari rannsókn er sjónum beint að því hvernig konur hafa verið barngerðar í fræðiritum og fjöldamenningu á 20. öld. Hugtakið vísar til þess þegar fullorðnar konur eru með beinum og óbeinum hætti settar í sömu stöðu og börn, viðkvæmar, óöruggar og undirgefnar og í þörf fyrir leiðsögn karla. Stuðst er við hugmyndir Erving Goffman um birtingarmyndir kvenna í auglýsingum og kenningar Michel Foucault um orðræðu. Goffman benti á þá ríku tilhneigingu auglýsinga að birta konur með svipuðum hætti og börn, ósjálfstæðar og þolendur meðan karlar birtast sem gerendur. Í kenningum Foucault er bent á hvernig svipuð orðræða innan mismunandi (og ólíkra) sviða getur orðið að sjálfgefnum sannindum í viðkomandi samfélagi. Gögn rannsóknarinnar eru fyrst og fremst fræðirit fyrir almenning sem út komu á íslensku á 20. öld, kvikmyndir og auglýsingar. Fyrstu niðurstöður benda til að barngering kvenna hafi verið nokkuð viðurkenndur þáttur íslenskrar menningar stóran hluta 20. aldar og lítið sem ekkert andæft. Hins vegar hafi dregið hratt úr því á síðustu áratugum aldarinnar samhliða breytingum á samfélagslegri stöðu kvenna.

The Queer Futures of Young Gay Men in Indonesia: Spatial-Material Arrangements, Social Relationships, and Queer Optimisms

Jón Ingvar Kjaran, Mohammad Naeimi

University of Iceland

Drawing on the results of a survey and in-depth interviews with gay identifying Indonesian young men, this paper examines what 'queer futures' can and might mean for young gay men living in Indonesia after the heightened anti-LGBT sentiment in 2016. We examine three interrelated aspects that influence young gay men in envisioning their futures, such as 1) spatial and material arrangements; 2) social relationships with families, and other important institutions/ actors (i.e. work colleagues, neighbors, queer communities, friends etc.); 3) affective dispositions arising from their connections with the aforementioned spatial, material, and social arrangements. Primarily drawing on Sara Ahmed's queer phenomenology, Jose Esteban Munoz's queer utopia, Lauren Berlant's analysis of optimism, and Eva Illouz of happiness and love, along with other forms of queer and affect theory, we complicate the binary construction of the empowered vis-a-vis the oppressed by examining the situated agencies of these young gay men that emerge through and within the particular spatial-material-and social arrangements. Equally important, we also aim to explore various forms of 'affirmative optimisms' arising from the entanglements between the participants and those spatial-material-social arrangements, which subsequently enable them to envision the particular forms of 'queer futures'.

“For some reason she just wasn’t able to have an abortion”: Pronatalism, anti-abortion rhetoric and the taboo of regret

Margaret Johnson, Gyða Margrét Pétursdóttir

University of Iceland

Abortion laws play an integral role in the freedom to make reproductive choices. Yet, even in countries with high levels of gender equality and liberal abortion laws such as Iceland, women feel constrained, influenced by socio-political rhetoric and pro-natalist discourses. This paper focuses on reproductive choice and regret. Drawing from in-depth interviews taken with 35 people in Iceland who have the capacity to bear children, discourse analysis is employed to explore the dichotomy between choosing to remain childfree and regretting motherhood. Access to safe abortion allows women more reproductive freedom, however deeply entrenched pro-natalist and anti-abortion attitudes undermine subjective decision making. Although women who are childfree by choice do not regret their choice, they prefer to remain silent about their abortions to avoid judgement, while those who report regretting motherhood express that for various reasons, they could not end their pregnancies. We argue that conflicting socio-political discourses about abortion and regret create a two-pronged taboo. On the one hand in choosing to have an abortion to remain childfree (my body, my choice), and on the other hand in choosing to become a mother and regretting the choice.

The Becoming of the Sustainable Development Goals

Jónína Einarsdóttir, Guðrún Helga Jóhannsdóttir

University of Iceland

United Nations launched and guided the post-2015 development agenda to identify new global policy replacing the Millennium Development Goals (MDGs). The complex and multifaceted processes that resulted in the Sustainable Development Goals (SDGs) were informed by The Paris Declaration and recognised failures of the MDGs. This presentation aims to examine the principles applied in formulating the post-2015 development agenda focusing on the national consultations in Senegal. It focuses on donor-recipient power relations, the MDG's lessons, and how they informed the post-2015 development agenda. Data were collected during 13 months of fieldwork in Senegal and New York from 2011 to 2013. Methods used interviews with development professionals belonging to the international community in Senegal and New York. The presentation concludes that the post-2015 development agenda was a product of global governance through best practices, with the UN steering the process toward its desired outcome. The agenda, concerned with procedures rather than content, legitimised the complex processes with two interlinked best practice arguments. The first argument is rooted in development cooperation and the first principle of the Paris Declaration. The second argument, learning from experience, aimed to avoid reproducing the failures of the MDGs. It calls for improvements in global policy-making through learning from past experiences and questions the globally induced urge for new beginnings. It argues for an increased emphasis on implementation rather than the perpetual formulation of new policies, new beginnings that often bring about already known results.

Ownership: Definitions, Application, and Measurements

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Jónína Einarsdóttir

University of Iceland

The importance of ownership was the main argument for the design of the post-2015 development agenda; it needed to be locally owned with multi-stakeholder participation. Despite a long history within the development literature and practice and being given a crucial role in aid effectiveness, understanding the concept of ownership varies or is taken for granted. The concept is often considered to go hand in hand with the concept of participation and is applied with different and ill-defined prefixes such as country, local, national, global, democratic. This presentation aims to examine the definition, application and measurement of the concept of ownership and present an explorative exercise to quantify ownership. The presentation is based on fieldwork in Senegal 2011-2013. Methods used were semi-structured interviews, with Senegalese authorities and representatives of the international community, along with participant observation during the post-2015 national consultations in Senegal. The presentation concludes that the assumed logic that participation results in ownership requires a clear and concise definition and an operationalisation beyond existing monitoring systems. Without a proper definition and the risk of becoming only a buzzword, the use of ownership in global policymaking and development cooperation should be formally abandoned.

Jöfnuður í tækifærum til menntunar og lífsgæða

Áhrif félags- og efnahagslegs bakgrunns: Jöfnuður í tækifærum til menntunar og lífsgæða

Uppruni, námsval og brotthvarf

Kolbeinn Stefánsson

Háskóli Íslands

Tilgangur rannsóknarinnar er að greina námsval og afdrif nemenda með erlendan bakgrunn í íslenskum framhaldsskólum til að meta hvort það megi greina innflytjenda bjartsýni „immigrant optimism“ á meðal innflytjenda á Íslandi. Innflytjenda bjartsýni vísar til algengs mynstur í rannsóknum í nágrannalöndum okkar þar sem nemendur með innflytjendabakgrunn eru líklegri til að velja krefjandi námsleiðir sem innfæddir nemendur með sama námsárangur í grunnskólum. Þetta hefur reynst tvíeggja sverð, þar sem sumir þessara nemenda ljúka námi og njóta betri stöðu á vinnumarkaði en aðrir hverfa úr námi og uppskera verri stöðu á vinnumarkaði en ef þeir hefðu valið minna krefjandi námsleið. Í þessari megindelegu rannsókn er notast við skráargögn frá Hagstofu Íslands. Gögnin innihalda upplýsingar um tvo árganga, fæddir 1995 og 1996, svo sem búsetu, heimilistekjur, menntun foreldra, námsval, námsframvindu, brotthvarf og námslok. Niðurstöður verða birtar sem tvíunda aðhvarfsgreiningar og staðleysugreiningar (e. counterfactual analysis) til að greina bein áhrif erlends bakgrunns á námsval og afdrif sem og óbein áhrif sem er miðlað í gegnum námsárangur í grunnskóla. Niðurstöðurnar benda til þess innflytjendur á Íslandi sýni ekki merki um innflytjenda bjartsýni þegar kemur að námsvali. Þeir eru að auki líklegri en innfæddir nemendur til að hverfa brott úr námi. Mynstrin eru þó ekki þau sömu fyrir alla innflytjendahópa. Þannig virðist fjárhagsstaða heimilis hafa umtalsverð áhrif á nemendur með pólskan bakgrunn umfram aðra en nemendur með asískan bakgrunn eru síður líklegir til að hverfa úr námi en eru síður líklegir til að ljúka námi á réttum tíma.

Stéttskipt námsval íslenskra nemenda: bein og óbein áhrif á framhaldsskólastiginu

Adda Guðrún Gylfadóttir

University of Oxford

Samhliða framþróun í menntamálum hefur meðal menntunarstig víða aukist töluvert. Þrátt fyrir það er töluverður munur á menntunarstöðu ólíkra félagshópa og þau sem eru í hærri stéttum líklegust til að ljúka meiri menntun. Rannsóknir á sviðinu hafa sýnt að kerfisbundið forskot þeirra sem eru úr hærri stéttum hvíli á ólíku námsvali hópanna. Útskýringar byggja margar á hugmyndinni um óbein og bein (e. primary and secondary effects) áhrif. Óbein áhrif vísa til þess að námsárangur nemenda með hærri stéttastöðu sé að jafnaði betri en nemenda úr lægri stéttum. Sambandinu er þannig að hluta til miðlað í gegnum námsárangur. Aftur á móti veita óbein áhrif ekki fullnægjandi útskýringar því einstaklingar úr lægri stéttum eru enn ólíklegri til að ljúka námi á hærri stigum jafnvel þó þau séu með sama getustig (þ.e. námsárangur) og nemendur úr hærri stéttum. Þess vegna er lítið til beinna áhrifa sem má skilja sem ómælda þætti sem tengjast stéttabakgrunni einstaklinga sem stuðla að stéttamuni í námsvali. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða stéttamun á námsvali á Íslandi og leggja mat á hlutfallslegt vægi beinna og óbeinna áhrifa. Rannsóknin byggir á gögnum Hagstofu Íslands sem fylgja eftir tveimur árgöngum (1995 og 1996). Svokallaðri niðurbrotsaðferð (e. decomposition) er beitt til að varpa ljósi á ójöfnuð í menntunarstigi á Íslandi. Niðurstöður sýna að menntunarstig foreldra hefur mikið forspárgildi fyrir námsval íslenskra nemenda og að sambandið milli félagslegs bakgrunns og námsvals hvíli að stórum hluta á óbeinum áhrifum (þ.e. á námsárangri) en að bein áhrif séu einnig til staðar.

Menntunarstig kynslóða: Áhrif arðsemi menntunar

Emil Dagsson

Háskóli Íslands

Greinin fjallar um hvaða áhrif menntunarstig foreldra hefur á menntunarstig barna þeirra og hvort það samband sé háð arðsemi menntunar hvers tíma. Rannsóknarspurningin er: Er samband milli arðsemi menntunar og færslu menntunar milli kynslóða? Notast verður við skráargögn frá Hagstofu Ísland til að meta arðsemi menntunar yfir tíma og færslustig menntunar milli kynslóða. Fyrst verður beitt aðhvarfsgreiningum til að meta arðsemi mismunandi menntunarstiga og þróun þeirra yfir tíma. Sem dæmi þá er skoðað hversu mikið hærri ráðstöfunartekjur einstaklingar með háskólapróf eru umfram tekjur þeirra sem hafa stúdentspróf sem hæsta menntunarstig. Því næst er þróun arðseminnar borinn saman við þróun færslustigs menntunar milli kynslóða, en það er greint með að reikna teygnistuðul menntunar milli kynslóða. Slíkur stuðull segir okkur hversu mörg ár í skóla einstaklingar eru að meðaltali þegar menntun foreldra breytist. Hagfræðikenningum og marktækni í þróun breytileika teygnistuðuls og arðsemi menntunar er að lokum beitt til að meta samband. Helstu niðurstöður eru að bæði arðsemi menntunar og menntunarteygni hafa lækkað á Íslandi. Lægri menntunarteygni er oft túlkuð sem meiri menntunarahreyfanleiki sem er ákjósanlegt. Lægri efnahagslegur ágóði menntunar getur hins vegar dregið úr hvata til að leita sér frekari menntunar. Slík þróun getur lækkar menntunarteygni sem þýðir að hreyfanleiki í menntun er að aukast, menntunarstig barna er ekki jafn háð menntunarstigi foreldra þeirra. Ekki getur talist ákjósanlegt að aukinn hreyfanleiki í menntun sé til kominn vegna þess að börn menntaðra foreldra eru síður að mennta sig en fjöldi þess hóps er hærri á Íslandi en að meðaltali í Evrópu.

Félagslegt umhverfi, fjölskyldulíf og brotthvarf úr framhaldsskóla

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka, Kolbeinn Stefánsson

Háskóli Íslands

Markmið rannsóknarinnar eru meðal annars að draga fram þá þætti í félagslegum og efnahagslegum aðstæðum ungs fólks sem auka hættuna á brotthvarfi frá námi. Rannsóknin er blönduð og byggir annars vegar á megindlegum gögnum og hins vegar á eigindlegum gögnum. Megindlegu gögnin eru skráargögn frá Hagstofu Íslands sem spanna tvo árganga, fædda 1995 og 1996 og innihalda ýmsar upplýsingar um félagslega og efnahagslega stöðu þeirra og fjölskyldna þeirra sem varpa ljósi á samband félagslegar og efnahagslegrar stöðu við brotthvarf úr námi. Eigindlegu gögnin eru lífssöguleg viðtöl við fólk sem fékk tækifæri til að fara aftur í nám í kjölfar atvinnuleysis. Þetta átak var samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisstíll til að bregðast við atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Notuð er þemagreining til að greina viðtölin. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að ýmislegt í aðbúnaði ungs fólks og ekki síður aðbúnaði fjölskyldu þess skipti sköpum þegar kemur að hættu á brotthvarfi. Má þar nefna slagkraft heimilisins til að hvetja og styðja við sitt fólk. Atriði sem draga úr honum eru til dæmis langvarandi veikindi, neysla, litla tekjur, menntun foreldra, umönnunarábyrgð, búseta og síðast en ekki síst sjálfsmynd fjölskyldunnar og sjálfsmynd barna hennar. Sjálfsmyndin og þær fyrirmyndir sem börn hafa til að spegla sig í ráða miklum um væntingar þeirra um framtíðina og hvernig þeim mun vegna í framhaldsskóla.

Hvernig börn, hvernig foreldrar?

FIBI - Hvernig börn, hvernig foreldrar? Áhrif stefnumótunar og menningar á barneignir og foreldrahlutverkið

Hindrun eða hvekkar konu draumur: Móðurhlutverkið í fjölmiðlum 1970-1979 og 2010-2019

Auður Auðardóttir, Annadís Greta Rúdólfsdóttir

Háskóli Íslands

Í þessu erindi spyrjum við hvernig mæður lýsa móðurhlutverkinu í prentmiðlum, annarsvegar 1970-1979 og hinsvegar 2010-2019. Gögnum var safnað á tímarit.is en þar fékkst aðgangur að 67 viðtölum við mæður frá fyrra tímabilinu og 207 viðtölum frá seinna tímabilinu. Við greiningu á gögnunum var skoðað hvernig hrif og orðræður samtvinnast. Niðurstöður okkar sýna að orðræður um val eru ríkjandi á báðum tímabilum en þó með ólíkum hætti. Á fyrra tímabilinu leggja mæðurnar áherslu á að þær eigi tilkall til þess að taka þátt á vinnumarkaði og í námi – en þær sáu væntingar samfélagsins til þeirra sem mæðra sem hindrun á þeirri vegferð. Á seinna tímabilinu er minna um að móðurhlutverkið sé mál- að upp sem hindrun fyrir konur til að njóta fullrar samfélagsþátttöku. Þess í stað gangast mæðurnar fullkomlega við hinu norræna módeli þar sem konur eru útvinnandi mæður. Móðurhlutverkið er hér kynnt sem þeirra persónulega val og leið þeirra að því að öðlast lífsfyllingu. Einnig ber á þeirri hugmynd að móðurhlutverkið sé hið siðferðislega rétta val fyrir konur. Á báðum tímabilum hverfast ríkjandi fjölmiðlaorðræður um reynsluheim mæðra í forréttindastöðu hvað varðar stétt, uppruna og fleiri þætti. Rannsóknin bendir til þess að skilningur okkar á því hvað felst í móðurhlutverkinu, eins og hann birtist í opinberum orðræðum, hafi breyst töluvert á undanförunum 50 árum. Orðræður sem kynna móðurhlutverkið sem lykilinn að lífsfyllingu kvenna gefa tilefni til þess að staldra við og skoða á ný forsendur þess að konur teljist fullgildir þjóðfélagsþegnar óháð stöðu þeirra sem mæður.

”Manni líður eins og maður sé alltaf að stara í ginið á ljóninu”: Viðhorf ungra kvenna til barneigna

Sunna Símonardóttir, Hlédís Maren Guðmundsdóttir

Háskóli Íslands

Lækkandi fæðingartíðni á Vesturlöndum má rekja til viðhorfsbreytinga gagnvart barneignum og félagslegra þátta á borð við aukna hagsæld, menntun, aukið kynjajafnrétti og breytinga á gildum og lífsmarkmiðum einstaklinga. Afleiðingar þessa breyttu viðhorfa birtast í lægri fæðingartíðni en einnig í fjölbreyttari fjölskylduformum og seinkun barneigna. Þar sem Ísland fylgir nú svipaðri þróun í frjósemi og önnur Norðurlönd er mikilvægt að skoða fæðingartíðni og frjósemishegðun í víðu samhengi. Fyrirliggjandi rannsóknir á viðhorfum til barneigna á Íslandi eru takmarkaðar og tilgangur þessarar rannsóknar er því að auka skilning á ákvarðanatöku ungra kvenna þegar kemur að barneignum. Markmiðið er að öðlast skilning á því hvernig ákvarðanir um barneignir mótast af ríkjandi hugmyndum um foreldrahlutverkið, félagslegum aðstæðum fólks, kynjuðum veruleika og opinberri fjölskyldustefnu. Í rannsókninni nýtum við rýnihópa og einstaklingsviðtöl til þess að greina viðhorf ungra kvenna til barneigna. Notast var við sjálfvalið úrtak þátttakenda og skilyrði fyrir þátttöku var að um væri að ræða barnlausa einstaklinga á aldrinum 25-30 ára sem væru búsettir á Íslandi. Alls tóku 14 einstaklingar þátt í rannsókninni en aðeins konur lýstu yfir áhuga á þátttöku. Greining viðtala varpar ljósi á það hvernig ungar konur upplifa foreldrahlutverkið sem kvíðavaldandi og líklegt til þess að hafa neikvæð áhrif á stöðu þeirra í samfélaginu, jafnt félagslega sem fjárhagslega, andlega og líkamlega. Áhyggjur af hamfarahlýnun eru leiðarstef í viðtölunum. Niðurstöður benda til þess að ungar konur eigi erfitt með að sjá fyrir sér hvernig þær geti uppfyllt vaxandi kröfur um „góða“ mæðrun í samfélagi sem einkennist af lífsgæðakapphlaupi, einstaklingshyggju og yfirvofandi loftslagssvá.

Fjölskylduábyrgð eftir fæðingu fyrsta barns og líkur á frekari barneignum

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðný Björk Eydal

Háskóli Íslands

Fræðafólk hefur bent á að lækkandi fæðingartíðni á Vesturlöndum sé afleiðing þess að konur eigi erfitt með að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist á sviði kynjajafnréttis, er fjölskylduábyrgð frekar á herðum mæðra en feðra, víðast hvar, og Ísland er þar engin undantekning. Löggjöf á Íslandi miðar á margan hátt að því að jafna hlut karla og kvenna á vinnumarkaði og á heimilinu en samt er viðvarandi munur á stöðu og möguleikum karla og kvenna, ekki hvað síst sökum fjölskylduábyrgðar mæðra. Í erindinu er leitað svara við því hvernig fjölskylduábyrgð tengist líkum á á frekari barneignum foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 2014. Byggt er á gögnum sem aflað var árið 2018 með netkönnun sem náði til allra foreldra barna á Íslandi, fædd árið 2014, og eru fyrstu börn mæðra sinna. Í könnuninni er spurt hvernig foreldrar hafa hagað atvinnuþátttöku og umönnun barnsins fyrstu þrjú æviárin, ásamt því að spyrja hvort þeir hafi eignast fleiri börn. Niðurstöður meðal foreldra sem voru í sambúð eða hjónabandi við fæðingu barns sýna að ef faðir tók virkan þátt í umönnun barnsins fyrstu tvö æviárin, jukust líkur á að foreldrar eignuðust annað barn. Enn fremur voru skilnaðir eða sambúðarslit algengari meðal þara þar sem móðir bar meginábyrgð á umönnun barnsins. Niðurstöður sýna mikilvægi stefnumótunar sem hvetur til jafnrar fjölskylduábyrgðar beggja foreldra.

Varð Covid-19 til þess að Íslendingum fjölgaði?

Ari Klængur Jónsson

Háskóli Íslands

Í sögulegu samhengi hefur frjósemi á Íslandi verið há og stöðug og mannfjöldinn sjálfbær með tilliti til fjölda barnsfæðinga. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 fór fæðingartíðni hins vegar lækkandi og árið 2015 fór fæðingarhlutfallið – lifandi fædd börn á hverja konu – niður fyrir 1,93 í fyrsta skipti. Árið 2020 var þetta hlutfall komið niður í 1,72 börn en jafnan er miðað við að hver kona þurfi að fæða sem samsvarar 2,1 barni á ævinni til þess að viðhalda mannfjöldanum. Fjöldi barnsfæðinga á síðasta ári benti til þess að þessu tímabili, sem einkenndist af sögulega lágrí frjósemi, væri að ljúka. Það er áhugavert í ljósi þess að almenningur á Íslandi var í miðjum heimsfaraldri og bjó við óvissu og íþyngjandi samkomutakmarkanir sem settu daglegu lífi fólks miklar skorður. Jafnan er talið að undir slíkum kringumstæðum fresti fólk barneignum. Sú varð hins vegar ekki raunin. Í erindinu verður þeim spurningum velt upp hvort um tímabundna aukningu hafi verið ræða en ekki viðvarandi breytingu; og hvort Kórónuveiran hafi óbeint orðið til þess að barnsfæðingum fjölgaði. Nýtt voru gögn frá Hagstofu Íslands og þau greind með viðurkenndum aðferðum lýðfræðinnar. Niðurstöður sýna að aukningin í barnsfæðingum á síðasta ári sé tilkomin vegna hærri fæðingartíðni meðal mæðra en ekki barnlausra kvenna. Þá benda niðurstöður til þess að um tímabundna aukningu sé að ræða. Undirliggjandi lýðfræðilegir þættir geta skýrt þennan viðsnúning en kringumstæðurnar sem Covid-19 skapaði gætu hins vegar hafa virkað sem hvati sem varð til þess að mæður flýttu frekari barneignum.

Fjarnám sem lykill að háskólanámi fyrir breiðan hóp fólks, ekki bara landsbyggðina

Amalía Björnsdóttir, Þuríður Jóna Jóhannsdóttir

Háskóli Íslands

Á síðustu árum hefur verið stefnt að því að auðvelda þátttöku sem flestra samfélagshópa í háskólanámi. Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands hefur fjarnám verið í boði á flestum námsleiðum, en það auðveldar aðgengi og gerir fólki kleift að stunda háskólanám með vinnu og öðrum skuldbindingum. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða þættir í bakgrunni háskólanema spá fyrir um val á fjarnámi. Gagna var aflað með spurningakönnun meðal stúdenta í bakkalárnámi á Menntavísindasviði. Niðurstöður sýna að eldri stúdentar og þeir sem vinna meira en 30 klst. á viku með námi velja frekar fjarnám. Háskólanemar sem áttu foreldra sem báðir voru án háskólamenntunar völdu frekar fjarnám en stúdentar þar sem báðir foreldrar voru háskólamenntaðir. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins velja frekar fjarnám en það er mikil einföldun að telja fjarnám vera fyrst og fremst fyrir fólk á landsbyggðinni heldur opnar það möguleika fyrir stóran hóp óhefðbundinna stúdenta til að sækja sér háskólamenntun. Erlendar rannsóknir hafa bent til að hærri aldur stúdenta, það að vera fyrsta kynslóð sinnar fjölskyldu í háskólanámi og að vinna mikið með námi hafi tengsl við hæga námsframvindu og brotthvarf frá námi. Stór hluti stúdenta á Menntavísindasviði og þá einkum fjarnemar á ákveðnum námsleiðum fellur í þessa hópa og því er brýnt að fylgjast með hvort munur sé á námsframvindu ólíkra hópa og gera ráðstafanir til að styrkja þá hópa stúdenta sem líklegastir eru til að falla úr námi. Það er gott fyrsta skref að bjóða upp á fjarnám en það þarf einnig að skapa viðunandi námsaðstæður.

Kennsluhættir námskeiða á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Svava Pétursdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Háskóli Íslands

Lýsing: Á síðustu tveimur árum fluttist mikið af kennslu alfarið yfir á netið vegna Covid. Í framhaldi af þeirri reynslu og fyrirhuguðum flutningum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í nýtt húsnæði var ákveðið að skoða hvernig kennarar sjá fyrir sér kennsluhætti í sínum námskeiðum og hvernig kennsluaðstöðu þeir telja sig þurfa. Aðferð: Netkönnun var send til 153 kennara á Menntavísindasviði í apríl 2022. Kennarar voru beðnir um að velja að lágmarki eitt námskeið sem þeir kenndu og svara fyrir það. Niðurstöður: Þátttakendur í könnuninni voru 93 (61%). Þeir svöruðu fyrir 316 námskeið, á grunn- og framhaldsstigi, sem eru 78% af kenndum námskeiðum. Samkvæmt niðurstöðum sjá kennarar fyrir sér að fjarnám verði í boði í 82% námskeiðanna sem yrðu flest með valvísu kennslusniði (71%). Netnámskeið með engri rauntímaviðveru yrðu 7%. Flestir kennarar sjá fyrir sér að nýta staðtíma fyrir umræður (95%), para- og hópavinnu (86%) og nemendakynningar (80%). Um 77% kennara sjá fyrir sér að þeir muni búa til sérmyndbönd með fyrirlesturum og öðru efni, sem þeir munu birta í Canvas. Þeir vilja flestir (82%) nýta eigin vinnuaðstöðu í HÍ til að vinna þessi myndbönd. Ályktun: Hátt hlutfall námskeiða á Menntavísindasviði eru í boði í fjarnámi. Mest eru það valvís námskeið sem nemendur hafa val um að taka í stað- eða fjarnámi, sem eru þá kennd með blönduðu formi. Margir kennarar hafa hug á að bjóða fjarnemendum að mæta í netheimum með staðnemendum. Það þýðir að sviðið þarf að huga að því að í boði séu nægjanlega vel útbúnaðar stofur fyrir slíka kennslu.

Taking advantage of slides and lecture captures for better performance: A case study in higher education

Nidia Guadalupe Lopez Flores, Anna Sigridur Islind, María Óskarsdóttir

Reykjavik University

The provision of educational material in higher education takes place through learning management systems (LMS) and other learning platforms. However, little is known yet about how and when the students access the educational materials provided to perform better. In this paper, we aim to answer the research question: 'How do the high achievers use the educational material provided to get better grades?'. To answer this question, the data from two educational platforms were merged: the LMS, and a lecture capture platform. From these platforms, the students' activity related to the use of lecture recordings and the access to the slides provided was analysed. We based on a series of quizzes to analyse the differences between high and non-high achievers regarding the use of lecture recordings and slides at different moments: (1) before starting the quizzes, (2) while solving the quizzes, and (3) after the quizzes' submission. Our analysis shows significant differences between both groups, providing insights on the study patterns followed by the students. Furthermore, our results highlight the value of considering all the educational platforms instead of limiting the analyses to a single data source.

Stórt staðnámskeið færirst í netheima. Hver er upplifun nemenda? Hvaða lærdóm er hægt að draga af reynslunni?

Asta B Schram

Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið

Vormisserið 2021 var um 400 manna skyldunámskeið í þverfræðilegum heilbrigðisvísindum fært úr staðkennslu yfir á netið vegna aðstæðna í COVID. Á vormisseri 2022 tóku síðan um 600 nemendur á heilbrigðisvísindasviði þátt í þessu sama námskeiði á netinu. Ýmsar áskoranir blöstu við kennurum í upphafi við undirbúning og yfirfærslu námskeiðsins á netið. Hluti námsmats á námskeiðinu fólst í spurningum um upplifun nemenda af hinum ýmsu þáttum námskeiðsins. Svör nemenda voru notuð sem rannsóknargögn með blandaðri aðferðafræði. Nemendur svöruðu spurningalista þar sem notaður var LIKERT kvarði ásamt opnum spurningum um upplifun þeirra. Þar sem þátttaka var hluti af námsmati var svarhlutfall 100%. Unnið var úr opnum svörum með þátttagreiningu. Rannsóknarspurningar lutu að upplifun nemenda á skipulagi námskeiðs, verkefnum og fyrirlestrum, en einnig hvernig til tókst í netheimum. Almenn var mikil ánægja með námskeiðið og gefa niðurstöður úr opnum spurningum mjög góðar upplýsingar um hvað nemendum þótti takast vel, hvað hefði mátt takast betur, og hugmyndir þeirra um hvernig námskeiðið ætti að þróast. Niðurstöður ársins 2021 voru leiðbeinandi um hönnun og skipulags námskeiðsins 2022. Niðurstöður beggja árána gefa gagnlegar upplýsingar um hvað skiptir máli þegar færa þarf stór námskeið í netheima.

Konur kvenleiki og kynjuð valdatengsl í íslenskum þjóðsögum

Dagrún Ósk Jónsdóttir

Háskóli Íslands

Þjóðsagnir geta sagt okkur margt um það samfélag sem þær tilheyra og endurspegla þann hugmyndaheim og jarðveg sem þær spretta úr. Úr sögnum má lesa viðhorf fólks, þær bera með sér hvað er æskileg og óæskileg hegðun og eru bæði mótaðar af samfélaginu og hafa mótagandi áhrif á það. Það er því rík ástæða til að rannsaka og endurskoða sagnaarfinn út frá nýjum og gagnrýnum sjónarhornum. Í erindinu, sem byggir á doktorsrannsókn höfundar, verður gerð grein fyrir þeim hugmyndum um konur, kvenleika og kynjuð valdatengsl sem birtast í íslenskum þjóðsögum frá 19. og 20. öld. Fjallað verður um þann boðskap sem sagnirnar innihalda varðandi hlutverk kvenna og æskilega hegðun þeirra út frá þjóðfræði og kynjafræðilegum sjónarhornum en eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt við greiningu sagnanna og endurtekin þemu dregin fram. Sjónum er sérstaklega beint að óhlýðni, uppreisn og andófi kvenna og ofbeldi gagnvart konum. Hér virðast sagnirnar fyrst og fremst hafa stutt við ríkjandi hugmyndafræði um hvað þóttu vera æskileg hlutverk og hegðun kvenna. Þegar konur fara gegn þessum hugmyndum í sögnum birtast þær oft í neikvæðu ljósi, sem „mengandi“ eða hættulegar eða er refsað fyrir hegðun sína, oftast af körlum eða kirkjunni. Rannsóknin varpar ljósi á hve rótgrónar hugmyndir um hlutskipti kvenna eru og er mikilvægt innlegg í jafnréttisumræðuna.

Að fanga þig og tímann: Ljósmyndir Sigríðar Ingvarsdóttur og Ragnheiðar Bjarnadóttur

Sigurlaug Dagsdóttir

Háskóli Íslands

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um ljósmyndasöfn Sigríðar Ingvarsdóttur og Ragnheiðar Bjarnadóttur en söfn þeirra eru varðveitt á Ljósmyndasafni Þingeyinga. Ljósmyndasöfn sem þessi veita tækifæri til að horfa til margra þátta ljósmyndarinnar sem fyrirbæris. Saga ljósmyndunar fléttast inní sögu Sigríðar og Ragnheiðar þar sem framþróun innan ljósmyndagreinarinnar hefur áhrif á líf þeirra beggja. Eins gefst tækifæri til að skoða hvernig hin persónulega notkun á ljósmyndinni, sem tæki til að muna liðna tíða og minnst þeirra sem eru okkur kærir, birtist í myndasöfnum sem þessum. Í tilviki Ragnheiðar, áhugaljósmyndarans, geyma sex albúm frásögn hennar og viðhorf til lífins en í tilviki Sigríðar, atvinnuljósmyndarans, má sjá þá hefð sem skapaðist hér á landi á seinni hluta 19. aldar að sækja ljósmyndastofuna heim og láta skrásetja ólík tímabil og viðburði ævinnar. Í gegnum ljósmyndasöfn sem þessi má nálgast ljósmyndina sem fjölbreytta heimild um menningu og samfélag en einnig sem persónulega heimild um líf einstaklinga, tengsl og samskipti. Fyrirlesturinn byggir á MA rannsókn minni í þjóðfræði frá 2021 og sýningunni Að fanga þig og tímann sem sett var upp hjá Menningarmiðstöð Þingeyinga 2018 -2019. Á sýningunni var úrval mynda úr báðum söfnum en einnig var stuðst við viss þemu til að birta ljósmyndir Sigríðar og Ragnheiðar í nýju ljósi en þau þemu tengdust t.d. sjálfsmynd, fjölskyldutengslum, menningarlegum hugmyndum um móðurhlutverkið og barnæskuna og hlutverki ljósmyndarans sem skrásetjara.

Hvað var blindu í huga Álfkonunnar við Vatnsenda? Rýnt í staka þjóðsögu

Eva Þórdís Ebenezersdóttir

Háskóli Íslands

Fötlunarskilningur verður til, og dreifist, þegar fólk segir sögur af fötluðu fólki. Sögur af fötluðu fólki, fyrr og nú, varpa ljósi á hugmyndir og skilning um þau sem þóttu öðruvísi. Það er mikilvægt er að segja, heyra og rannsaka slíkar sögur. Með því að sameina þjóðfræði og feminískan undirtón fötlunarfræða er hér kafað á dýptina í einni stakri sögn, Álfkonan hjá Vatnsenda úr safni Jóns Árnasonar. Ég mun kanna hvernig skilningur á blindu verður til í frásögninni og hvernig ein þjóðsaga kann að hafa áhrif á skilning þeirra sem hana heyra. Sagnagreiningin byggir á djúplestri og marglaga greiningu sagnatextans sem sett er í sögulegt samhengi tíma og rúms. Greiningin er svo sett samhengi við þjóðsagna- og þjóðtrúarfræði sem og fötlunarfræðilega umræðu um blindu sem félagslega skapað fyrirbæri. Hér verður því einnig skoðað hvernig þessi eina sögn gefur vísbendingar um þróun staðalímynda um blint fólk og hvernig fíngerð blæbrigði samhengis ráða þeim áhrifum sem staðalímyndin veldur, bæði þá og nú. Niðurstaðan er sú að sögnin sem við fyrstu sýn fjallar um álfkonu sem notar blindu sem refsingu gegn tveimur uppátækjasömum unglingsdrenghjum er í raun flókin og marglaga birtingarmynd félags- og menningarlegs skilnings á blindu á ritunartíma sagnarinnar um 1860 og kann að auki að hafa haft áhrif í meðförum hefðarinnar bæði fyrir og eftir þann tíma. Hér er lögð til samvinnuð nálgun þjóð- og fötlunarfræða til að varpa ljósi á eina staka, einstaka, þjóðsögu um yfirnáttúruleg kynni fólks og álfa og, raunverulegt eða ímyndað líf lifað með blindu.

Viðkvæmir fræðimenn og ambáttin í Ibn Fadlan: Upphafning, innvígsla eða kynferðisofbeldi?

Gerður Halldóra Sigurðardóttir

Háskóli Íslands

Í frásögn Arabans Ibn Fadlan frá 10. öld af útför Rus-höfðingja við Volgu kemur fram að ungri ambátt hafi verið fórnad til að fylgja höfðingjanum í framhaldslífið. Frásögnin hefur verið þekkt meðal fræðimanna í fornnorrænum fræðum frá því í byrjun 19. aldar, þegar hún var fyrst þýdd á vestrænt tungumál og töluvert verið notuð í umfjöllunum um útfararsíði norrænna manna til forna, enda þótt tengslin milli þeirra og fólksins sem nefnt er „Rus“ í frásögninni séu ekki allsendis ljós. Segja má að ambáttin unga og þær athafnir sem að lokum leiða til aftöku hennar sé rauður þráður í gegnum alla útförina. Þrátt fyrir það hafa margir fræðimenn í gegnum tíðina gert nokkuð lítið úr hlutverki ambáttarinnar og að mestu horft fram hjá því sem hún gengur í gegnum, sum hafa jafnvel efast um sannleiksgildi þess hluta frásagnarinnar. Hér verður ambáttin, hlutverk hennar og þær þolraunir sem á hana eru lagðar, sem og dæmi um orðræðu fræðimanna um hana, skoðaðar frá gagnrýnu feminísku sjónarhorni með aðferðum orðræðugreiningar og marglaga lýsingar (e. thick description) Geertz. Við slíka rýni kemur í ljós að í fræðunum hefur verið tilhneiging til að breiða yfir, fegra eða upphefja það sem í frásögn Ibn Fadlan er á köflum skýrt hrottalegt ofbeldi. Rétt eins og frásögnin sjálf, endurspeglar fræðin tíðaranda, skilning og orðræðu síns eigin samtíma um kynferðisofbeldi. Markmið erindisins er að varpa ljósi á frásögnina og rannsóknarsögu hennar út frá okkar samtíma orðræðu og skilningi á kynferðisofbeldi.

Sterk kona eða dúkka: Femenísk nálgun á fjallkonur Íslands

Anna Karen Unnsteins

Háskóli Íslands

Fjallkonan er rótgróin hefð á 17. júní, fólk flykkist á Austurvöll til að sjá hvaða leikkona hljóti heiðurinn hvert ár. Síðustu ár hefur gætt aukins fjölbreytileika í vali leikkvonnanna sem holdgera fjallkonuna og flytja nýtt ljóð eftir ljóðskáld sem hefur verið valið til verkefnisins. Í ár flutti fjallkonan ljóð um íslenska tungu með pólskum hreim og mörg fóru mikinn í kommentakerfum þar sem hart var vegið að konunni í búningnum og hreim hennar, en ekki að ljóðinu. Hér verður skoðað hvað fjallkonan tákna í hugum fólks og hvort hlustað sé á það sem hún hefur að segja. Erindið byggir á viðtölum við konur sem gengt hafa hlutverkinu og könnunum um viðhorf almennings frá árunum 2021 og 2022. Meðal annars var spurt um viðhorf kvonnanna sjálfra gagnvart hlutverkinu og þau borin saman við hugmyndir almennings. Áhugavert er að mörg lýstu fjallkonunni sem sterkri sjálfsæðri konu, feminísku tákni fyrir landið en einnig er að finna mótsagnakennd þemu á borð við hlutgerfingu og þögn hinna raunverulegu kvenna sem bregða sér í búninginn. Sé umfjöllun fjölmiðla, saga og menningarlegt samhengi fjallkonunnar skoðað ásamt ýmsum hefðum í kringum hana kemur í ljós að hvorki konan í búningnum né fjallkonan sem fyrirbæri er jafn feminískt tákn og mörg vilja að hún sé. Í erindinu verða þessar og fleiri hugmyndir um fjallkonuna skoðaðar í gagnrýnu ljósi feminískrar þjóðfræði þar sem stuðst er við kenningar Baudrillard um fjórða stig veruleikans þar sem hann vísar eingöngu á sjálfan sig. Er fjallkonan sjálfstæð sterk kona eða dúkka feðraveldisins?

„Urrr“: Að afhjúpa dýrsröddina í íslenskum ísbjarnasögnum

Alice Bower, Kristinn Schram

Háskóli Íslands

Að sjá eða eiga við ísbjörn er atvik sem sker sig úr hversdagsleikanum. Sagnir um samskipti manna og ísbjarna lifa í munnlegri geymd og þróast í tímans rás. Frásagnirnar geyma minningar um ísbirni en endurspeglar einnig ríkjandi viðhorf innan mennsks samfélags. Þegar frásagnir eru skráðar og gefnar út, geyma þær raddir nafngreindra og ónafngreindra manna- oftast karlkyns. Rödd ísbjarnarins er oft fjarverandi, dulin eða endurskrifuð út frá mennsku sjónarmiði. Á síðustu öld hafa fræðimenn eins og Haraway og von Uexküll, lagt áherslu á hina dýrslegu upplifun. Leitast hefur verið við að „uppgötva þá orðlausa tjáningu dýra sem leynist í orðmörgum frásögnum manna“ (Flinterud, 2014). Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á upplifanir ísbjarna eins og þær birtast í ísbjarnasögnum en jafnframt að draga fram þær takmarkanir sem manneskjunni eru settar við það það að setja sig bjarndýrsspor. Stuðst er við frásagnagreiningu og lögð sérstök áhersla á lýsingar vitna á hegðun bjarndýra í því skyni að dýpka skilning á samskiptum þeirra við nýtt nærumhverfi og mennska íbúa þess. Einnig er beitt aðferð gangandi vettvangsrannsóknar (e. walking ethnography) á slóðum ísbjarnasagna. Þessar rannsóknir leiða í ljós að í útgefnum þjóðsögnum styðjast sagnamenn og safnarar oft við eigin hugmyndir um ferðir ísbjarna án þess að haldbærar sannanir séu fyrir hendi. Félagslega mótaðar hugmyndir um kyngervi eru færðar yfir á ísbirni með tilliti til liffræðilegs kyns.

How do mid-level managers impact job satisfaction among specialists in large commercial banks?

Unnar Theodorsson

University of Iceland

The purpose of the research is to examine the relationship between mid-level management in banks and job satisfaction among employees. As the financial sector continues to grow globally and the financial products and services become more complex, banks are challenged with recruiting and retaining qualified managers and employees. A greater feed of professionals is needed to suffice the increasing demand for skilled mid-level managers. Banks have been criticized for the lack of long-term investments when it comes to recruitment strategies. Not focusing on the manager's qualifications, that need to be both skilled in their work and able to motivate their employees can lead to job satisfaction and increased quality of work amongst employees. The cases chosen for the research are large commercial banks in South Korea and Denmark. The data foundation is a qualitative study consisting of 5 pilot interviews and 25 semi-structured interviews. Comparison of recruitment, mid-level managerial behavior in the banking industry, and the impact on job satisfaction within these countries is virtually non-existing. The research gives more certitude in evaluating the effects mid-level managers have on the organizational climate and job satisfaction, as the premise of national culture is applicable.

Þjónustuáhersla, þjónustumenning og árangur

Þórhallur Guðlaugsson

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Rannsóknir sýna að fyrirtækjamenning (vinnustaðamenning) sem einkennist af því að veita góða þjónustu hefur tengsl við árangur. Slík menning hefur gengið undir ýmsum heitum og er í þessari rannsókn stuðst við hugtakið þjónustuáhersla. Í rannsókninni er fengist við það hvort hægt sé að nota gögn úr DOC's mælitækinu til að leggja mat á þjónustuáherslu og þá hvaða tengsl séu milli slíkrar áherslu og árangurs. Gögnin byggja á nýlegum mælingum á menningu níu fyrirtækja sem getið hafa sér gott orð fyrir að veita góða þjónustu og var fjöldi gildra svara 875. Niðurstöður sýna að 23 spurningar úr DOC's mælitækinu náðu yfir 30 af 35 spurningum úr SERV*OR sem sérstaklega er ætlað að mæla þjónustuáherslu og var mat á innri áreiðanleika gott ($\alpha = 0,94$). Þá sýndu niðurstöður að þjónustuáhersla sem byggir á DOC's útskýrir 47% af breytileikanum í árangri sem meðaltal af þeim sex árangursþáttum sem notaðir eru í DOC's. Sterkust eru tengslin við árangursþættina starfsánægju ($R^2 = 0,40$; $\beta = 0,64$) og heildarframmistöðu ($R^2 = 0,40$; $\beta = 0,63$). Helstu takmarkanir rannsóknarinnar eru þær að gögnin koma frá fyrirtækjum sem öll hafa skarað fram úr á sínu sviði og fengið margvíslega viðurkenningu fyrir árangur í starfi. Niðurstöðurnar segja því lítið til um tengsl þjónustuáherslu við frammistöðu hjá fyrirtækjum sem standa sig síður og eða eru með veikari menningu. Frekari rannsóknir snúa að því að skoða slíkan samanburð sem og að greina betur þau sterku tengsl sem eru á milli þjónustuáherslu annars vegar og starfsánægju hins vegar.

Fræðslustarf í smærri ferðaþjónustufyrirtækjum: Áskoranir við uppbyggingu þjónustugæða

Gunnar Þór Jóhannesson, Magnús Haukur Ásgeirsson, Lilja Karen Kjartansdóttir

Háskóli Íslands

Fræðsla og þjálfun starfsfólks í ferðaþjónustu er undirstaða til að byggja upp og treysta gæði þjónustu og efla samkeppnishæfni. Lítil fyrirtæki eiga oft erfiðara með að nálgast fræðslu á markvissann hátt þar sem fjármagn er lítið, árstíðarsveifla er oft mikil og starfsmannahópurinn oft fjölbreyttur og fjölþjóðlegur. Í erindinu er gerð grein fyrir rannsókn á fræðslustarfi í smærri ferðaþjónustufyrirtækjum með áherslu á þær áskoranir sem þau standa fyrir og mögulegar úrbætur, sérstaklega í formi rafrænnar fræðslu og svæðisbundins samstarfs. Umfjöllunin byggir á gögnum sem safnað var í tveimur tengdum rannsóknum. Báðar byggja á eigindlegum aðferðum. Annars vegar er um að ræða rannsókn á fræðslustarfi í smærri ferðaþjónustufyrirtækjum. Gögnum var safnað með hálfstöðluðum viðtölum meðal stjórnenda 11 fyrirtækja vorið 2021. Hins vegar er um að ræða rannsókn á hagnýtingu rafrænnar fræðslu í ferðaþjónustufyrirtækjum, áskorunum og möguleikum sem í henni felast. Gögnum var safnað með hálfstöðluðum viðtölum við fræðsluaðila og forsvarsfólk fræðslumála hjá fyrirtækjum, alls 21 viðtal sumarið 2020. Niðurstöður sýna að hindranir fræðslumála smærri ferðaþjónustufyrirtækja tengjast megin einkennum ferðaþjónustunnar, sérstaklega árstíðarsveiflu. Þjálfun og undirbúningur starfsfólks til að takast á við áskoranir í daglegum störfum til að efla og viðhalda þjónustugæðum fer oft fram á óskipulagðan hátt. Þannig spilar ákvarðanatataka og stuðningur stjórnenda lykilhlutverk í fræðslustarfi og undirbúningi til að ýta undir árangursríka starfsemi. Að mati viðmælenda getur rafræn fræðsla og svæðisbundið samstarf í fræðslumálum gagnast vel en kostnaður við skipulag og framkvæmd fræðslustarfs er þó viðvarandi áskorun.

Þjónustuáhersla og starfsánægja starfsfólks

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Háskóli Íslands

Eitt einkenni skipulagsheilda sem aðhyllast þjónustuáherslu er að litið er á starfsfólk sem innri viðskiptavinum og lögð er áhersla á ýmsa þætti sem ýta undir starfsánægju starfsfólks. Þjónustuáhersla er tiltekin fyrirtækjamenning þar sem lögð er áhersla á að veita góða þjónustu. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að rekja megi árangur í rekstri skipulagsheilda til ýmissa þátta eins og starfsánægju þ.e. að starfsánægja hafi jákvæð áhrif á árangur í rekstri. Aðrir árangursþættir eru vöxtur, gæði vöru og þjónustu, hagnaður, ánægja viðskiptavina og heildarframmistaða. Í þessari rannsókn er notast við gögn úr nýlegum íslenskum rannsóknum sem byggja á spurningalista Denison og leggur mat á fyrirtækjamenningu til að kanna hvaða tengsl eru á milli þjónustuáherslu og starfsánægju. Gögnin byggja á mælingum fyrirtækjamenningu níu fyrirtækja. Gild svör sem unnið var með voru 875. Niðurstöður sýna að þjónustuáhersla hefur sterk tengsl við bæði heildarframmistöðu og starfsánægju, sem getur haft áhrif á heildarárangur skipulagsheilda, starfsánægja ($R^2 = 0,40$; $\beta = 0,64$) og heildarframmistaða ($R^2 = 0,40$; $\beta = 0,63$). Einnig var kannað hvort hvort munur væri á milli fyrirtækjanna hvað afstöðu til árangursþáttanna starfsánægja og heildarframmistöðu varðaði. Í ljós kom, hvað starfsánægju varðaði þá skar eitt fyrirtæki sig úr og var með hærri einkunn en önnur fyrirtæki í gögnunum. Helstu takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að gögnin koma frá fyrirtækjum sem hafa skarað fram úr varaðandi þjónustu og árangur. Þessi rannsókn sýnir fram á að starfsánægja starfsfólks getur haft áhrif á heildarárangur fyrirtækja og sterk tengsl eru á milli þjónustuáherslu og starfsánægju.

Samsköpun í staðfærslu áfangastaða

Brynjar Þór Þorsteinsson

Háskólinn á Bifröst

Í kjölfar tæknibreytinga hafa rannsóknir í vörumerkjastjórnun sýnt fram á að ímynd og merking vörumerkja séu í auknum mæli sköpuð saman (co-created) af hagaðilum þeirra, sér í lagi í gegnum stafræna miðla. Rannsóknir benda til þess að vörumerki eru ekki lengur aðeins í höndum vörumerkjastjóra heldur eru sköpuð af neytendum og margvíslegum aðilum á markaðnum og saman móta þeir merkingu vörumerkja í gegnum sífellda og lifandi sköpun. Vörumerki áfangastaða eru ekki undanskilin og fræðimenn skilgreina að helstu hagaðilar þeirra séu fyrirtæki og/eða áfangastaðurinn (markaðsfólk), neytendur/ferðamenn og íbúar þegar kemur að samsköpun (co-creation) á vörumerki og mörkun áfangastaða (place branding). Samsköpun á uppruna sinn að rekja frá kenningum í þjónustustjórnun en hefur þróast á undanförunum árum yfir í sem dæmi vörumerkjastjórnun. Viðskiptavinir og aðrir hagaðilar eru þannig virkir þátttakendur í að skapa vörumerkjavirði í gegnum samskipti við aðra m.a. með því að lýsa vörumerkjaupplifun sinni á stafrænum miðlum eins og samfélagsmiðlum. Þannig getur samsköpun hagaðila í vörumerkjastjórnun áfangastaða eftt samkeppnisstöðu hans og viðhaldið stöðu hans og haft jákvæð áhrif á ímynd hans. Tilgangur erindis er að skoða samsköpun í vörumerkjastjórnun og hvernig það tengist staðfærslu áfangastaða. Markmiðið er að skilgreina hvað samsköpun er og hvernig hún nýtist í vörumerkjastjórnun áfangastaða. Rannsóknarspurning sem varpað er fram er: Hvað er samsköpun í vörumerkjastjórnun og hvernig nýtist hún í staðfærslu áfangastaða?

Þjónustuáhersla í ferðaþjónustu: þekking og þekkingarsköpun

Magnús Ásgeirsson

Háskóli Íslands

Rannsóknir sýna fram á ákveðin skilgreiningarvanda þegar kemur að þjónustuáherslu í rannsóknnum tengdum ferðaþjónustu. Þar er þjónustuáhersla allajafna skilgreind sem mælikvarði á frammistöðu einstaklinga og þjónustuvilja þeirra. Frekar en að líta heildstætt á þjónustuáherslu í gegnum menningu, ferla og stefnu fyrirtækja, líkt og tíðkast í þjónustufræðum. Þessi þrönga skilgreining kann að hafa margvíslegar aukaverkanir, til að mynda gæti vantað uppá heildstæðar aðferðir til efla starfsfólk og ýta undir starfsfánægju þeirra, sem og fastmótaða þjónustustefnu og þjónustustarf. Enn fremur getur þessi takmarkaða skilgreining aftrað fyrirtækjum í greininni að ná betri árangri. Í kynningunni verða reifaðar helstu niðurstöður nýútkominnar greinar, þar sem lagt var upp með að skoða skilgreiningar og þekkingarstig þjónustuáherslu í rannsóknar tengdum ferðaþjónustu. Þá verður dregin upp mynd af mögulegum framtíðarrannsóknum sem á niðurstöðunum þeirra greinar byggja, til þess að leggja til við minnka, eða loka því þekkingargapi sem virðist hafa verið viðloðandi rannsóknir á þjónustuáherslu í ferðaþjónustu um nokkurt skeið.

Samfélagsmiðlar og unglingar: aðferðafræðilegar og siðferðislegar áskoranir

A review of research methods with children and adolescents: challenges and lessons learned

Eva Jörgensen¹, Donna Koller², Shanti Raman³, Oladele Olatunya⁴, Osamagbe Asemota⁵, Bernadine N. Ekpenyong⁶, Geir Gunnlaugsson⁷, Angela Okolo⁸

¹ University of Iceland

² Toronto Metropolitan University

³ South Western Sidney Local Health District

⁴ Ekiti State University

⁵ University of Calabar Teaching Hospital

⁶ University of Calabar

⁷ University of Iceland

⁸ Federal Medical Centre

Children and adolescents worldwide have been majorly impacted by the COVID-19 pandemic. During the initial months of the pandemic, knowledge was needed to gain insights into the effects government interventions have had on this group, which mobilised rapid social and health research enquiries. However, compliance with regulations and guidelines about safety required new approaches to recruitment and engagement of participants, which inevitably led to increased reliance on online platforms such as social media. As a result, new challenges and questions regarding safeguarding research ethics and youth rights as research participants arose and still require resolution. This presentation builds on a recently published literature review carried out by a team of children's health and rights professionals on research conducted in the initial months of the pandemic. We assessed the methods employed, how youth groups could access participation, how their voices were heard, and which voices were left out. Furthermore, we examined how children's rights and research ethics were upheld during a challenging time in research by applying a rights-based framework and an ethical lens. The overarching reliance on online platforms and social media created an equity gap in accessing the experiences of children and adolescents from disadvantaged settings. The results further highlight the importance of including them in the research process to ensure the outreach and inclusion of various groups and voices.

Prívat og persónulegt fyrir allra augum – kvíðafull kynjuð notkun samfélagsmiðla ungmenna

Þórður Kristinsson

Háskóli Íslands

Nokkrar umræður hafa verið um áhrif samfélagsmiðlanotkunar á velferð barna á Íslandi og m.a. bent á að kvíði meðal stúlkna sem nota mikið samfélagsmiðla hafi stórukist síðustu ár og að stafræn tækni auki á einangrun og einmanaleika drengja. Þá hefur einnig verið töluverð umfjöllun um það hvernig breytt umhverfi geri börn berskjölduð fyrir skaðlegum áhrifum til dæmis kláms og ofbeldis. Í þessu sambandi hefur verið talað um kynlífs- og jafnvel klámvæðingu. Í erindinu er fjallað um áhrif samfélagsmiðla á líðan og sjálfsmynd unglunga sem tóku þátt í eigindlegri rannsókn á samfélagsmiðlanotkun unglunga þar sem stuðst var við vinnuhópa-viðtöl, sögulokaaðferð og netnógrafíu. Þarna eru dregnar fram orðræður um líðan unglunganna og hvernig samfélagsmiðlar virka sem vettvangur tilfinninga. Þá verður einnig komið inn á þær áskoranir sem komu upp í rannsóknarferlinu og reynt að svara spurningum um hvernig sé hægt að tryggja persónuvernd, upplýst samþykki, trúnað og virka þátttöku í rannsókn með unglungum á sama tíma og lög um persónuvernd taka breytingum og heimsfaraldur skellur á. Samfélagsmiðlar í dag vekja töluverðan kvíða hjá lang flestum þátttakendum í rannsókninni en veitir sumum þeirra vettvang til þess að opna á sársaukafullar tilfinningar. Tilfinningalíf unglunga á netinu reynist vera mjög kynjað, ekki síður en hugmyndir um lífstíl, útlit og árangur.

Aukin vanlíðan sem tengist netnotkun unglunga

Kristján Ketill Stefánsson

Háskóli Íslands

Málum hjá bráðateymi Barna- og unglिंगageðdeildar (BUGL) fjölgaði um 25% á árunum 2019 – 2021 og eru flest málanna tilkomin vegna alvarlegrar sjálfsskaða- eða sjálfsvígshættu. Erlendar yfirlitsrannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl milli eineltis og geðrænna vandamála s.s. þunglyndis, kvíða, og sjálfsskaðahugsana. Tilgangur rannsóknarinnar var skoða hvort greina mætti aukningu á vanlíðan sem tengist netnotkun unglunga á undanförunum árum í ljósi aukins málafjölda hjá BUGL og aukinnar netnotkunar ungs fólks. Vanlíðan sem tengist netnotkun má túlka sem eina af birtingarmyndum neteineltis. Rannsóknin er eftirvinnsla (e. post-analysis) á gögnum úr Skólapúlsum sem nýtt hafa verið til innra mats í á annað hundrað grunnskólum á síðustu árum. Mikill meirihluti nemenda í 6. - 10. bekk (um 15 þús. nemendur árlega) hafa svarað könnuninni. Hlutfall þeirra nemenda sem sagðist hafa liðið mjög illa yfir því sem jafningjar þess sögðu um þau eða við þau á netinu síðastliðna 30 daga jókst úr 11% skólaárið 2011-12 og í 24% skólaárið 2021-22. Aukning á neteinelti samhliða auknum geðræðnum vandamálum ungs fólks gefa til kynna að netnotkun sé viðfangsefni sem vert er að taka til sérstakrar skoðunar m.t.t. geðrænna vandamála. Fjallað verður um niðurstöðurnar í tengslum við erlendar rannsóknir sem tengja dalandi andlega líðan unglunga við aukna nýmiðlanotkun (e. new media use).

Langir og leiðinlegir kvarðar í spurningalistum fyrir unglina

Ársæll Arnarsson

Háskóli Íslands

Inngangur: Þegar þátttakendur svara fjölatríða kvörðum í spurningalista, kemur það oft fyrir að þeir merkja við sama svarmöguleikann fyrir öll atriði (straightlining). Það hefur verið talið merki um að listinn sé of langur eða kvarðarnir illa hannaðir. Markmið: Að skoða skort á breytileika í svörum á tveimur kvörðum - Sense of Unity Scale (SUS) og styttri útgáfu Warwick-Edinburgh Mental Well-being Scale (SWEMWBS). Aðferð: Notuð voru gögn úr fyrirlögn HBSC-rannsóknarinnar (Health Behaviour in School-children study) meðal 15 ára unglina á Norðurlöndunum veturinn 2017–2018. Niðurstöður: Hlutfall þátttakenda sem svaraði SUS alltaf með sama svarmöguleika var 22,8% (frá 5,8% meðal sænskra stúlkna til 46,4% meðal finnskra stráka). Sambærilegt hlutfall í svörum á SWEMWBS var 18,4% (frá 5,2% meðal norskra stúlkna til 46,0% meðal finnskra stráka). Fylgni var milli kvarðanna tveggja að þessu leyti. Þeir þátttakendur sem völdu alltaf sama möguleikann fyrir kvarða, komu yfirleitt betur út á öðrum þáttum rannsóknarinnar. Ályktun: Þó skortur á breytileika í svörum á kvörðum hafi í för með sér ýmiskonar aðferðafræðilegar afleiðingar er ekki þar með sagt að svörin geti ekki talist gild.

Móðurkúltúr: Skyrgerlar og kvennaarfur

Jón Þór Pétursson, Valdimar Tr. Hafstein

Háskóli Íslands

Hér verður sjónum beint að samlífi kvenna og skyrgerla í gegnum skyrgerð í aldanna rás. Landnámsmennirnir fluttu með sér þekkingu til skyrgerðar og hefur það verið hluti af matarræði þjóðarinnar frá landnámi til dagsins í dag. Í gegnum aldirnar voru það konur sem sinntu skyrgerðinni og tryggðu að þekkingunni og skyrgerlunum væri miðlað frá móður til dóttur. Skyrgerð hefur því í gegnum tíðina byggst á hefðbundinni færni og þekkingu, smekk og skynminni sem var miðlað frá kynslóð til kynslóðar, og hún er líka til vitnis um langvarandi samlífi ólíkra tegunda lífvera. Undanfarna tvo áratugi hefur skyr, þessi hversdagslega mjólkurfæða Íslendinga í gegnum aldirnar, verið endurskilgreint sem þjóðlegur matararfur og hluti af hinum alþjóðlega markaði fyrir ofurfæði. Árið 2007 tókst Slow Food að koma hefðbundnu skyri á „bragðörkina“ með því að skilgreina hefðbundið skyr í andstöðu við iðnaðarframleiðslu á skyri. Innlendir og erlendir skyrframleiðendur hafa tekið undir þessa skilgreiningar og markaðssetja nú skyr með vísun í kvennaarf og upprunalega skyrgerla. Í fyrirlestrinum fjöllum við um hvernig samlífi kvenna og skyrgerla hefur tekið stakkaskiptum á 20. og 21. öld í ljósi breytts samfélags, tækniþróunar og stöðunar á matarframleiðslu. Hvað getur þróun skyrgerðar á Íslandi sagt okkur um breytingar á framleiðsluháttum, kynjahlutverkum, neysluvenjum og samlífi fólks og gerla?

Það jafnast ekkert á við brauð

Ragnheiður Maísól Sturludóttir

Háskóli Íslands

Erindið byggir á yfirstandandi eigindlegri rannsókn um tengingu reyndra súrdeigsbakara við súrdeigið sitt. Fjallað verður um tilfinningalega og líkamlega tengingu bakaranna við súrdeigið sitt, ástæður þess að fólk kys að baka sitt eigið súrdeigsbrauð og hvaða áhrif ólík hegðun súrdeigsins hefur á bakarann. Vinsældir súrdeigsbaksturs hafa aukist svo um munar síðustu ár. Súrdeigsbrauð er orðið mun aðgengilegra en áður þar sem handverksbakarí spretta upp á öðru hverju götuhorni. Þó að flest geti keypt nýbakað súrdeigsbrauð í næsta nágrenni þá eru mörg sem kjósa að halda úti sínu eigin súrdeigi og baka sitt eigið brauð. Súrdeigsbrauð byggir á hægfara ferli sem getur tekið allt að 72 klukkutíma. Til þess að baka gott súrdeigsbrauð þarf bakarinn að eiga heilbrigt súrdeig sem þarf að hugsa um og fódra reglulega. Heilbrigt súrdeig samanstendur af milljónum örvera sem gerja deigið og gefa brauðinu bragð og lyftingu. Bakari, sem vill baka gott súrdeigsbrauð, er því háður því að súrdeigið sé heilbrigt. Að sama skapi er súrdeigið háð því að bakarinn fódri og hugsi vel um það, til þess að það haldist heilbrigt. Súrdeigsbakstur byggir þ.a.l. á samlífi og samvinnu bakarans og örveranna í súrdeiginu. Í erindinu verður skoðað hvaða merkingu bakstur og þetta samlífi fólks og örvera hefur í hinu daglega lífi súrdeigsbakara.

Að taka ábyrgð á eigin skít: Viðhorf og reynsla fólks af notkun þurrsalerna og moltun salernisúrgangs

Eysteinn Ari Bragason

Háskóli Íslands

Í The Humanure Handbook bendir Joseph Jenkins lesendum á að við búum í lokuðu vistkerfi. Humanure myndar hann úr ensku orðunum human (ísl. maður) og manure (ísl. mykja) til að undirstrika það að líkaminn skili frá sér verðmætum og hvetur hann lesendur til að endurmeta gildi þessa lífræna efnis og molta það. Þannig megi, á öruggan máta, skila næringarefnum aftur út í eðlilega hringrás náttúrunnar í stað þess að losa þau í vatn með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Að taka ábyrgð á eigin skít með því að molta hann, í stað þess að sturta honum niður, þar sem hann verður hlutur á röngum stað (Douglas, 1966), er leið til þess að endurmeta tengsl okkar við örverur sem lifa í okkur, á okkur og eiga þátt í að gera líkama okkar starfhæfan og heiminn byggilegan. Vinnan við moltugerðina felur í sér samstarf við lífverur sem fólk á venjulega ekki í nánum tengslum við og ennfremur fæst það við efnivið sem hverfur úr huga margra jafn skjótt og honum er sturtað niður. Með dæmum úr eigindlegri rannsókn, sem enn er í vinnslu, lýsir erindið viðhorfum og reynslu fólks á Íslandi af notkun þurrsalerna og moltun salernisúrgangs. Rannsóknin dregur fram ólík viðhorf þar sem einhverjir sjá tækifæri í því að umbreyta salernisúrgangi í næringaríkan jarðveg, með aðstoð örvera og annarra smádýra, á meðan aðrir lýsa áhyggjum af sóttkveikjum eða hryllir við tilhugsuninni um annars konar salernislausnir en þau eiga að venjast.

Af moldu/-tu erum við komin, að moldu/-tu munum við aftur verða

Helga Ögmundardóttir

Háskóli Íslands

Í þverfræðilega rannsóknarverkefniinu "Samlífi fólks og övera í daglega lífinu", sem hlaut öndvegisstyrk frá Rannís, er einn hlutinn helgaður endurnýtingu á lífrænum úrgangi með hjálp örvera, einkum moltugerð. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum eiginlegrar rannsóknar á moltugerð á Íslandi þar sem notuð voru viðtöl, tekin af rannsakendum, við fólk sem stundar moltugerð með ýmsum aðferðum, og spurningalistakannanir sem Þjóðminjasafn Íslands sendi út í samvinnu við rannsakendur og þátttakendur svöruðu rafrænt. Markmið þessarar molturannsóknar er einkum að grennslast fyrir um aðferðir við moltugerð, þekkingu og þekkingaröflun moltugerðarfólks, skynjun og skilning á því sem fram fer þegar lífrænn úrgangur verður að moltu, samskipti við aðra um moltugerðina og síðast en ekki síst hvernig fólk notar, skilur og skynjar hlutverk örvera, sem og annarra lífvera, í þessu undirstöðuferli í lífríkinu. Sjónum er bæði beint að einstaklingum og fjölskyldum og svo sveitarfélögum og fyrirtækjum – allt innan ramma endurnýtingar lífræns úrgangs og moltugerðar – en í þessu erindi verður sérstaklega horft á hvernig einstaklingar, og þeirra nánasta félagslega umhverfi, stunda moltugerð. Fyrstu niðurstöður benda meðal annars til að fólk hugsi einfaldlega ekki svo mikið um hvaða örverur eru að verki né hvernig þær stuðli að niðurbroti lífræns úrgangs og efnis heldur treysti því að þær lífverur sem eru að störfum í safnhaug/-kassa/-holu – örverur eins og bakteríur, sveppir og veirur, ánamaðkar og önnur smádýr, mýs og hvaða aðrir gerendur sem eru þar að verki – sinni sínu hlutverki og gefi þeim svarta og gómsæta moltu eftir tvö eða þrjú ár.

Upplýsingafræði í almannahag: Þekking til framtíðar

Upplýsingahegðun eldri borgara - Hindranir sem fólk 60 ára og eldra mætir í tengslum við upplýsingar um heilsusamlegan lífsstíl

Ágústa Pálsdóttir

Háskóli Íslands

Í erindinu verður sagt frá könnun sem fjallar um upplýsingahegðun eldri borgara varðandi heilsuupplýsingar þar sem áhersla verður lögð á þann þátt upplýsingahegðunar sem lýtur að upplýsingalæsi. Markmiðið rannsóknarinnar var að skoða hindranir sem fólk 60 ára og eldra upplifir í tengslum við öflun og miðlun upplýsinga um heilsusamlegan lífsstíl. Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum: 1) Hvaða hindranir upplifa einstaklingar sem eru 60 ára og eldri í tengslum við heilsuupplýsingar? 2) Hvernig tengjast hindranir menntun, aldri og kyni þátttakenda? Notaðar voru meginlegar aðferðir og var gagna aflað frá 1.800 manna tilviljunarúrtaki fólks 18 ára og eldri í janúar 2019. Svarhlutfall var 42% en alls tóku 165 manns 60 ára og eldri þátt. Rannsóknin gefur til kynna að þessi hópur fólks upplifi hindranir í tengslum við heilsuupplýsingar. Kynntar verða niðurstöður þar sem rýnt verður í mun eftir bakgrunni þátttakenda: 1) aldri þar sem skipt var í tvo hópa, 60 til 67 ára og 68 ára eða eldri; 2) menntun þar sem skoðað var munur á fólki með grunnskólamenntun, framhaldsskólamenntun og háskólamenntuðum; 3) og kyni þátttakenda.

Digital Information Environments and Implications for Learning

Natalie Riley

The University of Iceland

Digital technology has the potential to revolutionize the education system we have grown accustomed to. With new advances in emerging technologies like virtual and augmented reality, it is now possible to immerse oneself in digital experiences which rival the real world and allow for new depth of exploration. As today's youth spend more time in these digital information environments, we must determine age-appropriate use guidelines in order to mitigate the risks and increase the opportunities for positive learning outcomes. This presentation summarizes recent digital advances and introduces the study of Information Behavior and Learning Outcomes of Youth in Digital Environments. The aim of this study is to capture information in order to understand how digital information environments are used by youth today; perceive how youth, caregivers and educators feel about current digital information environment usage; and test how digital information environment design and usage can increase positive learning outcomes of youth.

Bókasöfn í litlum samfélögum - tímaskekkja og óþarfa kostnaður?

Alda Hrannardóttir, Ágústa Pálsdóttir

Háskóli Íslands

Bókasöfn sem hluti af sjálfbærum samfélögum í dreifbýli eru til skoðunar í þeirri rannsókn sem sagt verður frá. Fyrsti hluti hennar fjallar um rekstur almenningsbókasafna í dreifbýli, sem er eitt af lögbundnum verkefnum hvers sveitarfélags en afar misjafnt er hvernig staðið er að þeim rekstri. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á sýn sveitarstjóra á bókasöfn sem eitt ef lögbundnu verkefnum, hvernig starfsfólk bókasafnanna upplifir starfið og stuðninginn við söfnin og framtíðarsýn beggja aðila. Markmið rannsóknarinnar er að leiða í ljós viðhorf stjórnenda lítilla sveitarfélaga gagnvart rekstri bókasafna og upplifun starfsfólks á bókasöfnum, henni er ætlað að vera innlegg í umræðu um sjálfbærni samfélaga í dreifbýli og byggðapróun á Íslandi. Rannsóknarspurningin er „Hafa bókasöfn hlutverki að gegna í sjálfbærum samfélögum í dreifbýli?“ Í fyrsta hluta eru tekin viðtöl við sveitarstjóra og starfsfólk bókasafna í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum, níu talsins. Ljósmyndir eru teknar samkvæmt handriti á bókasöfnunum og greindar. Þar að auki eru opinberar stefnumótanir og áætlanir sem tengjast viðkomandi sveitarfélögum og starfsemi bókasafna til skoðunar. Rannsóknin stendur ennþá yfir en greining þeirra viðtala sem þegar liggja fyrir gefur til kynna að ef ekki væri um lögbundna starfsemi að ræða myndi nokkur fjöldi lítilla sveitarfélaga leggja starfsemi bókasafnanna niður. Einnig kemur fram að sameining sveitarfélaga hefur í sumum tilfellum haft slæm áhrif á starfsemi bókasafna í smæstu byggðakjörnum sameinaðs sveitarfélags. Afar misjafnt er hvernig staðið er að rekstri bókasafna á landinu. Fyrirhugað er að kanna aðstæður í nyrstu héruðum Skotlands til samanburðar.

Staða íslenskra fræðitímarita varðandi opinn aðgang árið 2022

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Háskóli Íslands

Lýsing: Íslensk fræðitímarit eru um fimmtíu. Skoðað er hvort þau séu að birta greinar í opnum aðgangi og starfi eftir hugmyndafræði opinna vísinda eða ekki. Markmið: Að vita hvort að íslensk tímarit styðji við útgáfu fræðimanna í opnum aðgangi, hvort þau séu skráð í alþjóðlega gagnagrunna og hvaða samfélagsmiðla þau nýta. Aðferð: Íslensk fræðitímarit eru flokkuð út frá greiningu á afnotaleyfum, birtingarreglum, fræðasviðum og skráningum í alþjóðlega gagnagrunna. Skoðað hvaða kerfi eru notuð fyrir stafrænar útgáfur þeirra og hversu leitarvæn þau eru. Greint hvort þau nýti sér ORCID auðkenni höfunda og DOI númerakerfið, ásamt því hvaða tungumál þau birta efni á og hvort að efni þeirra sé varðveitt í opinberum varðveislusöfnum. Safnað gögnum frá ritnefndum í gegnum tölvupósta og spurningalista. Niðurstöður: Flest íslensk tímarit eru hefðbundin áskriftartímarit og send áskrifendum í prentuðu formi. Þau tímarit sem eru gefin út stafræn eru ýmist í ókeypis eða opnum aðgangi. Flest nýta sér kerfið Open Journal System. Skráningar í alþjóðlega gagnagrunna eru fáar og lítið hlutfall tímaritanna sem nýtir sér DOI númerakerfið. Ályktun: Stærsti hluti tímaritanna birtir efnið á íslensku. Tímarit tengd heilbrigðisvísindum varðveita greinarnar í Hirslu, varðveislusafni Landspítalans, eitt tímarit birtir í Opinvísindi.is og flest eru skönnuð inn og birt á Timarit.is eftir birtingartöf. Aukning hefur orðið á tímaritum sem birta greinar á Internetinu í Open Journal System og nota afnotaleyfi frá Creative Commons. Auka þarf skráningar í alþjóðlega gagnagrunna og notkun á bæði ORCID og DOI auðkenningarkerfunum.

Corporate Social Responsibility Influencing Sustainability within the Fashion Industry. A Systematic Review

Thorey S Thorisdottir, Lara Johannsdottir

University of Iceland

The fashion industry, one of the largest industries in the world, is a complicated phenomenon driven by aspirations of a symbolic lifestyle and the creativity of architecture and design. It pushes the use of natural resources to its limits through mass production and a low-cost structure that motivates consumerism at large. This study explores corporate social responsibility and how it influences sustainability within the fashion industry. A systematic literature review was carried out. This encompassed the academic publications available in two scientific databases focusing on Corporate Social Responsibility (CSR), sustainability, and fashion, covering the period from 2003 to 2019. The findings indicate that the CSR approach taken by managers within the fashion industry is focused on sustainability, business models, and/or supply chain innovation, with commitments undertaken concerning the economy, environment, and/or society, wherein the production of eco-friendly products and workers' safety are emphasized. Actions that tie CSR and sustainability with companies' actions are presented in a micro-meso-macro framework, where brand equity, culture, supply chain management, activism, and human rights are evident. The study findings are relevant for academia, practitioners, and policymakers, as they provide insight into the operations and impacts of domestic and multinational fashion companies, outlining the most relevant studies on the topic by highlighting research trends and gaps in the field. (Published at MDPI – Sustainability - <https://www.mdpi.com/2071-1050/12/21/9167>)

Heritage attachment in the urban terrain: Everyday encounters with places of the past

Ólafur Rastrick

University of Iceland

'Haunted places are the only ones people can live in', wrote philosopher Michel de Certeau, arguing that places layered with material and intangible residues of bygone times have something vital to offer people in the present. Walking along a hometown street can nurture a sense of belonging and revisiting a childhood home can invoke the senses and bring back memories. But why and how do such places of the past matter to people? The objective of this study is to delve into people's relationships with 'haunted places', especially commonplace features of the urban terrain that city locals relate to as they go about their everyday lives. The aim is to analyse how people ascribe meaning and give value to the historic urban landscape and to understand what emotions and types of affective qualities emerge through sensory engagement with places of the past. The study strives to go beyond the cognitive reading that many studies on heritage perception have described, to unravel a holistic understanding of how people form attachment to everyday heritage. Theoretically the project builds on the affective turn in critical heritage studies and seeks to build a bridge to research on place attachment that target the emotional and affective bonds that people form with places. To do this the project employs a mix of well-rehearsed qualitative methods and cutting edge visual research techniques to gain access to and understand people's embodied and emplaced experiences of the urban environment.

LIST OF PARTICIPANTS

Adda Guðrún Gylfadóttir	University of Oxford	addagudrungylfadottir@gmail.com
Agnar Logi Kristjánsson	Háskóli Íslands	alk23@hi.is
Aladje Baldé	Jean Piaget University of Guinea-Bissau	aladje@gmail.com
Alda Hrannardóttir	Háskóli Íslands	ald6@hi.is
Aleksandra Cykowska	Háskóli Íslands	aac5@hi.is
Alexandra Yingst	Háskóli Íslands	aly3@hi.is
Alice Bower	Háskóli Íslands	aeb15@hi.is
Allyson Macdonald	Háskóli Íslands	allyson@hi.is
Amalía Björnsdóttir	Háskóli Íslands	amaliabj@hi.is
Ana Orej	Háskóli Íslands	ano11@hi.is
Angela Okolo	Federal Medical Centre	aneneolisa@gmail.com
Ann Alriksson-Schmidt	Lund University	ann.alriksson-schmidt@med.lu.se
Anna Guðrún Ragnarsdóttir	Háskóli Íslands	agr4@hi.is
Anna Karen Unnsteins	Háskóli Íslands	aku1@hi.is/annakareunnst@gmail.com
Anna Sigridur Islind	Háskólinn í Reykjavík	annasi@ru.is
Anna Sigríður Melsteð	Háskóli Íslands	asm29@hi.is
Anna Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands	annadora@hi.is
Anna Söderström	Háskóli Íslands	akr6@hi.is
Anna Wojtynska	Háskóli Íslands	annawo@hi.is
Annadís Greta Rúdólfssdóttir	Háskóli Íslands	annadis@hi.is
Ari Klængur Jónsson	Háskóli Íslands	arijonsson@hi.is
Arnar Eggert Thoroddsen	Háskóli Íslands	aet@hi.is
Arndis Bergsdóttir	Háskóli Íslands	arndisbergs@hi.is
Arndís Dögg Jónsdóttir	Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum- Þjóðfræðistofa	arndisdogg@live.com
Arney Einarsdóttir	Háskólinn á Bifröst	arney@bifrost.is
Asta B Schram	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	astabryndis@hi.is
Asta Dis Oladóttir	Háskóli Íslands	astadis@hi.is
Audur Arna Arnardóttir	Háskólinn í Reykjavík	auduraa@ru.is
Auður Auðardóttir	Háskóli Íslands	ama@hi.is
Auður Viðarsdóttir	Háskóli Íslands	auvid@hi.is
Ágúst Arnórsson	Hagfræðistofnun	agustar@hi.is
Ágústa Pálsdóttir	Háskóli Íslands	agustap@hi.is
Árni Guðmundsson	Háskóli Íslands	arni@hi.is
Ársæll Arnarsson	Háskóli Íslands	arsaell@hi.is
Ása Marta Sveinsdóttir	Rannsóknarmiðstöð Ferðamála	asamarta@unak.is
Ásdís Aðalbjörg Arnalds	Háskóli Íslands	aaa1@hi.is
Ásdís Emilsdóttir Petersen	Háskóli Íslands	aep@hi.is
Ásta Snorradóttir	Háskóli Íslands	astanorra@hi.is
Ástvaldur Helgi Gylfason	Hvolsskóli	astvaldurg@gmail.com


Berglind Hólm Ragnarsdóttir	Háskólinn á Akureyri	bhr@unak.is
Bernadine N. Ekpenyong	University of Calabar	benyita2001@yahoo.com
Birgir Guðmundsson	Háskólinn á Akureyri	birgirg@unak.is
Birgir Runólfsson	Háskóli Íslands	bthru@hi.is
Brynhildur Hallgrímsdóttir	Háskóli Íslands	brh54@hi.is
Brynja Rós Bjarnadóttir	Háskóli Íslands	brynja@fangelsi.is
Brynjar Þór Þorsteinsson	Háskólinn á Bifröst	brynjar@bifrost.is
Daði Már Kristófersson	Háskóli Íslands	dmk@hi.is
Dagbjört Una Helgadóttir	Intellecta	daggauna@gmail.com
Dagrún Ósk Jónsdóttir	Háskóli Íslands	doj5@hi.is
Darina Steskal	NORCE Norwegian Research Centre	dste@norceresearch.no
Deanne Bird	Háskóli Íslands	deanne.bird@gmail.com
Derek Asuman	Lund University	derek.asuman@med.lu.se
Donna Koller	Toronto Metropolitan University	dkoller@ryerson.ca
Ebba Margrét Skúladóttir	Háskóli Íslands	ebbamargret@gmail.com
Edda Björg Sigmaradóttir	Háskóli Íslands	ebs39@hi.is
Edward C. Norton	University of Michigan	ecnorton@umich.edu
Eðvald Möller	Háskóli Íslands, Vöskiptafræðideild	eddi@hi.is
Einar Guðbjartsson	Háskóli Íslands	eg@hi.is
Eiríkur Bergmann	Háskólinn á Bifröst	eirikur@bifrost.is
Eiríkur Valdimarsson	Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum, Þjóðfræðistofa	eirikurv@hi.is
Elsa Dögg Lárusdóttir	Háskóli Íslands	edl3@hi.is
Emil Dagsson	Háskóli Íslands	emd3@hi.is
Erla Sólveig Kristjánsdóttir	Háskóli Íslands	esk@hi.is
Eva Jørgensen	Háskóli Íslands	eha7@hi.is
Eva Þórdís Ebenezersdóttir	Háskóli Íslands	ethe3@hi.is
Eyrún Eypórsdóttir	Háskólinn á Akureyri	eyruney@unak.is
Eyrún Jenný Bjarnadóttir	Rannsóknamiðstöð ferðamála	ejb@rmf.is
Eysteinn Ari Bragason	Háskóli Íslands	eab8@hi.is
Finnborg Salome Steinþórsdóttir	Háskóli Íslands	finnborg@hi.is
Finnur Bjarnason	Háskólinn á Bifröst	finnur@outlook.com
Fjóla Karlsdóttir	Háskólinn á Akureyri	fjolabjork@unak.is
Freydís Jóna Freysteinsdóttir	Háskóli Íslands	fjf@hi.is
Fridrik Thor Guðmundsson	Háskóli Íslands	lillokristin@simnet.is
Geir Gunnlaugsson	Háskóli Íslands	geirgunnlaugsson@hi.is
Gerður Halldóra Sigurðardóttir	Háskóli Íslands	ghs4@hi.is
Gordon Neil Ramsay	Háskólinn á Akureyri	ramsay@unak.is
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir	Háskólinn á Akureyri	greta@unak.is
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir	Háskóli Íslands	gudbjorg@hi.is
Guðbjörg Hildur Kolbeins	Háskólinn á Akureyri	ghk@unak.is
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir	Háskóli Íslands	glr@hi.is
Guðjón Helgi Egilsson	Háskóli Íslands	ghe9@hi.is
Guðlaug Bergsveinsdóttir	Háskóli Íslands	ggi3@hi.is
Guðmundur Oddsson	Háskólinn á Akureyri	goddsson@unak.is
Guðný Björk Eydal	Háskóli Íslands	ge@hi.is
Guðrún Gísladóttir	Háskóli Íslands	gg@hi.is
Guðrún Helga Jóhannsdóttir	Háskóli Íslands	gudrunv@hi.is
Guðrún Pétursdóttir	Háskóli Íslands	gudrun@hi.is

Guðrún Svavarsdóttir	Háskóli Íslands	gudrunsvavars@hi.is
Gunnar Óskarsson	Háskóli Íslands	gunnaros@hi.is
Gunnar Þór Jóhannesson	Háskóli Íslands	gtj@hi.is
Gunnella Þorgeirsdóttir	Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í er- lendum tungumálum	gunnella@hi.is
Gyða Margrét Pétursdóttir	Háskóli Íslands	gydap@hi.is
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson	Háskóli Íslands	gylfidal@hi.is
Gylfi Magnússon	Háskóli Íslands	gylfimag@hi.is
Hafsteinn Þór Hauksson	Háskóli Íslands	vas@hi.is
Halldór Sigurður Guðmundsson	Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild	halldorg@hi.is
Hamadou Boiro	Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP)	hboiro@gmail.com
Haraldur Daði Ragnarsson	Háskólinn á Bifröst	haraldurr@bifrost.is
Haukur Logi Karlsson	Háskóli Íslands	hlk@hi.is
Heiður Ósk Pétursdóttir	Háskólinn á Bifröst	heidurp19@bifrost.is
Helga Kolbrún Magnúsdóttir	Eir hjúkrunarheimili	helgakolbrun@gmail.com
Helga Ögmundardóttir	Háskóli Íslands	helgaog@hi.is
Helgi Gunnlaugsson	Háskóli Íslands	helgigun@hi.is
Helgi Tómasson	Háskóli Íslands	helgito@hi.is
Hervör Alma Árnadóttir	Háskóli Íslands	hervora@hi.is
Hjördís Harðardóttir	Háskóli Íslands	hjordish@hi.is
Hjördís Sigursteinsdóttir	Háskólinn á Akureyri	hjordis@unak.is
Hlédís Maren Guðmundsdóttir	Háskóli Íslands	hmg31@hi.is
Ingibjörg Jónsdóttir Kolka	Háskóli Íslands	ijk@hi.is
Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir	Háskóli Íslands	ilo@hi.is
Ingibjörg Sigurðardóttir	Háskólinn á Hólum	inga@holar.is
Ingólfur Gíslason	Háskóli Íslands	ivg@hi.is
Johan Jarl	Lund University	johan.jarl@med.lu.se
Jon Edmund Bollom	Háskóli Íslands	jeb13@hi.is
Jón Gunnar Bernburg	Háskóli Íslands	bernburg@hi.is
Jón Ingvar Kjaran	Háskóli Íslands	jik@hi.is
Jón Jónsson	Rannsóknasetur HÍ á Ströndum, Þjóð- fræðistofa	jonjonsson@hi.is
Jón Snorri Snorrason	Háskólinn á Bifröst	jonsnorri@bifrost.is
Jón Þór Pétursson	Háskóli Íslands	jonthorp@hi.is
Jónas Orri Jónasson	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	jonas@lrh.is
Jónína Einarsdóttir	Háskóli Íslands	je@hi.is
Kari Kristinsson	Háskóli Íslands	karik@hi.is
Karl Aspelund	Háskóli Íslands	koaspelund@gmail.com
Karl Friðriksson	Háskóli Íslands	karl@framtidarsetur.is
Katla Kjartansdóttir	Háskóli Íslands	katlak@hi.is
Kári Hólmar Ragnarsson	Háskóli Íslands	khr@hi.is
Kjartan Ólafsson		kjartanhon@gmail.com
Kolbeinn Stefánsson	Háskóli Íslands	kolbeinn@hi.is
Kristinn Schram	Háskóli Íslands	khschram@hi.is
Kristín Dýrfjörð	Háskólinn á Akureyri	dyr@unak.is
Kristín Eiríksdóttir	KE Ráðgjöf	kristin.eiriksdottir@ icloud.com
Kristín I. Pálsdóttir	Rótin	kristin@rotin.is


Kristjana Baldursdóttir	Háskóli Íslands	krb10@hi.is
Kristján Ketill Stefánsson	Háskóli Íslands	kristjan@hi.is
Kristján Þór Sigurðsson	Háskóli Íslands	kths@hi.is
Lara Johannsdóttir	Háskóli Íslands	laraj@hi.is
Lars Lundsten	University of Helsinki	lars.lundsten@helsinki.fi
Laufey Axelsdóttir	Háskóli Íslands	laa@hi.is
Laufey Haraldsdóttir	Háskólinn á Hólum	laufey@holar.is
Lilja Karen Kjartansdóttir	Háskóli Íslands	lkk4@hi.is
Line Melbøe	UIT - Arctic University of Norway	line.melboe@uit.no
Magdalena Falter	Háskóli Íslands	maf29@hi.is
Magnus Skjöld	Háskólinn á Bifröst	magnus@bifrost.is
Magnús Haukur Ásgeirsson	Háskóli Íslands	mha@hi.is
Magnús Torfason	Háskóli Íslands	torfason@hi.is
Marcello Milanezi	Háskóli Íslands	mam92@hi.is
Marco Solimene	Háskóli Íslands	solimene@hi.is
Margaret Johnson	Háskóli Íslands	maj32@hi.is
Margrét Valdimarsdóttir	Háskólinn á Akureyri	margretva@hi.is
María Óskarsdóttir	Háskólinn í Reykjavík	mariaoskars@ru.is
Marta María Skúladóttir	Háskóli Íslands, Vöskiptafræðideild	martamarias@gmail.com
Martin Nordin	Lund University	Martin.Nordin@agrifood.lu.se
Mauricio Latapí	Háskóli Íslands	malatapi@hi.is
Maya Staub	Varða rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins	mas32@hi.is/maya@rannvinn.is
Már Wolfgang Mixa	Háskóli Íslands	mwm@hi.is
Mohammad Naeimi	Háskóli Íslands	mohammad@hi.is
Natalie Riley	Háskóli Íslands	Ner2@hi.is
Nidia Guadalupe Lopez Flores	Háskólinn í Reykjavík	nidia20@ru.is
Njörður Sigurjónsson	Háskólinn á Bifröst	njordur@bifrost.is
Oladele Olatunya	Ekiti State University	ladeletunya@yahoo.com
Osamagbe Asemota	University of Calabar Teaching Hospital	samsie10@gmail.com
Ólafur Rastrick	Háskóli Íslands	rastrick@hi.is
Ómar Kristmundsson	Háskóli Íslands	omarhk@hi.is
Paul McNamee	University of Aberdeen	p.mcnamee@abdn.ac.uk
Páll Ingi Jóhannesson	Háskólinn á Bifröst	pallj21@bifrost.is
Ragna Kemp Haraldsdóttir	Háskóli Íslands	rh@hi.is
Ragnar Vilhjálmsson	Háskólinn á Bifröst	ragnarmar@bifrost.is
Ragnheiður Maísól Sturludóttir	Háskóli Íslands	rms17@hi.is
Rannveig Ólafsdóttir	Háskóli Íslands	ranny@hi.is
Runólfur Smári Steinþórsson	Háskóli Íslands	rsmari@hi.is
Shanti Raman	South Western Sidney Local Health District	shanti.raman@health.nsw.gov.au
Sigríður Finnbogadóttir	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar	sigridur.finnbogadottir@reykjavik.is
Sigrún Ellertsdóttir	Háskólinn á Bifröst	sigrunel20@bifrost.is
Sigrún Gunnarsdóttir	Háskóli Íslands	sigrungu@hi.is
Sigrún Harðardóttir	Háskóli Íslands	sighar@hi.is
Sigrún Lilja Einarsdóttir	Háskólinn á Bifröst	sigrunlilja@bifrost.is
Sigrún Ólafsdóttir	Háskóli Íslands	sigruno@hi.is
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Háskóli Íslands	sigurbjorg@hi.is

Sigurður Guðjónsson	Háskóli Íslands	siggig@hi.is
Sigurður Jóhannesson	Hagfræðistofnun	sjz@hi.is
Sigurður Kristinsson	Háskólinn á Akureyri	sigkr@unak.is
Sigurjón Baldur Hafsteinsson	Háskóli Íslands	sbh@hi.is
Sigurlaug Dagsdóttir	Háskóli Íslands	sid3@hi.is
Sigurveig H Sigurðardóttir	Háskóli Íslands	sighsig@hi.is
Snjólaug G Jóhannesdóttir	Háskóli Íslands	sgj@hi.is
Soffía Valdimarsdóttir	Háskóli Íslands	soffiav@hi.is
Stefan C. Hardonk	Háskóli Íslands	hardonk@hi.is
Stefan Wendt	Háskólinn á Bifröst	stefanwendt@bifrost.is
Stella Stefánsdóttir	Háskóli Íslands	stellastefansdottir@hotmail.com
Sunna Símonardóttir	Háskóli Íslands	sunnaks@hi.is
Svala Guðmundsdóttir	Háskóli Íslands	svala@hi.is
Svanborg R. Jónsdóttir	Háskóli Íslands	svanjons@hi.is
Svava Pétursdóttir	Háskóli Íslands	svavap@hi.is
Svava Þorsteinsdóttir	Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum- Þjóðfræðistofa	á svava21@hi.is
Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir	Háskóli Íslands	shh42@hi.is
Sveinn Guðmundsson	Háskóli Íslands	sveinn@hi.is
Thelma Rut Elíasdóttir	Háskóli Íslands	tre3@hi.is
Thorey S Thorisdottir	Háskóli Íslands	thth52@hi.is
Throstur Olaf Sigurjonsson	Háskóli Íslands	olaf@hi.is
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir	Háskóli Íslands	ta@hi.is
Ulf-G Gerdtham	Lund University	ulf.gerdtham@med.lu.se
Unnar Theodorsson	Háskóli Íslands	uft1@hi.is
Unnur María Harðardóttir	Háskóli Íslands, Vöskiptafræðideild	umh4@hi.is
Úlfar Ragnarsson	Háskóli Íslands, Vöskiptafræðideild	ulfar.ragnars@outlook.com
Valdimar Tr. Hafstein	Háskóli Íslands	vth@hi.is
Vera Vilhjálmsdóttir	Rannsóknamiðstöð ferðamála	verav@rmf.is
Verena Karlsdóttir	Háskólinn á Akureyri	verena@unak.is
Viðar Halldórsson	Háskóli Íslands	vidarh@hi.is
Vitalína Ostimchuk	Háskóli Íslands	vio11@hi.is
Þorgerður Einarsdóttir	Háskóli Íslands	the@hi.is
Þóra Björnsdóttir	Háskóli Íslands	thb19@hi.is
Þóra H. Christiansen	Háskóli Íslands	thc@hi.is
Þóra Lind Halldórsdóttir	Háskóli Íslands	thoralindh@gmail.com
Þórður Kristinsson	Háskóli Íslands	thk96@hi.is
Þórhallur Guðlaugsson	Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild	th@hi.is
Þórhildur Ólafsdóttir	Háskóli Íslands	thorhild@gmail.com
Þóroddur Bjarnason	Háskóli Íslands	thoroddur@hi.is
Þuríður Jóna Jóhannsdóttir	Háskóli Íslands	thuridur@hi.is


Byggingar og stofur HÍ



Lögberg (L)



Háskólatorg (HT)



Oddi (O)

